14

Of mörg sýni með of mikla seigju

20–21

Ekkert vegan er til sem ekki hefur áhrif á dýralíf

26

Fjölmörg tækifæri í boði fyrir unga bændur

Bændablaðið

21. tölublað 2019 • Fimmtudagur 7. nóvember • Blað nr. 550 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hafberg Þórisson, garðyrkjubóndi í Lambhaga í Reykjavík, er afar ósáttur við áform Orkuveitu Reykjavíkur um að hækka til hans verð á heitu vatni um 97% um áramótin. Á innfelldu myndinni má sjá að Hafberg lætur ekki deigan síga þótt hann þurfi mögulega að loka starfsemi sinni í Reykjavík og er þegar kominn af stað með gríðarmikla uppbyggingu í Mosfellsdal. Mynd / HKr.

Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi er óhress með stefnu Orkuveitu Reykjavíkur í verðlagningu á heitu vatni:

Íhugar að loka gróðrarstöðinni Lambhaga í Reykjavík vegna stórhækkana á heitu vatni

– Skoðar líka þann kost að reisa kyndistöð á svæðinu sem brennir plasti, timburkurli og kolum við háan hita

Hafberg Þórisson, aðaleigandi gróðrarstöðvarinnar Lambhaga í Úlfarsárdal í Reykjavík, segir framtíðarstöðu fyrirtækisins í höfuðborginni ekki glæsilega. Ástæðan er gríðarleg hækkun á verði hitaveituvatns frá Orkuveitu Reykjavíkur sem fyrirhuguð er um næstu áramót.

Hafberg er stór á íslenskan mælikvarða í ræktun á salati og hefur stöðugt verið að efla starfsemina ofan við Vesturlandsveginn en fyrirtækið á fjörutíu ára afmæli á þessu ári. Er hann nú með 15.000 fermetra gróðurhús á svæðinu sem óvíst er um rekstur á vegna ört hækkandi orkuverðs. Þar eru að jafnaði um 25 starfsmenn.

Segir 97% hækkun fyrirhugaða um áramótin á heitu vatni

„Það á að hækka verð á heita vatninu til mín um 97% frá 1. janúar 2020. Hérna verður verðið eftir hækkun um 120 krónur fyrir rúmmetrann á vatni, en það er 37 krónur uppi í Mosfellsdal. Við erum að nota um og yfir 100 þúsund tonn af heitu vatni í Lambhaga. Við erum að borga um 6–800 þúsund krónur á mánuði fyrir heitt vatn. Ef þessi hækkun verður um áramótin, þá fer kostnaðurinn í um 1,4 milljónir króna á mánuði, eða nærri 16,8 milljónir á ári. Síðan erum við að nota yfir 60 milljónir kílówattstunda af raforku á ári.

Ef þessi hækkun á heitavatnsverði gengur eftir er aðeins tvennt í stöðunni. Annaðhvort að starfsemin hér leggist af og flytjist annað eða að sett verði upp kyndistöð við Lambhaga sem brenni þá plasti, timburkurli og kolum við háan hita líkt og gert er í Noregi og Danmörku. Mér finnst sorglegt að borgin sé að reyna að ýta okkur í burtu með þessum hætti.“

Kostnaður við að reisa kyndistöð gæti að mati Hafbergs numið á bilinu 15 til 20 milljónir króna, þannig að hún yrði mjög fljót að borga sig upp miðað við hækkað orkuverð.

Hagkvæmt að setja upp kyndistöð sem brennir kolum, kurli og plasti

Hafberg segir að trúlega þurfi leyfi fyrir slíkum brennsluofni en honum mun fylgja skorsteinn sem líklega þarf að vera 15 til 25 metra hár. Hann segir að það sé vissulega hálf ankannalegt að þurfa að reisa kyndistöð sem brennir kolum og timburkurli í landi sem stærir sig af hreinni raforku og jarðhita. Þetta sé nú samt sú staðreynd sem blasi við honum vegna gróðasjónarmiða þeirra sem stjórni Orkuveitu Reykjavíkur. Hann segist hafa kannað með eldsneyti fyrir stöðina og nóg sé t.d. til af kolum og trjákurli í Helguvík sem búið var að safna þar upp vegna fyrirhugaðs reksturs kísilmálmverksmiðjunnar. Bendir hann á að danskir bændur hafi einmitt farið þessa leið og séu hættir að nota gas til að kynda upp sínar stöðvar.

Hafberg er þegar búinn að gera kostnaðaráætlun og finna tvo líklega framleiðendur að kyndistöð sem hugsanlega yrði sett upp í Lambhaga. Reiknar hann með að stöðin hiti loft sem dælt yrði í gegnum stokk inn í garðyrkjustöðina og að auki um 70 tonn af vatni til hitamiðlunar. Miðað við fyrirhugaða hækkun á verði á heitu vatni frá Orkuveitu Reykjavíkur, þá myndi slík kyndistöð, að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar, trúlega borga sig upp á einu og hálfu til þremur árum. Gerir Hafberg ráð fyrir að sækja um leyfi fyrir brennslustöðinni í vetur, eða um leið og teikningar liggja fyrir.

Raforkuverðið mun hærra en í Noregi, Danmörku og Hollandi

Hafberg segir að raforkuverðið hafi vissulega hækkað mikið þegar ákveðið var að skipta upp framleiðslu og flutningi á raforku að kröfu Evrópusambandsins. Þeir hafi þó sætt sig við það verð þótt það sé mun hærra en gróðrarstöðvar bæði í Noregi og Hollandi þurfi að greiða fyrir raforkuna.

Þrátt fyrir hátt orkuverð segist Hafberg vera með ódýrara salat heldur en t.d. kollegar hans í Noregi. Sýndi Hafberg blaðamanni gögn frá Noregi því til stuðnings. Segir hann að á meðan hann sé að borga um 10,40 krónur fyrir kílówattstund af raforku með flutningi séu kollegar hans í Noregi að borga ígildi um 6,30 íslenskra króna (m.v. verð í ágúst) fyrir kílówattstundina.

„Það kom til okkar í Lambhaga á dögunum viðskiptanefnd frá Hollandi þar sem m.a. var farið yfir rafmagnsverðið. Þá kom í ljós að gróðrarstöðvar í Hollandi eru að greiða örlítið lægra verð en sambærilegar stöðvar í Noregi. Í Danmörku er verðið aðeins hærra en í Noregi, eða sem svarar um 7 krónum á kílówattstund.

„Það er því algjört bull að raforkuverðið sé lágt á Íslandi. Það er athyglisvert að skoða hvar þetta háa orkuverð til okkar verður til. Það er að stórum hluta við flutning orkunnar,“ segir Hafberg Þórisson.

Hlutfall íslensks grænmetis á markaðnum er nú um 50%

Þegar skoðaðar eru tölur Hagstofu Íslands um grænmetisneysluna á Íslandi, þá var hún ríflega 22 þúsund tonn á árinu 2018. Af því voru íslenskir framleiðendur með um 52% eins og sjá má á bls. 2.

Hlutdeild íslenskra framleiðenda hefur verið að dragast verulega saman á undanförnum árum, eða úr 75% árið 2010 í 52% árið 2018. Þá er garðyrkjubændum stöðugt að fækka, m.a. vegna hækkana á orkuverði. Þetta þýðir að innflutningur á grænmeti sem hér væri hægt að rækta, mun aukast hröðum skrefum.

Skýtur þetta mjög skökku við yfirlýsingar frá stjórnvöldum, falleg orð ráðherra í garð íslensks landbúnaðar og áætlanir við að sporna við losun kolefnis út í andrúmsloftið. */HKr.*

– Sjá einnig frétt á bls. 10 um uppbyggingu garðyrkjustöðvar sem hafin er í Mosfellsdal.

FRÉTTIR

Lítið að marka umræðu um að draga úr kolefnisspori og auka neyslu á hollari og minna unninni matvöru úr nærumhverfinu:

Hlutdeild íslensks grænmetis hefur hrapað á níu árum

– Heildarneysla á fersku grænmeti minnkar stórlega þrátt fyrir vegantísku og ferðamenn, en innflutningur á unnum vörum stóreykst

Þrátt fyrir mikinn velvilja neytenda í garð íslenskra garðyrkjubænda og yfirlýsinga stjórnmálamanna um mikilvægi innlendrar grænmetisframleiðslu, þá hefur innlend grænmetisframleiðsla hrapað á níu árum. Hefur hún fallið úr því að anna 75% af eftirspurninni á innanlandsmarkaði niður í 52% samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Garðyrkjubændur hafa árum saman varað yfirvöld við að hátt orkuverð myndi leiða til samdráttar í framleiðslunni og vöruðu þeir sérstaklega við samþykkt á innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins um orkupakka 3. Vegna þeirrar tilskipunar og innleiðingu á þeim tilskipunum sem á undan komu hafa garðyrkjubændur óttast að sameiginlegur orkumarkaður Evrópu muni enn frekar þvinga upp orkuverð á Íslandi. Það muni eyða út mögulegu forskoti vegna hagkvæmrar orkuframleiðslu á Íslandi. Tók formaður Sambands garðyrkjubænda svo djúpt í árinni að segja að þetta gæti leitt til þess að ylrækt legðist af á Íslandi. Virðist sem tölur Hagstofu Íslands styðji þessar áhyggjur garðyrkjubænda.

Rúmlega 7.000 tonna samdráttur í framleiðslu á 9 árum

Þegar skoðuð eru gögn Hagstofu Íslands frá 2010 er ekki annað að sjá en að áhyggjur garðyrkjubænda lýsi raunveruleika sem er grafalvarlegur. Á árinu 2010 framleiddu íslenskir garðyrkjubændur 18.732 tonn og 212 kíló af grænmeti. Sú framleiðsla annaði þá um 75% af eftirspurn á innanlandsmarkaði sem var í heild um 24.976,3 tonn.

Þarna er um að ræða framleiðslu á tómötum, gúrkum, papriku, blómkáli, gulrótum, hvítkáli, kínakáli, spergilkáli, gulrófum, salati, kartöflum og sveppum. Þá er ekki inni í myndinni framleiðsla á jarðarberjum og öðrum berjum sem hefur verið í afar harðri samkeppni við innflutning.

Síðan hefur stöðugt hallað undan fæti og var markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu komin niður í 52% árið 2018, eða í um 11.628,2 tonn. Hafði framleiðsla íslenskra garðyrkjubænda því dregist saman um rúmlega 7.104 tonn frá árinu 2010, en heildarneyslan á fyrrnefndu grænmeti hafði þá dregist saman um rúmlega 2.614 tonn frá árinu 2010.

Ferðamenn og veganfólk hefur ekki aukið neyslu á fersku íslensku grænmeti

Mikil umræða hefur verið um vaxandi ferðamannastraum til Íslands á undanförnum árum sem og vaxandi áhuga fyrir veganfæði. Miðað við tölur Hagstofu Íslands hefur hvorki vaxandi fjöldi ferðamanna né veganfólkið verið að borða hefðbundið ferskt grænmeti svo neinu nemi. Skýringuna kann hins vegar að vera að leita í neyslu þessara hópa á matvælum framleiddum úr hveiti, eins og pasta og pitsum sem og neyslu á baunum af ýmsum tegundum. Baunir eru t.d. oft uppistaðan í veganfæði og kemur ekki fram í þessum samanburðartölum Hagstofunnar, enda eru baunir ekki framleiddar á Íslandi.



Innflutningur á unnum kornvörum og á „vörðu“ grænmeti hefur stóraukist

Þegar skoðuð eru gögn Hagstofunnar um innflutning á hveiti og öðru kornmjöli hefur hins vegar verið um verulegan samdrátt að ræða frá 2010, eða úr samtals 11.783 tonnum í 5.908 tonn. Munar þar mestu um samdrátt í innflutningi á öðru kornmjöli en hveiti sem hefur hrapað úr 6.260 tonnum árið 2010 í tæp 479 tonn árið 2018.

Innflutningur á vörum úr korni, mjöli og sterkju hefur aftur á móti aukist verulega, en þar er m.a. um pasta og slíkar vörur að ræða. Hefur hann aukist úr tæpum 15.615 tonnum 2010 í tæp 22.301 tonn árið 2018. Þá hefur innflutningur á grænmeti sem varið er skemmdum, þ.e. frystu, niðursoðnu og þurrkuðu, aukist umtalsvert, eða úr 6.604 tonnum í rúm 9.919 tonn. Einnig hefur innflutningur á olíuríkum fræjum og aldinum aukist verulega, eða úr rúmum 1.351 tonni í rúm 2.358 tonn.

Þetta sýnir að innflutningur á unnum vörum úr hveiti, öðru korni, baunum og niðursoðnum og frystum landbúnaðarafurðum úr jurtaríkinu hefur stóraukist. Það gæti skýrst af auknum vinsældum á veganfæði. Það þýðir þá líka að fólk er að sækja í meira verksmiðjuunnið og oft dýrara hráefni til matargerðar en áður. Sú staðreynd skýtur mjög skökku við stöðugt vaxandi umræðu í þjóðfélaginu um að auka hollustu og neyslu á ferskri matvöru úr nærumhverfinu, m.a. til að minnka kolefnisfótspor vegna matarinnkaupa. */HKr.*

Oddur Gunnarsson ráðinn forstjóri Matís

Oddur Már Gunnarsson hefur verið ráðinn forstjóri Matís ohf. Hann var starfandi forstjóri Matís frá því í desember á síðast ári þegar Sveini Margeirssyni, þáverandi forstjóra, var sagt upp störfum.

Níu umsækjendur voru um stöðu forstjóra: Anna Kristín Daníelsdóttir, Berglind Ólafsdóttir, Bjarni Ó. Halldórsson, Guðmundur Stefánsson, Hrönn Ólína Jörundsdóttir, Oddur Már Gunnarsson, Richard Kristinsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Steinar Sigurðsson.

Oddur Már Gunnarsson.

Nýsköpun og verðmætaaukning

Matís er opinbert hlutafélag alfarið í eigu íslenska ríkisins. Þar er unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, matvælaöryggis og lýðheilsu; þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og verðmætaaukningu.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði nýja stjórn fyrir félagið í lok september sem er skipuð þeim Arnari Árnasyni, Drífu Kristínu Sigurðardóttur, Helgu Sigurrós Valgeirsdóttur, Sigmundi Einari Ófeigssyni, Sigrúnu Traustadóttur og Sindra Sigurðssyni, auk Hákonar Stefánssonar sem er stjórnarformaður. Hann er eini nýi stjórnarmaðurinn og kom í stað Sjafnar Sigurgísladóttur, fráfarandi stjórnarformanns. Hákon er lögmaður og stjórnarformaður CreditInfo.

Á aðalfundinum kom fram að tæplega 37 milljóna króna tap var á rekstri félagsins á síðasta ári. */smh*

Arnar Árnason, formaður LK, um nýjan búvörusamning við kúabændur:

Stærsta breytingin að festa kvótakverfið í sessi

– Loftslagsmálin verða tekin föstum tökum

„Nýtt ákvæði um að áfram verði framleiðslustýring í formi greiðslumarks er það sem ég tel einna bitastæðast við nýja samninginn og eitt af stóru málum hans. Það er stærsta breytingin frá fyrri samningi. Ég er sammála stærstum hluta kúabænda að það sé til hagsbóta fyrir greinina að nú sé búið að ákveða að kvótakerfi verði áfram við lýði í greininni,“ segir Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, LK, um nýjan endurskoðaðan búvörusamning milli ríkis og kúabænda.

Samningurinn hefur verið kynntur á fjölda funda um land allt undanfarna daga og segir Arnar fundina vel heppnaða og einkennast af málefnalegum umræðum. Kosið verður um samninginn í lok nóvember.

Fyrsta skrefið er aðgerðaáætlun

„Hitt stóra málið í samningnum snýr bæði að greininni inn á við og einnig út á við, en það eru loftslagsmálin sem nú eru tekin inn í fyrsta skipti. Við kúabændur munum taka höndum saman við ríkið og leggja okkar af mörkum til að koma þeim málum í góðan farveg,“ segir Arnar. Fyrsta skrefið er að setja niður aðgerðaáætlun, ná þurfi utan um verkefnið. „Við þurfum að átta okkur á umfangi verkefnisins, hvað við þurfum og getum gert og svo hvernig er best að standa að því.“

Arnar Árnason.

Arnar segir landbúnað hafa legið undir nokkru ámæli þegar að loftslagsumræðunni kemur og spjótum gjarnan beint að þeirri atvinnugrein og jafnvel umfram aðrar. Þar koma m.a. við sögu búpeningurinn sjálfur, landnotkun bænda og áburðarnotkun. „Við munum skoða þetta allt ofan í kjölinn því okkar vilji er að leggja okkar lóð á vogarskálarnar þannig að hlutir færist til betri vegar, með aðferðum sem raunverulega hafa gildi.“

Verði samingar samþykktir í atkvæðagreiðslu sem fram undan er stendur til að skipa starfshóp sem leggur fram tillögur í byrjun maí á næsta ári. Gerir Arnar ráð fyrir að fyrsta skrefið verði að spýta í lófana varðandi rannsóknir ýmiss konar og gagnasöfnun.

Ástæðulaus ótti

Arnar segir að kúabændur hafi vissulega viðrað þær skoðanir sínar á kynningarfundum LK undanfarið að verð á kvóta geti rokið upp úr öllu valdi. Í samningnum er gert ráð fyrir að tilboðsmarkaðir með greiðslumark verði þrisvar á ári og verða viðskipti með kvóta leyfð að nýju strax á næsta ári. Fyrirkomulagið segir Arnar vera með svipuðum hætti og í gildi var á árunum 2011 til 2016, þ.e. tilboðsmarkaður með jafnvægisverði, en það hefði gefist vel. Hann segir ótta bænda við að verð rjúki upp ástæðulausan, innbyggt í kerfið sé ákvæði, eins konar öryggisventill, sem hægt sé að grípa til ef sú staða kemur upp að verð fari yfir ákveðið hámark. Væntir Arnar þess að kúabændur standi ekki í viðskiptum með greiðslumark á verði sem þeir ráði ekki við og treystir því að svo verði. */MÞÞ*

Íslensk ullarsæng



LOPI

Gæða ull af íslensku sauðfé
létt · hlý · góð öndun · vistvæn

www.lopidraumur.is

Íslensk ull
Gæðamerki

FRÉTTIR

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin OIE varar við afleiðingum afrísku svínapestarinnar:

Búist er við að 25% af svínum heimsbyggðarinnar drepist

– Talin alvarlegasta ógn við svínaeldi sem nokkru sinni hefur sést og mesta ógnin við búfjárrækt í heiminum á okkar tímum

Forseti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) varaði við því í síðustu viku að að u.þ.b. fjórðungur svínastofna heimsins muni drepast af völdum afrísku svínapestarinnar. Sjúkdómurinn breiðist nú hratt út og virðist faraldurinn algjörlega vera kominn úr böndunum.

Mark Schipp, forseti OIE, greindi frá skelfilegri spá sinni á fréttamannafundi í Sydney í Ástralíu fimmtudaginn 31. október. Fréttastofa Assoscated Press greindi frá þessu og hafa fjölmiðlar víða um heim tekið málið upp.

Ef Schipp hefur rétt fyrir sér gæti þetta orðið mjög þungt högg fyrir svínaræktina í heiminum og leitt til mun hærra verðs á svínakjöti og hugsanlegs skorts á svínaafurðum. Þar er m.a. um að ræða blóðþynningarefnið heparíni sem unnið er úr svínaafurðum og er notað til að meðhöndla menn.

Dr. Mark Schipp, forseti OIE, lýsti skelfilegri spá á fundi í Ástralíu.

„Held að tegundin muni ekki alveg glatast“

„Ég held að tegundin sem slík muni ekki alveg glatast,“ sagði Schipp, „en það er alvarlegasta ógnin við svínaeldi sem við höfum nokkurn tíma séð. Þetta er mesta ógnin við búfjárrækt á okkar tímum,“ sagði Mark Schipp í samtali við AP.

Afríska svínapestin hefur þegar valdið gríðarlegu fjárhagstjóni og ógnar fæðuöryggi þjóða og viðskiptum víða um heim. Þá er þetta mikil áskorun fyrir áframhald svínaræktar í þeim löndum sem sjúkdómurinn hefur komið harðast niður eins og fram kemur í úttekt Alþjóðadýraheilbrigðis stofnunarinnar fyrr á þessu ári (African swine fever in wild boar ecology and biosecurity).

Schipp útskýrði á fundinum í Sidney hvernig viðskipti þvert yfir landamæri á alþjóðlegum markaði með svínakjöt kyntu undir og hröðuðu útbreiðslu svínapestarinnar. Smitað kjöt og svínaafurðir væru fluttar land úr landi þannig að mjög erfitt væri að hafa eftirlit með útbreiðslunni.

Hættan er sögð mest í Kína

Nefndi Schipp Kína sérstaklega sem mesta áhættuþáttinn í útbreiðslu veikinnar. Ástæðan er að þar er um helmingur allrar svínaræktarinnar í heiminum. Þar í landi hafa menn verið að berjast við svínapestina síðan 2018 og þurfti að fella hundruð þúsunda dýra. Þaðan hefur hún síðan borist til annarra landa. Hefur svínapestin komið upp í fjórum nágrannaríkjum Kína á þessu ári, þ.e. Mongólíu, Víetnam, Kambódíu og Hong Kong.

Alþjóðaviðskipti með svínaafurðir hafa hraðað útbreiðslu svínapestarinnar á milli heimsálfa með sýktu kjöti og öðrum afurðum. Mynd / Vietnam News

Á meðan 97% smittilfella afrísku svínapestarinnar hafi komið upp í Evrópu síðan 2018, þá hafa tiltölulega fá tilfelli komið upp í Asíu þar sem flest svínin hafa samt drepist vegna veikinnar, eða 1,7 milljónir svína, sem er 68% af heildardánartölunni á heimsvísu. Það bendir til að Kínverjar séu ekki í stakk búnir til að hemja útbreiðslu veikinnar. Sem betur fer er ekki talið að mannfólki stafi bein hætta af þessari veiki samkvæmt fregnum OIE, en um leið er sagt að engin lyf séu enn á boðstólum til að berjast við veikina. Bændur geta greint veikina af blæðingum í húð dýranna, þyngdartapi og öndunarerfiðleikum. */HKr.*

Ráðstefna um neyslubreytingar og matvælaframleiðslu:

Um 0,9 prósent eru vegan

– samkvæmt nýlegri neyslukönnun Gallup

Matvælalandið Ísland og Landbúnaðarklasinn stóðu fyrir ráðstefnu á Hótel Sögu á þriðjudaginn um neyslubreytingar og áhrif þeirra á matvælaframleiðslu. Friðrik Björnsson, viðskiptastjóri hjá Gallup, greindi frá nýlegri neyslu- og lífsstílskönnun í fyrirlestri sínum þar sem hann upplýsti um stöðu mála varðandi neysluvenjur Íslendinga. Þar kom fram að 0,9 prósent landsmanna, 18 ára og eldri segjast vera vegan (neyta engra dýraafurða).

Ráðstefnan var vel sótt, en um 100 ráðstefnugestir komu í Bændahöllina til að hlusta á umræður um hvernig framtíð matvælaframleiðslu á Íslandi gæti orðið á næstu árum og áratugum í ljósi fyrirsjáanlegra neyslubreytinga og tækniframfara.

Upptökur fljótlega aðgengilegar

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vef Bændasamtaka Íslands (bondi.is) og þar verða fljótlega upptökur aðgengilegar af erindum hennar.

Frekar verður fjalllað um ráðstefnuna í næsta Bændablaði.

Landbúnaðarklasinn er samstarfsnet þeirra sem starfa í landbúnaði og tengdum greinum.

Matvælalandið Ísland er samstarfsvettvangur aðila sem starfa í matvælageiranum.

Innan þess eru Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Íslandsstofa, Matís, Samtök ferðaþjónustunnar, Háskóli Íslands og Matarauður Íslands. */smh*

Stofnfundur Samtaka smáframleiðenda matvæla:

Áhersla á innlent hráefni

– Karen Jónsdóttir frá Kaju fyrsti formaðurinn

Stofnfundur Samtaka smáframleiðenda matvæla var haldinn á Hótel Sögu þriðjudaginn 5. nóvember. Formaður samtakanna er Karen Jónsdóttir, eigandi Kaja organic, Matarbúrs Kaju og Café Kaja á Akranesi.

Í stjórn með Karen eru þau Guðný Harðardóttir, frá Breiðdalsbita, Svava Hrönn Guðmundsdóttir, frá Sælkerasinnepi Svövu, Þórhildur M. Jónsdóttir, frá Kokkhúsi og Vörusmiðju BioPol og Þröstur Heiðar Erlingsson, frá Birkihlíð Kjötvinnslu.

Í samþykktum samtakanna kemur fram að til að teljast smáframleiðandi verður viðkomandi að vera innan marka í tveimur af þremur eftirfarandi atriðum: heildareignir undir hundrað milljónum króna, hrein velta undir hundrað milljónum króna og meðalfjölda ársverka á fjárhagsárinu 10.

Stuðla að öflugra samstarfi

Markmið samtakanna er að stuðla að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt. Einnig að stuðla að kraftmikilli nýsköpun og fjölbreyttu úrvali hágæða matvæla, þar sem áhersla er á notkun innlendra hráefna, aukinn fjölbreytileika og verðmætasköpun, þróun nýrra og verðmætari vara og þjónustu úr vannýttum hráefnum, að draga úr kolefnisspori, auka sjálfbærni og fjölga atvinnutækifærum.

Tilgangur samtakanna er að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða, þar með talið er varðar vöxt og aðgengi að mörkuðum, lágmörkun kolefnisspors og samfélagslegum áhrifum starfsemi þeirra. Koma sjónarmiðum og hagsmunamálum félagsmanna á framfæri, vinna að því að starfsumhverfi og löggjöf utan um smáframleiðendur gefi þeim færi á að blómstra, leiðbeina félagsmönnum varðandi ráðgjöf og stuðning, skipuleggja viðburði, kynna félagsmenn og það úrval sem í boði er.

Guðrún Hafsteinsdóttir, Þröstur Heiðar Erlingsson, Guðný Harðardóttir, Svava Hrönn Guðmundsdóttir og Þórhildur M. Jónsdóttir. Mynd / TB

Á fundinum voru félagsgjöld samþykkt; árgjald verður tíu þúsund krónur og aukaaðild fimm þúsund krónur, sem er fyrir þá aðila sem ekki þiggja þjónustu samtakanna en styðja tilgang og markmið þeirra.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, stýrði stofnfundinum en full aðild að Samtökum smáframleiðenda matvæla felur í sér aðild að Samtökum iðnaðarins og í gegnum þau Samtökum atvinnulífsins.

Smáframleiðendurnir sem sitja í stjórn:

Guðný Harðardóttir - Breiðdalsbiti
Sauðfjárbóndi í húð og hár, fyrrum ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og stofnandi Breiðdalsbita, sem framleiðir vörur úr sauðfjárafurðum Breiðdalsins ásamt því að vera á fullu í þróun vara. Er búin að fara í gegnum ferlið að stofna matvælavinnslu ásamt því að sækja um styrki við stofnun hennar.

Karen Jónsdottir - Kaja organic ehf heildsala, Matarbúr Kaju / Café Kaja
Karen hefur starfað sem framleiðandi lífrænna matvæla í tvö ár. Kaja leggur áherslu á að framleiða fyrir jaðarhópa eins og glútenlaust, vegan, ketó og grænmetisætur. Notað er íslenskt lífrænt hráefni eins og kostur er.

Svava Hrönn Guðmundsdóttir - Sælkerasinnep Svövu
Stofnaði og rekur fyrirtækið Sólakur ehf., sem framleiðir sinnep. Svava Hrönn vann í apótekum sem lyfjafræðingur/lyfsöluleyfishafi og sem sölufulltrúi/deildarstjóri í lyfjainnflutningsfyrirtæki.

Þórhildur M Jónsdóttir - @ Kokkhús og Vörusmiðja BioPol
Þórhildur stofnaði fyrirtækið Kokkhús sem framleiðir heitreykta bleikju. Hún er menntaður matreiðslumeistari og ferðamálafræðingur og starfar sem verkefnastjóri Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd. Þar er verkefnið hennar að styðja smáframleiðendur í þróun og framleiðslu.

Þröstur Heiðar Erlingsson - Birkihlíð Kjötvinnsla
Þröstur er sauðfjár- og kúabóndi í Skagafirði. Stofnaði kjötvinnsluna Birkihlíð – kjötvinnsla Brjálaða gimbrin þar sem kjöt frá bænum er unnið. */smh*

SÉRFRÆÐINGARNIR AÐ SUNNAN

VELJA LÍKA KROON OIL

Hágæða varahlutir

Bremsuhlutir

Gæðaolíur

KROON OIL

Varta rafgeymar

Brenderup kerrur

7 verslanir um land allt Sími 535 9000

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Einfeldningsskapur

Íslendingar hafa alla tíð staðið frammi fyrir fjölmörgum áskorunum sem þjóð. Í eigin vesöld hefur þjóðin á tímum glataðeigin tilverugrunni í hendur erlends valds sem sá tækifæri til að efnast á kostnað þessarar ósjálfbjarga örþjóðar.

Stöðugt er vegið að sjálfstæði Íslendinga með margvíslegum hætti. Þar nýta erlendir fjármagnseigendur sér óspart, eins og oft áður, einfeldningsskap og vesæld þessarar eyþjóðar, sem af heimóttarskap þorir ekki alltaf að standa í eigin lappir þegar á reynir. Þjóð sem kiknar í hjáliðunum þegar erlendir valdsmenn og auðjöfrar í fínum fötum stíga þóttafullir út úr sínum einkaþotum á íslenskri grund. Veifa seðlum með loforðum sem oft er ekkert byggjandi á.

Ef litið er yfir söguna mætti halda að á þessari eyju í miðju Atlantshafi hafi alla tíð búið fólk sem hefur unun af sjálfspíningu og bakkar hvað annað upp í endalausri meðvirkni og heimóttarskap. Allavega hefur þjóðin hvað eftir annað glatað fjárhagslegu sjálfstæði sínu í hendur Norðmanna, Hansakaupmanna, Englendinga og Dana. Kannski má segja að þjóðin hafi ekki átt annað skilið því ekki hafði hún mátt, þekkingu eða getu til að nýta þá kosti landsins sem aðrir töldu sig geta nýtt. Frekar drápust menn t.d. úr sulti en að nýta sér síldina sem fyllti hér flóa og firði, af því að hún var ekki talin mannamatur eins og þorskur eða ýsa. Það var ekki fyrr en Norðmenn komu og fóru að veiða þetta silfur hafsins um aldamótin 1900 að Íslendingar kveiktu loks á perunni. Hvalalýsi var líka nýtt á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu með gengdarlausum hvalveiðum hér við land og þá auðvitað af erlendum peningamönnum sem græddu vel. Englendingar, Þjóðverjar, Belgar, Frakkar, Spánverjar, Portúgalir, Rússar og fleiri þjóðir nýttu hér fiskimið upp í landsteina langt fram á tuttugustu öld og Íslendingar horfðu máttvana á úr landi.

Í dag horfa menn á erlenda auðmenn kaupa hér upp jarðir í tugatali án þess að stjórnvöld hafi fram að þessu haft rænu á því fyrir hönd þjóðarinnar að spyrna við fótum. Gildir þá einu þótt bent hafi verið á að frændþjóð okkar og fyrrum drottnarar í Danaveldi láti ekki sína meintu vini vaða svo yfir sig á skítugum skónum.

Bújarðir og eyðijarðir með dýrmætum vatnsréttindum hafa verið keyptar upp undir því yfirskini að það sé til að vernda lax. Þegar þeim peningamönnum þótti gagnrýn umræða orðin óþægileg var peningadúsu stungið upp í fólk hér og þar sem og ríkisstofnanir, með fagurgala um falleg áform.

Fjármálaviðskipti snjallra peningamanna snúast hins vegar alltaf um að hámarka afrakstur. Þegar gróðasjónarmiðin verða ofan á, þá er fagurgala og fögrum loforðum þráfaldlega sturtað niður í klósettið.

Nú hafa Íslendingar lagst marflatir fyrir fjármálaséníum í orkumálum og galopnað allar dyr fyrir slíkum snillingum. Enda agendar þeirra víða með áhrif í kerfinu. Íslendingar eru svo plataðir til að taka þátt í subbulegum blekkingum með sölu aflátsbréfa til að gera erlendum orkusóðum kleift að halda áfram að menga andrúmsloftið. Á sama tíma látum við plata okkur til að borga kolefnisskatt til að kaupa rándýrt „lífeldsneyti“ af erlendum olíufurstum samkvæmt opinberu regluverki um íblöndun sem samið var af hagsmunaaðilum. Það gerir svo ekki annað en að auka eyðslu ökutækja svo þeir græði enn meira.

Þannig er stanslaust vaðið yfir þessa þjóð á skítugum bomsum manna sem stikað hafa yfir heimsbyggðina og nýtt sér einfeldni og eymd annarra. Það er samt ekki við þetta fólk að sakast að við látum slíkt viðgangast, heldur getum við engu öðru um kennt en okkar eigin heimsku. */HKr.*

Markmiðið er að ná meiri slagkrafti

Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is

Formannafundur BÍ var haldinn 24.–25. október síðastliðinn. Fyrri daginn voru félagsmálin rædd en félagskerfisnefndin sem Búnaðarþing 2018 skipaði kynnti starf sitt og þær hugmyndir sem hún hefur unnið að síðustu mánuði. Talsverðar umræður sköpuðust um tillögurnar og voru fulltrúar félaganna hvattir til að fá kynningu fyrir félagsmenn sína og ræða sín viðhorf til hugmyndanna. Nefndin er tilbúin að fara og heimsækja bændur, kynna tillögur sínar í aðildarfélögunum og fá ábendingar. Þetta er að sjálfsögðu félagskerfið okkar allra sem er til umræðu og því afar mikilvægt að sem flestir komi að og taki þátt í vinnunni. Betur sjá augu en auga.

Fulltrúar allra aðildarfélaga Bændasamtakanna mættu til formannafundar á dögunum. Mynd /TB

Við þurfum öflugt og skilvirkt félagskerfi

Tillaga félagskerfisnefndarinnar verður í vinnslu næstu mánuði en hún verður síðan tekin til afgreiðslu á Búnaðarþingi í mars. Mikilvægt er að sem flestir kynni sér vel þær hugmyndir og fái nefndina til að fara yfir málin heima í héraði. Markmiðið er að gera félagskerfið öflugra og skilvirkara til að við getum náð meiri slagkrafti í hagsmunabaráttu bænda. Af því veitir sannarlega ekki og þar verða menn að horfa á hagsmuni heildarinnar en ekki festast í þrengri hagsmunum. Bændur hafa hvorki tíma né efni á að standa sundraðir á þeim tímum sem nú eru uppi. Ég hvet alla til að setja sig inn í þessi mál og láta sig þau varða. Til þess að vel takist til þurfum við að skipuleggja saman hvernig við viljum hafa hagsmunasamtök bænda til að þau verði sem sterkust og öflugust. Um það snýst málið.

Vaxandi þungi í loftslagsmálum

Umhverfis- og loftslagsmál voru umræðuefni síðari dagsins en umhverfisnefndin kynnti stöðu við gerð umhverfisstefnu landbúnaðarins. Markmiðið með henni er að setja fram heildstæða stefnu í landbúnaðarmálum þar sem sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi og landbúnaðurinn setji sér skýra og markmiðasetta stefnu í umhverfismálum til næstu ára. Umhverfismálin eru bændum hugleikin og miklar og góðar umræður spunnust í kjölfar kynningarinnar. Nefndin stefnir á að senda drög til kynningar í aðildarfélögunum þannig að félagsmenn geti allir kynnt sér stefnuna og komið með ábendingar. Stefnt er að því að afgreiða nýja umhverfisstefnu á Búnaðarþingi í mars nk. Þetta er ekki síður mikilvægt fyrir landbúnaðinn og ég hvet félagsmenn sem þetta varðar til að taka þátt í umfjöllun í sínum aðildarfélögum þegar að henni kemur.

Náum samhljómi um það hvert við ætlum

Í umfjöllun um loftslagsmál og sér í lagi um losun kolefnis ber skýrslum eða sérfræðingum ekki alltaf saman, sérstaklega hvað varðar losun frá landi. Hvernig landbúnaðurinn tekst á við áskoranir í loftslagsmálum hlýtur að þurfa að byggja á rannsóknum sem gefa sem skýrasta mynd af raunverulegri losun við íslenskar aðstæður. Við búum ekki yfir nægilega góðum gögnum í dag og um leið og við grípum til aðgerða þurfum við líka að bæta gögnin. Með betri gögnum verður miklu sterkari grundvöllur fyrir stærri aðgerðum á þessu sviði, en það er algerlega nauðsynlegt að við náum betri samstöðu um hvar við erum til að geta orðið sammála um hvert við ætlum.

Endurskoðaður nautgripasamningur

Þann 25. október síðastliðinn var samkomulag um starfsskilyrði nautgriparæktar undirritað sem er fagnaðarefni. Samninganefndir bænda og ríkis hafa unnið að samkomulaginu frá því í apríl. Meginbreytingin er að viðskipti með greiðslumark verða heimiluð að nýju. Þau munu fara fram á markaði með jafnvægisverði sem er sama fyrirkomulag og gilti frá 2010–2016. Kynningarfundir hafa staðið yfir á haustfundum Landssambands kúabænda en næstkomandi mánudag verður boðið upp á rafrænan kynningarfund sem er lokakynning á samningunum en um hann má lesa nánar hér í blaðinu á bls. 24. Þar geta bændur komið með fyrirspurnir en mikilvægt er að menn kynni sér samninginn vel. Um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu er einnig fjallað hér í blaðinu en við hvetjum alla nautgripabændur til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Allir þeir sem eru í nautgriparækt og eru aðilar að BÍ og eða LK eiga atkvæðisrétt en atkvæðisgreiðsla verður rafræn og krefst rafrænna skilríkja. Kosið verður með sama kerfi og gert var um endurskoðaðan sauðfjársamning fyrr á þessu ári.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Hlíðarvatn í Hnappadal á Snæfellsnesi norðan Gullborgarhrauns. Vatnið tilheyrir þremur bæjum sem land eiga að því; Heggsstöðum, Hallkelsstaðahlíð og Hraunholtum. Vatnið er 4,4 ferkílómetrar að stærð og 21 metri þar sem það er dýpst. Úr Hlíðarvatni fellur hin þekkta laxveiði á Haffjarðará, en í sjálfu vatninu er góð silungsveiði. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Landbúnaðarsýningin Hey bóndi

Um 1.200 manns gerðu sér glaðan dag á landbúnaðarsýningunni Hey bóndi sem haldin var í Hvolnum á Hvolsvelli síðastliðinn laugardag. Viðburðurinn var haldinn að frumkvæði Fóðurblöndunnar sem heldur sýninguna á tveggja ára fresti, nú í þriðja sinn.

Á sýningunni kynntu fjölmörg fyrirtæki innan landbúnaðarins starfsemi sína auk þess sem boðið var upp á fjölbreytta og fróðlega fyrirlestra allan daginn. Fyrir utan Hvolinn var glæsileg tækjasýning sem vakti mikla athygli.

Fleiri myndir af sýningunni er að finna á vefsíðu Bændablaðsins, www.bbl.is

Kátir bændur mættu í Hvolinn á landbúnaðarsýninguna Hey bóndi. Myndir & texti / MHH & TB

Eyjólfur Pétur Pálmason hjá Vélfangi stóð vaktina á útisvæði.

Hrönn Jónsdóttir, verslunarstjóri hjá Fóðurblöndunni á Selfossi.

Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður BÍ, og Finnbogi Magnússon í Jötunn vélum stungu saman nefjum.

Guðni Ágústsson, fyrrverandi land-búnaðarráðherra, skálaði fyrir sýningunni og gestum hennar.

Starfsmenn Fóðurblöndunnar mega vera stoltir af hátíðinni sinni „Hey bóndi“. Á myndinni eru, frá vinstri, Erling Valur Friðriksson, Stefanía Gunnardóttir og Eyjólfur Sigurðsson.

Pétur Pétursson, starfsmaður Fóðurblöndunnar, bar hitann og þungann af skipulagningu Hey bóndi líkt og fyrri ár.

Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Bændasamtökunum, fræddi gesti um starfsemi samtakanna og spjallaði við bændur.

Hundur í óskilum skemmti gestum með sínu lagi og Hjörleifur Hjartarson söng af miklum móð.

Þessir þrír félagar kunnu vel að meta vöfflur með sultu og íslenskum rjóma.

Frumkvöðlar í matvælageiranum mættu á svæðið og kynntu sínar vörur. Þórgnýr Thoroddsen hjá Álfi brugghúsi gaf gestum sýningarinnar bjórsmakk og Berglind Hilmarsdóttir hjá Landbúnaðarklasanum kynnti starfsemi hans.

MÆLT AF MUNNI FRAM

237

Mér barst á dögunum ljóðabók eftir **Kristbjörgu Freydísi Steingrímsdóttur, Boggu í Hrauni í Aðaldal**. Hér er á ferðinni mikil gersemisgerð. Kristbjörg var og er mikilvirkur hagyrðingur, en hún er líka skáld eins og ættmenni hennar mörg. Föður hennar þarf ekki að kynna, **Steingrím Baldvinsson**, skáldbónda í Nesi í Aðaldal. Bogga var og er ugglaust afar virk á vísnavefnum „Leir“, og góður liðsmaður í hagyrðingahópnum Kveðanda sem lifir og starfar í Suður-Þingeyjarsýslu. Óhætt er að mæla með þessari ljóðabók Boggu við lesendur, og eru næstu ferskeytlur þáttarins fengnar úr ljóðabók Kristbjargar, „Döggslóð í grasi“:

Ekki er glóðin ennþá dauð,
yfir sjóðnum vökum,
smáa þjóðin erfðaauð
á í góðum stökum.

Og ótal fleiri hringhendur á **Bogga** í pússi sínu:

Áfram streymir stuðlamálið,
stefjahreimur tær,
ýmist geymist eða bálið
orðaseiminn fær.

Óði snjöllum orðin vanda,
er það köllun flestra,
jafnvel öll í stuðlum standa
sterkleg fjöllin vestra.

Og síðan enn meiri dýrleiki:

Enn er tíð við alla blíð
engum stríðir hríðin,
auð hinn fríða fjallahlíð
færis bíða skíðin.

Mikla myndauðgi er að finna í mörgum vísum **Boggu**:

Kertaljóssins ljúfa skin
lýsir myrkrið svarta,
líkt og koss frá kærum vin
kveikir gleði í hjarta.

Þar sem logar ljós á kveik
loka ei með þjósti,
það er eins og vonin veik
viðkvæmt fyrir gjósti.

Í ljóðinu „Ritdómur“ sýnir **Bogga** skáldlega hæfileika sína:

Hann sagði: Ég hefi séð þín kvæði,
sum eru góð.
Segðu mér, hvers vegna yrkir þú aldrei
óbundin ljóð?

Ég svaraði: Formið, af fávisku minni
fyrir mér vefst,
aldrei skil ég hvar endar prósinn
og óðurinn hefst.

Ef mið væri tekið af gnótt þeirra vísna sem fæðast daglega með **Ingólfi Ómari Ármannssyni**, þá hlýtur að styttast í útgáfu á vísum hans. Blekið er tæpast þornað á þessum tveimur vísum hans:

Ungum var mér áður kennt
yfir dyggð að vaka,
þó mig stundum hafi hent
hliðarspor að taka.

Örðug þó sé ævitíð
elju lífið gaf mér,
marga villu stapp og stríð
staðið hef ég af mér.

Til að fylla þáttinn þá verður gripið til gamalla vísna úr Austur-Húnavatnssýslu. Um höfund næstu vísu veit ég fátt, en auðsætt að ágætur hagyrðingur er sá **Ingvar Hannesson** sem yrkir svo um **Kristján Arinbjarnarson**, lækni á Blönduósi:

Blönduósshéraðs brennsluspritt
bakteríum varnar.
Klínir því á kaunið mitt
Kristján Arinbjarnar.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Ný rannsókn fjölþjóðateymis vísindamanna á vegum Tækniháskólans í München:

Fækkun skordýra er miklu alvarlegri en talið var

– Um þriðjungs fækkun á einum áratug og allt að 70% fækkun sumra tegunda – Gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir landbúnað

Í nýrri rannsókn sem unnin var af fjölþjóðlegu teymi vísindamanna undir forystu sérfræðinga Tækniháskólans í München í Þýskalandi kemur fram grafalvarleg staða skordýrastofna. Hefur skordýrum á mörgum svæðum fækkað um þriðjung og sums staðar um allt að 70% á aðeins einum áratug.

Þessi þróun hefur sérstaklega átt sér stað á ræktuðu landi, en einnig er mikil fækkun í skógum og á náttúruverndarsvæðum. Orsakir hnignunar skordýra er einsleitni í ræktun og minnkandi fjölbreytileiki plöntutegunda sem er að finna á ræktarlandi í skógrækt og á náttúruverndarsvæðum.

Bændur að störfum í Þýskalandi. Mynd / Jörg Hailer, Universität Ulm



Skordýrum fækkar með ógnarhraða í Þýskalandi, Frakklandi og víðar um Evrópu. Mynd / Dr. Stefan Seibold

Hrun í fuglastofnum

Virðist þetta stemma vel við fréttir á síðasta ári af hruni í fuglastofnum sem talið er afleiðing af notkun eiturefna í landbúnaði (pesticide). Í Frakklandi einu hafa verið notuð, samkvæmt frétt Euro News, um 75 þúsund tonn á ári af gróðureyðingarefnum, sveppaeitri, skordýraeitri og fleiri efnum árlega undanfarin ár. Notkunin hefur verið um 60.000 tonn á Ítalíu og unm 40.000 tonn í Þýskalandi. Mest hefur verið notað á Spáni, eða nær 80.000 tonn. Þegar skordýrin hverfa hverfur um leið fæða fjölmargra fuglategunda. Í mars í fyrra voru m.a. fréttir í erlendum fjölmiðlum af hruni fuglastofna í Frakklandi. Þar var vitnað í fjölda rannsókna sem sýndu þriðjungs fækkun fugla á 15 árum og allt að 70–75% fækkun sumra fuglategunda. Einnig var þar talað um allt að 76% fækkun fljúgandi skordýra á 27 ára tímabili í Þýskalandi.

Þetta snýst þó ekki bara um skordýr og fugla. Nær óhjákvæmileg afleiðing þessarar þróunar hlýtur að verða sú að ræktun nytjajurta verður erfiðari sökum þess að það vantar m.a. býflugur til að frjóvga plönturnar. Það mun síðan að öllum líkindum valda keðjuverkun í ávaxtarækt, grænmetis-, kjöt-, mjólkur- og allri annarri landbúnaðarframleiðslu.

Mikil fækkun skordýra á síðustu 25 árum

Ýmsar rannsóknir hafa áður sýnt að mun færri tegundir skordýra er að finna á þýskum engjum en fyrir 25 árum. Fyrri rannsóknir beindust þó nær eingöngu að lífmassa, þ.e. heildarþyngd allra skordýra, fremur en einstakra skordýrategunda.

Vistfræðingurinn dr. Sebastian Seibold segir að mönnum hafi ekki verið eins ljóst hingað til hversu stóru hlutverki skordýrin gegna í náttúrunni.

Í viðamiklum rannsóknum á líffræðilegum fjölbreytileika kannaði fjölþjóðlegt rannsóknarteymið fjölda skordýrahópa í Brandenburg, Thuringia og Baden-Württemberg á tímabilinu 2008 til 2017. Nú hefur teymið birt greiningu sína í vísindatímaritinu „Nature“. Verkefnið var fjármagnað af þýska rannsóknarsjóðnum DFG.

Skordýr hafa áhrif bæði í graslendi og skóga

Vísindamennirnir söfnuðu meira en einni milljón skordýra á 300 stöðum. Þeir gátu sannað að mörgum af tæplega 2.700 tegundum sem rannsakaðar voru fer hnignandi. Á sumum þeirra svæða sem rannsökuð voru er ekki lengur að finna sjaldgæfar tegundir skordýra. Bæði á skógræktarsvæðum og á graslendi töldu vísindamennirnir að um þriðjungi (um 33%) færri skordýrategundir sé að finna en þar voru fyrir tíu árum.

„Fyrir rannsókn okkar var mjög óljóst hvort og að hve miklu leyti skógar hefðu orðið fyrir áhrifum af skordýraeyðingu,“ sagði Seibold.

Frá 2008 mældu þeir um 40 prósenta samdrátt í lífmassa skordýra í skógum sem þeir rannsökuðu. Á graslendi voru niðurstöðurnar enn skelfilegri. Í lok rannsóknartímabilsins hafði lífmassi skordýra minnkað niður í aðeins þriðjung af því sem áður var, sem þýðir um 70% fækkun.

Kom fullkomlega á óvart

„Samdráttur af þessari stærðargráðu á aðeins 10 ára tímabili kom okkur fullkomlega á óvart. – „Þetta er ógnvekjandi, en passar við þá mynd sem komið hefur fram í sífellt fleiri rannsóknum,“ segir Wolfgang Weisser, prófessor í vistfræði við Tækniháskólann í München, en hann er einn af frumkvöðlunum í þessu samstarfsverkefni.

Afgerandi þáttur í nánasta umhverfi

Áhrif eru mikil á allar tegundir skógar- og graslendis sem hópurinn rannsakaði. Þar var skoðað land sem nýtt er til sauðfjárbeitar. Engi og akrar sem sáð er í og slegin eru og borið á þrisvar til fjórum sinnum á ári. Skógrækt þar sem lögð er áhersla á ræktun barrskóga og jafnvel ónýttir skógar á verndarsvæðum. Vísindamennirnir greindu mesta tjónið í graslendi umhverfis stór landbúnaðarsvæði. Þar voru áhrifin mest á tegundir skordýra sem ekki geta ferðast um langan veg.

Í skógunum var skaðinn aftur á móti mestur í þeim hópi skordýra sem ferðast að jafnaði um langan veg. Þar er það spurningin um hvort skordýrum sem ferðast um langan veg sé hættara við áföllum þegar þau fara yfir ræktarsvæði. Komið hefur fram á liðnum árum að mikil notkun skordýraeiturs og gróðureyðingarefna við ræktun korns og annarra nytjajurta hafi haft alvarleg áhrif á býflugnastofna. Afar líklegt hlýtur því að teljast að aðrir skordýrastofnar verði líka fyrir barðinu á því. Telur dr. Martin Gossner að það þurfi að rannsaka betur hvort þetta sé tilfellið, eða hvort lífskjör í skógunum hafi versnað svo mjög að að þau hafi valdið stórkostlegri fækkun skordýra.

Samhæfðar aðgerðir nauðsynlegar

Viðbrögðin til að takast á við skordýramissi hafa einskorðast allt of mikið við aðgerðir á afmörkuðum svæðum án tillits til heildarinnar, að mati dr. Seibold.

„Til að takast á við þetta og stöðva fækkunina, þá benda niðurstöður okkar til að þörf sé á meiri samhæfingu aðgerða, bæði svæðisbundnum og á landsvísu.“

Ofan á þetta getur magnframleiðsla í landbúnaði eins og stunduð er í Evrópu og víðar um heim líka haft neikvæðar afleiðingar. Í rannsókn sem líffræðirannsóknarstofnunin Jena gerði á heimsvísu á tímabilinu 2002 til 2017 kom í ljós að fækkun tegunda í gróðri getur eyðilagt heilu lífkerfin. Þannig getur mjög ákveðin einræktun tegunda á endanum leitt til þess að uppskeran hrynur saman vegna niðurbrots lífkerfa í jarðvegi. */HKr.*

Úttekt Umhverfisstofnunar á tollafgreiðslu plöntuverndarvara fyrir árið 2018:

Heildarinnflutningur á illgresiseyðum eykst en magn virkra efna dregst saman

Umhverfisstofnun lauk nýverið úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara fyrir árið 2018 með hliðsjón af gögnum frá Tollstjóra og upplýsingum frá fyrirtækjum sem setja vörurnar á markað. Heildarmagnið eykst en magn virkra efna dregst saman.

Vöruflokkar sem falla undir plöntuverndarvörur eru illgresiseyðar, sveppaeyðar, skordýraeyðar og stýriefni til notkunar í landbúnaði og garðyrkju og af þeim hafa illgresiseyðar verið með mesta markaðshlutdeild, um eða yfir 80%.

Á heimasíðu stofnunarinnar segir að niðurstöður úttektarinnar sýna að innflutningur plöntuverndarvara nam 18 tonnum á árinu 2018 og jókst því umtalsvert frá fyrra ári, eða um 56%. Umhverfisstofnun hefur tekið saman gögn um innflutning plöntuverndarvara allt frá árinu 2009 og á þeim tíma hefur þróunin verið í þá átt að innflutningur á þessum vörum hefur dregist saman. Innflutningurinn sveiflast þó talsvert mikið á milli ára og topparnir koma fram þegar verið er að flytja inn birgðir af algengum plöntuverndarvörum sem duga í nokkur ár og getur það hafa átt við árið 2018.

Illgresiseyðar er sá flokkur plöntuverndarvara sem langmest er notaður hér á landi og flestir innihalda þeir virka efnið glýfosat.

Innflutningur á virkum efnum dregst saman

Plöntuverndarvörur geta haft neikvæð áhrif á heilsu og umhverfi og þegar reynt er að meta álagið af þeirra völdum gefur magn virkra efna mun betri vísbendingar um raunverulegt álag heldur en heildarmagnið sem sett er á markað. Þar sem styrkur virku efnanna í plöntuverndarvörum liggur alltaf fyrir er hægt að reikna út frá heildarmagninu af vörum hve mikið af virkum efnum er sett á markað hverju sinni. Sé þetta gert fyrir árið 2018 kemur í ljós að innflutningur á plöntuverndarvörum, mældur í magni af virkum efnum, dróst saman frá fyrra ári, þrátt fyrir að heildarmagnið hafi aukist. Það skýrist af því hversu mikið var flutt inn af vörum á árinu sem innihéldu lágan styrk af virkum efnum, en þar var einkum um að ræða illgresiseyða sem innihalda glýfosat. Þannig má segja að álagið gagnvart heilsu og umhverfi hafi í raun minnkað þótt heildarmagnið sem sett var á markað hafi aukist.

Illgresiseyðar mest notaðir

Illgresiseyðar er sá flokkur plöntuverndarvara sem langmest er notaður hér á landi og flestir innihalda þeir virka efnið glýfosat. Notkun fellur til í ýmiss konar ræktun svo sem í einka- og almenningsgörðum, á grænum svæðum á vegum sveitarfélaga, á íþróttavöllum og í sumarbústaðalöndum. Þá er mikið notað af þeim á ógrónum svæðum þar sem ekki er ætlast til að gróður sé til staðar eins og á iðnaðarsvæðum, við vegi, í innkeyrslum, á stígum og víðar. Helstu notendur eru almenningur, fyrirtæki, sveitarfélög og opinberar stofnarnir. Rétt er að benda á að notkun á glýfosati virðist vera lítil sem engin í framleiðslu á matvælum og fóðri hérlendis. */VH*

Mikið úrval varahluta í Ifor Williams kerrur
og allar aðrar gerðir af kerrum,
ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

FRÉTTIR

Mjög fullkomin 22 þúsund fermetra gróðrarstöð að rísa í Mosfellsdal

– verður búin mikilli sjálfvirkni og fullkomnustu sýkingarvörnum sem þekkjast í heiminum

Hafberg Þórisson er nú að reisa nýja gróðrarstöð í Lundi í Mosfellsdal. Þar er þegar búið að reisa 7.000 fermetra stálgrindarbyggingu undir salatrækt og á næstu árum munu rísa þar við hliðina tvær slíkar byggingar til viðbótar. Segir Hafberg að heildarstærð stöðvarinnar í Lundi verði um 22.000 fermetrar, eða um 7.000 fermetrum meiri en gróðrarstöð Lambhaga í Reykjavík er nú. Þá verða byggð þar líka starfsmannahús og fleiri byggingar er tengjast starfseminni.

Nýja bygging gróðrarstöðvar Hafbergs Þórissonar í Lundi í Mosfellsdal er engin smásmíði, eða heilir 7.000 fermetrar. Hún verður tekin í notkun í byrjun næsta árs og síðan ætlar Hafberg að ráðast í byggingu á tveimur slíkum húsum til viðbótar og verður stöðin þá samtals 22 þúsund fermetrar að flatarmáli. Myndir / HKr.

„Við ætlum að reyna að opna stöðina í janúar eða febrúar á næsta ári," segir Hafberg. Er hann þegar búinn að fjármagna allt það dæmi og kláraði reyndar að reisa fyrsta hlutann, 7.000 fermetra, fyrir eigið fé. Starfsmenn Lambhaga eru nú 25 talsins. Eftir áramótin fjölgar þeim í 30 er fyrsti áfangi nýju stöðvarinnar í Mosfellsdal kemst í gagnið.

Áfanginn sem nú er verið að klára kostar rúmlega einn milljarð króna. Í öðrum og þriðja áfanga verða reistar svipaðar byggingar auk nokkurra 80 fermetra íbúðarhúsa fyrir starfsmenn.

Nýja stöðin, Lundur, mun verða mjög fullkomin þar sem ýtrustu sjálfvirkni verður beitt. Segir Hafberg það vera einu leiðina til að geta haldið niðri kostnaði við framleiðsluna og þar með verði á afurðum til neytenda.

Sérhannaður og einstakur vélbúnaður

Er nú verið að smíða tækjabúnað fyrir stöðina, eins og sáningavél sem er einstök á heimsvísu og sérhönnuð samkvæmt hugmyndum Hafbergs.

„Þetta hefur aldrei verið gert með þessum hætti, en ég vona að þetta takist. Það er verið að smíða vélina núna og við fáum hana eftir mánuð. Hún tekur níu rennur í einu, en ekki eina eins og algengast er. Verksmiðjan sem framleiðir vélina hefur aldrei gert þetta áður og bauð mér að smíða vél sem gæti sáð í þrjár rennur. Ég vildi það ekki og bað um að vélin gæti sáð í 10 rennur í einu, en af tæknilegum ástæðum við framleiðsluna reyndist það ekki vera framkvæmanlegt. Var reyndar stofnað sérstakt fyrirtæki utan um þessa framleiðslu. Ég sætti mig því við níu rennur.

Þá mun ræktunin fara fram á sjálfvirkum færibandaborðum á tveimur hæðum með lýsingu á milli, þannig að afkastagetan mun margfaldast frá því sem nú er."

Framleiðslan á að vera eins hrein og hægt er

Stöðin á einnig að verða algjörlega laus við notkun hjálparefna og flugur eða önnur sníkjudýr eiga ekki að geta komist þar inn.

„Aðaláherslan sem ég hef er að geta ræktað salat sem er alveg hreint og ekki sé þörf á að úða með sveppalyfjum eða öðru. Þannig að það þurfi ekki að þvo það og það sé tilbúið til neyslu beint úr ræktuninni. Slíkt er ekki hægt í ræktun utandyra því þar eru alltaf flugur og önnur sníkjudýr. Við slíka ræktun komast menn ekki hjá því að nota varnarefni til að verja uppskeruna.

Í ræktuninni hjá mér í Lambhaga þarf ég ekki að gera þetta, en það er líka gríðarlega dýrt að halda húsunum hreinum fyrir flugu. Ég var t.d. með tvo menn frá Danmörku hjá mér í síðasta mánuði bara við að skipta út netunum sem eru fyrir opnanlegu gluggunum í stöðinni.

Víða á Suðurlandi eru menn að berjast við hvítflugu sem er þar landlæg í skurðum sem heitt vatn flæðir um. Í garðyrkjustöðvunum hafa menn beitt náttúrulegum vörnum með því að nota flugur og önnur skordýr til að veiða sníkjudýr sem herja á plönturnar. Við höfum gert það líka, en í nýju stöðinni í Mosfellsdal ætlum við alveg að hætta því. Stöðin verður algerlega lokuð með tvöföldum hurðabúnaði, þannig að engin kvikindi eiga að komast þar inn.

Ég hef grun um að það sé aðeins ein önnur gróðrarstöð í heiminum sem getur gert þetta. Hún er í Bandaríkjunum og ég ætla að skoða hana í vetur. Það er líka önnur stöð í Boston sem sagðist hafa gert þetta, en það reyndist ekki alveg rétt.

Heilnæmi framleiðslunnar er afar mikilvægt

Hafberg segir annan þátt varðandi markaðssetningu á grænmeti sem neytendur hugsi ekki alltaf um en sé mjög mikilvægur. Þar standi íslensk framleiðsla yfirleitt framar en þær vörur sem fluttar eru inn. Það varðar sérstaklega notkun hjálpar- og eiturefna, sýklalyfjanotkun og bakteríur eins og salmonellu og listeríu sem geta verið banvænar. Vísar hann til þess að mikið magn af ákveðinni tegund af salati var sett á markað í Frakklandi í fyrra sem innihélt listeríu. Var salatið, sem fór frosið á markað, innkallað í 107 löndum, bæði í Evrópu og Norður-Ameríku. Þá létu 47 manns í ríkjum Evrópusambandsins lífið af völdum þessa salats, samkvæmt frétt Food Safety News.

Þá bendir Hafberg á að efnainnihald grænmetis geti líka skipt máli. Spínatkálið sem ræktað er í Lambhaga inniheldur ekki oxalsýru (Oxalic acid) sem er að finna í miklum mæli í öllu innfluttu spínati. Það þýðir að Lambhagaspínatið er ekki varasamt fyrir heilsu fólks sem viðkvæmt er fyrir þeirri sýru og ekki þarf þá að sjóða það eins og ráðlagt er varðandi innflutta spínatið. Sams konar sýru er m.a. einnig að finna í rabarbara.



Hér má sjá að verð á salati frá garðyrkjustöð Lambhaga var talsvert lægra árið 2018 en 2011. Munar þar 8,3% miðað við fast verðlag og 23,7% á verðlagi 2018.

Gróðrarstöð Lambhaga í Reykjavík mögulega lögð niður

Hugmyndin var að stöðin í Mosfellsdal yrði viðbót við starfsemina í Reykjavík. Hafberg segir nú eins líklegt að gróðrarstöðin í borginni verði lögð niður ef OR haldi hækkunum á verðlagningu á heita vatninu til streitu.

„Ef þeir hækka verðið á hitaorkunni eins og fyrirhugað er þá verður þessi stöð í Lambhaga of þung í rekstri og mun leggjast af að óbreyttu. Mögulega gætum við flutt alla starfsemina og bætt henni við stöðina sem við erum að reisa í Mosfellsdal, þar er nægjanlegt landrými.

Ég hafði hugsað mér að vera með framleiðslu á stóru salati í Lambhaga, en að smásalatið verði framleitt í Lundi í Mosfellsdal."

Hægt að auka framleiðsluna ef vel er passað upp á alla þætti

– Hvað með stöðuna í ræktun á grænmeti á Íslandi, geta íslenskir bændur annað þörfinni?

„Vandi framleiðenda á Íslandi er að þeir eru með mjög margar en smáar einingar. Það hefur því verið talsverður innflutningur á tómötum og gúrkum sem hefði verið alveg óþarfi. Gúrkuframleiðslan náði reyndar jafnvægi í fyrra.

Ef einingarnar væru stærri, þá þyrfti verðið á framleiðslunni heldur ekki að vera eins hátt. Við erum t.d. að framleiða 500 tonn og ætlum að fara í 1.000 tonn á næsta ári. Þegar því verður náð 2020 reikna ég með að verðið á framleiðslunni hjá mér verði það sama og var 2011, sem þýðir raunlækkun. Allt er þetta spurning um að reksturinn sé vel skipulagður og dæmið sé hugsað frá upphafi til enda. Menn reyni að stýra öllu á hagkvæman hátt sem hægt er að ráða við. Þjálfun á fólki og skipulag varðandi allan tæknibúnað og húsakost. Það eru samt sumir þættir sem við ráðum ekki við, eins og verð á heitu vatni og rafmagni," segir Hafberg Þórisson. */HKr.*

Lundur í Mosfellsdal eins og aðstaðan kemur til með að verða samkvæmt teikningum BÓ arkitekta. Lundur er vinstra megin við Þingvallaveg þegar keyrt er í austurátt. Númer 1 er gróðrarstöð, en búið er að reisa fyrsta áfanga af þremur. Númer 2 eru átta 80 fermetra starfsmannahús. Númer 3 er gróðurhús fyrir framleiðsluþróun, kynningar og starfsmannaaðstöðu. Númer 4 er íbúðarhús. Númer 5 er núverandi hús í Lundi.

LOPI

Falleg ný prjónabók eftir Védísi Jónsdóttur

Íslensk ull
Gæðamerki

FRÉTTIR

Aðventa með nautin sín þrjú, sem hún kom í heiminn í síðustu viku, tveir lifa en einn fæddist dauður. Mynd / Birna Þorsteinsdóttir

Aftur þríburakálfar

– Nú voru tveir lifandi á bænum Skíðbakka

Við sögðum frá því í síðasta blaði að þríburakálfar hafi komið í heiminn á bænum Skíðbakka í Austur-Landeyjum, sem fæddust allir dauðir. Nú var það að gerast aftur að þríburakálfar fæddust því kýrin Aðventa á bænum Reykjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi bar þremur kálfum í síðustu viku, allt naut.

Einn kom dauður en hinir tveir eru lifandi. Þetta var í þriðja sinn, sem Aðventa ber. „Hún var mjög snögg að bera, ekkert sá á henni um morguninn, hún lá bara eins og hún hafði gert mikið síðustu 2–3 vikurnar en þegar við komum út eftir 1 og 1/2 tíma var hún borin. En við tókum eftir því fyrir 2–3 vikum að hún var allt í einu orðin hrikalega horuð. Við létum dýralækni setja í hana orku og kalk eftir burðinn og í dag er hún hin hressasta," segir Birna Þorsteinsdóttir, kúabóndi á Reykjum. */MHH*



Guðjón Þórhallsson frá Finnastöðum varð 100 ára í byrjun október.

Grýtubakkahreppur:

Guðjón á Finnastöðum fyrstur í sveitinni til að ná 100 ára aldri

Það gerist ekki á hverjum degi að menn verði hundrað ára, segir í frétt á vefsíðu Grýtubakkahrepps. Þar er því bætt við að „ekki finnist dæmi um að hér í sveit hafi nokkrum tekist það fyrr en Guðjón Þórhallsson frá Finnastöðum náði þessum merkilega áfanga um daginn, eða nánar tiltekið þann 4. október."

„Gaui hefur lifað sínu lífi í hógværð og ekki verið fyrir að trana sér fram. Þess vegna er skemmtilegt að hann hafi eftir öll þessi ár skellt sér í að gera það sem engum hér um slóðir hefur tekist áður. Hátíðahöld voru í hans anda og ekki auglýst á torgum, en slegið var upp veislu á Grenilundi og nutu vinir og ættingjar góðra veitinga með afmælisbarninu, ásamt öðru heimilisfólki," segir í frásögn á vefsíðu Grýtubakkahrepps. */MÞÞ*

Sveinn ákærður fyrir brot á lögum um slátrun og sláturafurðir:

Vonbrigði að skýrsla um verkefnið hafi ekki verið gefin út

– segir mál sitt geta orðið til góðs fyrir bændur verði lögum breytt í kjölfarið

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra hefur gefið út ákæru á hendur Sveini Margeirssyni, fyrrverandi forstjóra Matís, fyrir brot gegn lögum um slátrun og sláturafurðir, með því að hafa á bændamarkaði á Hofsósi 30. september 2018 staðið að sölu og dreifingu á fersku lambakjöti af gripum sem slátrað hafði verið utan löggilts sláturhúss.

Í ákærunni er þess krafist að Sveinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra á þriðjudaginn.

Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís. Mynd / HKr.

Möguleikar bænda til verðmætasköpunar

Málið tengist svokölluðu Örslátrunarverkefni Matís, sem Sveinn stóð fyrir í forstjóratíð sinni. Liður í því var að raungera tillögur Matís um örslátrun. Á þær var látið reyna heima á bænum Birkihlíð í Skagafirði þann 30. september þegar nokkrum lömbum var slátrað þar og í kjölfarið voru afurðirnar seldar á bændamarkaði á Hofsósi.

Tilgangur verkefnisins var að láta reyna á hvort hægt væri að slátra heima á bóndabýli við aðstæður í samræmi við tillögur Matís um örslátrun. Einnig vildi Matís með verkefninu benda á mikla þörf fyrir að fram fari heildstætt, vísindalegt áhættumat við ákvarðanir og áhættustjórnun tengt matvælaöryggi á Íslandi og benda á möguleika til að auka verðmætasköpun fyrir bændur.

Þörf á framsæknum lausnum

Sveinn segir að ákæran og málið allt hafi komið sér á óvart. „Matvælastofnun kærði mig fyrir brot á lögum um matvæli (93/1995) fimm dögum eftir að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hafði ákveðið að láta það niður falla. Ég hef aldrei getað séð að lög um matvæli hafi verið brotin, enda tryggðu starfsmenn Matís gæði og öryggi kjötsins. Ég er svo ákærður fyrir brot á lögum um slátrun og sláturafurðir," segir Sveinn. Hann telur að mál hans geti orðið bændum til góðs – og styrkt samband þeirra við neytendur – verði lögunum breytt til frelsisáttar í kjölfar dóms. „Ella tel ég að bændum muni fækka, enda ómögulegt að bændur hafi ásættanlega afkomu af sauðfé í því haftakerfi sem nú er við lýði. Ég á erfitt með að sjá að vísindaleg rök séu fyrir höftunum út frá sjónarhorni áhættumats. Við treystum bændum fyrir öðrum hlekkjum virðiskeðjunnar og sjálfsagt að gera þeim kleift að auka verðmætasköpun sína með því að bera sjálfir ábyrgð á slátrun eigin lamba."

Vonbrigði að skýrslan skuli ekki vera gefin út

Þegar Sveinn er spurður um álit hans á því að Matís vilji ekki gefa út skýrslu um örslátrunarverkefnið sem virðist tilbúin til útgáfu, segir hann að það séu honum mikil vonbrigði. „Ekki síst út frá sjónarmiðum um gagnsæi og þeim áskorunum sem Íslendingar þurfa að fást við. Það eru fordæmalausar aðstæður í umhverfismálum, neytendahegðun hefur tekið stakkaskiptum og íbúum dreifðra byggða fækkar. Sem dæmi má nefna stöðuna á Norðvesturlandi þar sem íbúum hefur fækkað úr tæplega 10.500 manns í rúmlega 7.000 frá árinu 1990. Það er þörf á framsæknum lausnum, en kerfið bregst við með áhættufælni í stað þess að ræða raunverulega hver vandinn er og hvernig við getum í sameiningu tekist á við áskoranir samtímans með þekkingu og kjark að vopni."

Þröstur Heiðar Erlingsson, bóndi í Birkihlíð, var einnig kærður fyrir aðild að málinu en honum hefur ekki verið birt ákæra lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. */smh*

Erlendum ríkisborgurum fjölgar stöðugt á Íslandi

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands voru alls 48.287 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi þann 1. október 2019 og hefur þeim fjölgað um 3.417 frá 1. desember 2018, eða um 9,4%.

Á sama tíma fjölgaði íslenskum ríkisborgurum sem eru búsettir hér á landi um 0,6%.

Flestir erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi eru frá Póllandi, eða 20.370, og 4.542 einstaklingar eru með lithásk ríkisfang. Samkvæmt sömu upplýsingum frá þjóðskrá hefur pólskum ríkisborgurum fjölgað um 6,1% frá 1. desember sl., eða um 1.180 frá 1. desember 2018 og litháskum ríkisborgurum um 448 á sama tímabili, eða um 10,9%. */MHH*



Þessar tölur eru byggðar á skráningu þjóðskrár á fjölda einstaklinga sem eru skráðir með búsetu hér á landi eftir ríkisfangi.

ÞAÐ ER EKKI **ALLT** Í LAGI

– ÞÓTT ÞAÐ SÉ HÆGT



Matvæli eru framleidd við mismunandi skilyrði um allan heim. Aðbúnaður manna og dýra, lyfja- og varnarefnanotkun í landbúnaði, búfjárheilsa og heilnæmi afurða er ekki alls staðar eins. Við erum heppin að á Íslandi er staðan góð og hana þarf að vernda. Rýmkaðar reglur um innflutning á mat geta haft neikvæð áhrif á öryggi matvæla á markaði. Óheftur innflutningur er því ekki skynsamlegur.

Það er hins vegar skynsamlegt að sýna aðgát og aðhald og vera upplýstur neytandi. Hlutverk innflutningsaðila er líka að vanda valið á því sem þeir ákveða að bjóða neytendum upp á og þannig sýna þeir samfélagslega ábyrgð í verki.

Það er mikilvægt að við vöndum okkur. Við eigum öll rétt á að vita hvaðan maturinn okkar kemur og við hvers konar aðstæður hann er framleiddur.

Verum upplýst. Kynntu þér málið á

oruggurmatur.is

HÓPUR UM
ÖRUGG
MATVÆLI

FRÉTTIR

Alheimssamtökin Zonta International fagna 100 ára afmæli föstudaginn 8. nóvember og hér á landi verður afmælisathöfn í Veröld – Húsi Vigdísar Finnbogadóttur, í tilefni dagsins. Á myndinni eru Zontakonurnar Kristín Aðalsteinsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Brynhildur Pétursdóttir í Hofi á Akureyri á fundi 8. mars um jafnréttismál.

Zonta-samtökin fagna 100 ára afmæli

Valgerður Sverrisdóttir, fyrrum þingkona og meðlimur í Zonta-klúbbnum Þórunni Hyrnu á Akureyri fagnar, ásamt 150 öðrum íslenskum Zonta-konum úr sex klúbbum víðs vegar um landið, 100 ára afmæli Zonta-hreyfingarinnar föstudaginn 8. nóvember næstkomandi í Háskólanum á Akureyri en athöfninni verður streymt þangað úr Veröld – Húsi Vigdísar Finnbogadóttur klukkan 15.30 og eru allir hjartanlega velkomnir.

„Þetta er stórt afmæli enda eru Zonta merkissamtök. Fyrir 100 árum, þegar samtökin voru stofnuð, voru karlaklúbbar fyrirmyndin og ákveðið að stofna til sambærilegrar kvennahreyfingar. Þetta er fyrst og fremst uppbygging á tengslaneti og falleg hugsjón sem ræður för þar sem konur og ungar stúlkur eru styrktar um allan heim. Það er mikill dugnaður í þeim konum sem starfa í Zonta sem allar láta gott af sér leiða. Það er alltaf gott að hittast og maður er manns gaman eins og sagt er," segir Valgerður.

Styrkja konur og ungar stúlkur

Þórunn Hyrnu-klúbburinn var stofnaður árið 1984 og hefur Valgerður verið virkur félagi um árabil. Hún þurfti þó að gera hlé á meðan hún sat á þingi í yfir 20 ár en gekk aftur til liðs við klúbbinn árið 2011.

„Nafnið Zonta kemur úr táknmáli Sioux-indíána og þýðir sá sem er traustsins verður og það má því segja að þær konur sem eru með séu það. Í klúbbunum er unnið margvíslegt starf til að styrkja konur og ungar stúlkur á ýmsan máta. Einn þriðji af innkomu klúbbanna fer síðan í að styrkja erlend verkefni sem eru unnin í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar," útskýrir Valgerður og segir jafnframt:

„Við meðlimir í Þórunni Hyrnu styðjumst við ýmiss konar fjáröflun og er það ólíkt milli klúbbanna hvernig þeir fara að. Okkar helsta fjáröflun er til dæmis laufabrauðsgerð á ári hverju, þá hittumst við um miðjan nóvember í Oddeyrarskóla á Akureyri og fletjum út og steikjum og höfum marga fasta viðskiptavini ár hvert. Einnig höfum við fyrr á árum haldið öskudagsball fyrir börn og síðkjólaball sem dæmi. Hinn 8. mars ár hvert, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, höldum við málþing þar sem tekið er fyrir mál sem er ofarlega á baugi hverju sinni er varðar konur og ungar stúlkur. Ásamt þessu eruýmsir styrkir veittir, eins og fyrir konur í háskólanámi sem uppfylla ákveðin skilyrði og til ungra kvenna á menntaskólaaldri sem hafa skarað fram úr í félagsstarfi og fleira." */ehg*

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Rannsókn á áhrifaþáttum á gæði lambakjöts:

Of mörg sýni með of mikla seigju

– Í skoðun er að nota erfðamengjaúrval til að kynbæta fyrir kjötgæðum

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) hefur gefið út ritið Áhrifaþættir á gæði lambakjöts. Ritið fjallar um niðurstöður rannsóknarverkefnisins um áhrif meðferðar og kynbóta á gæði íslensks lambakjöts. Í niðurstöðum kemur meðal annars fram að í mælingum á kjötsýnum reyndust of mörg þeirra með of mikla seigju.

Höfundar ritsins eru þau Guðjón Þorkelsson frá Matís, Emma Eyþórsdóttir frá LbhÍ og Eyþór Einarsson frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna samspil kynbóta og meðferðar við og eftir slátrun á gæði íslensks lambakjöts. Verkefnið var hugsað sem undirbúningur fyrir notkun erfðamengjaúrvals vegna kynbóta fyrir kjötgæðum í íslenskri sauðfjárrækt og til að bæta verkferla við slátrun þannig að meðferð tryggi gæði lambakjöts.

Bæta þarf vinnubrögð og efla ráðgjöf

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að hlutfall svokallaðs streitukjöts í rannsókninni var um tíu prósent – sem talið er of hátt. Talið er að fækka megi hlutfalli streitukjöts með ráðgjöf og eftirliti varðandi meðferð sláturlamba. Þá er það tiltekið að raförvun virki misvel sem tæki til að flýta fyrir dauðastirðnun eftir slátrun. Stilla þurfi tæki betur og þjálfa þarf vinnubrögð við notkun á raförvun.

Hlutfall fitu í hryggvöðva var mælt mjög lágt, eða um 1,8 prósent að meðaltali. Lagt er til að kannað verði hvort auka megi innanvöðvafitu með kynbótum án þess að yfirborðsfita á skrokkum aukist.

Of mikil seigja

Þá mældust of mörg sýni með of mikla seigju – og meiri en í fyrri rannsóknum. Talið er að orsaka sé að leita í meðferð skrokka í sláturhúsum en áherslur í ræktun á auknum vöðvamassa gæti einnig verið mögulegur áhrifaþáttur. Bráðabirgðamat á arfgengi bendir til þess að kjötgæðaeiginleika megi bæta með kynbótum og nýir möguleikar í þá átt munu skapast með tilkomu erfðamengjaúrvals sem byggir á greiningum erfðaefnisins og því skapast nýir möguleikar á því sviði.

Til grundvallar rannsóknninni voru sýni sem tekin voru af tæplega 800 kjötskrokkum í fjórum sláturhúsum. Gerðar voru margvíslegar mælingar bæði í sláturhúsunum og á kjötsýnunum.

„Þessi rannsókn sem þarna um ræðir var sett í gang til þess að fá auknar upplýsingar um gæði lambakjötsins, kanna hin raunverulegu kjötgæði," segir Eyþór Einarsson, sem er sauðfjárræktarráðunautur hjá RML. „Fyrir ræktunarstarfið er mikilvægt að vita hvort og hvaða áhrif val fyrir aukinni holdfyllingu, hóflegri fitu og auknum vaxtarhraða hefur á bragðgæðin. Við fengum ekki skýr svör, en fengum vísbendingar um að hægt sé að gera betur."

Þarf að útrýma seigu kjöti og streitukjöti

„Við þurfum að stefna að því að útrýma kjöti sem getur talist streitukjöt og kjöti sem mælist seigt. Vísbending er um að þarna séu einhver erfðaáhrif sem gefur þá færi á að kynbæta fyrir bættum kjötgæðum. Við erum hins vegar ekki komin á þann stað að geta tekið þessa bragðgæðaeiginleika inn í ræktunarstarfið, því að það krefst kostnaðarsamra mælinga," segir Eyþór þegar hann er spurður hvort í kjölfar þessara niðurstaðna verði farið markvisst í að kynbæta með tilliti til kjötgæða – og hvort fitan muni þar spila hlutverk.

Erfðamengjaúrvali fyrir kjötgæðum hugsanlega beitt

„En hugsanlega í framtíðinni væri hægt að beita erfðamengjaúrvali til þess að taka á þessum þáttum. Í þessari rannsókn var til dæmis safnað DNA-sýnum úr öllum þeim lömbum sem mælingar voru gerðar á og er því til gagnasafn sem nýta má í framtíðinni. Varðandi fituna þurfum við að vera vel á varðbergi að minnka hana ekki of mikið þannig að gengið sé á gæðin. Þar hefur kannski orðið sú áherslubreyting að við viljum almennt ekki minnka hana meira, þótt staða einstakra búa sé mismunandi í þeim eiginleika sem öðrum.

Það sem er kannski mikilvægast er að við höldum áfram rannsóknum, sem er jú verið að gera. Við þurfum að skoða betur ýmsa meðferðarþætti, bæði í sláturhúsunum og heima á búunum sem geta verið áhrifavaldar og reyna þannig að komast að því hvað sé hægt að bæta í þessu framleiðsluferli þannig að gæðin séu ávallt tryggð. Við erum almennt að framleiða gott lambakjöt en það má gera betur í að tryggja stöðugleika í gæðum," segir Eyþór. */smh*

Stefán Vilhjálmsson við kjötmat. Mynd / smh

Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá RML.

RÝMINGARSALA

Allt að 20% afsláttur af völdum GESTAHÚSUM

án fylgihluta og sem til eru á lager. Afslátturinn er af verðinu á heimasíðunni okkar.

VH/19-02

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

GOY 25 m² GESTAHÚS

Tilboðsverð í dag kr. 1.990.000,- án fhl.

Rýmingarsala kr. 1.592.200,- án fhl.

Nánari upplýsingar
á heimasíðu okkar **volundarhus.is**
og í síma 864-2400.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

MasterCard Staðgreiðslulán · VISA Lán – hagstæðar afborganir

45 mm bjálki / Tvöföld nótun

Sky15-44 GESTAHÚS 14,5m²

Tilboðsverð kr. 990.000,- án fhl.

Rýmingarsala kr. 792.000,- án fhl.

45 mm bjálki / Tvöföld nótun

Sky15-3 GESTAHÚS 14,5m²

Tilboðsverð kr. 789.900,- án fhl.

Rýmingarsala kr. 710.910,- án fhl.

www.volundarhus.is

NÓVEMBERTILBOÐ

Hjá Fóðurblöndunni og Bústólpa

3+1

Þú borgar 3 en færð 4 !

CID NON P - sýra , 25 lítrar

SUPERCLEAN - sápa , 25 lítrar

Tilboð gilda í verslunum Fóðurblöndunnar og Bústólpa og netverslunum til 30. nóvember 2019

DeLaval

Bústólpi
HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

FÓÐURBLANDAN

STEKKUR

Íslenzk fyndni

Fyrir nokkrum dögum urðu á vegi mínum nokkur hefti af tímaritinu Íslenzk fyndni sem Gunnar Sigurðsson frá Selalæk, þingmaður og lögfræðingur, gaf úr á árunum 1936 til 1961. Í heftunum sem urðu nokkuð mörg er að finna smellnar skemmtisögur og gamanvísur.

Ég hef áður skoðað nokkur af þessum heftum en það var ekki fyrr en núna sem ég áttaði mig á hversu dásamlegur aldaspegill heftin eru. Smekkur fyrir sögunum er misjafn og ekki víst að þær séu allar örugg heimild fyrir kímnigáfu Íslendinga þrátt fyrir að heftin hafi selst þokkalega og komið út í mörg ár. Í þeim er að finna allt í senn aulafyndni, hótfyndni og meinfyndni og sögur sem erfitt er að hugsa sér að nokkrum manni þyki fyndnar.

Kona ein spurðu manninn sinn:

„Var Pétur postuli píslarvottur?“

„Ég veit það ekki,“ svaraði bóndi hennar.

„Ég veit ekki hvort hann var giftur eða ekki.“

Auglýsing fest upp í sláturhúsinu á Ísafirði: „Tökum af meðlimum vorum upp í sláturkostnað.“

Maður einn sagði frá matarvist, þar sem hann hafði dvalizt við sjó, og var lýsing hans á þessa leið: Það var brytjuð mygluð harðgrásleppa ofan í vatnsgrautinn, og svo var þetta kallað rauðmagasúpa.“

Magga litla, þriggja ára gömul, var vön að sjá bróður sinn, á fyrsta ári, skríða á fjórum fótum. Í fyrsta skipti, sem hún sá bróður sinn rísa upp og standa í fæturna, kallaði hún til móður sinnar: „Nei, sjáðu mamma! Hann litli bróðir stendur á afturfótunum.“

Togaraháseti var að skola steinbít, sem átti að setja á ís. Hann var óvanur verkinu og fórst það óhönduglega. Skipstjóranum þótti hann hroðvirkur og sagði: „Geturðu ekki draugast til að skola steinbítinn betur?“ „Á ég kannske að bursta í honum tennurnar líka?“ svaraði þá hásetinn.

Hreppstjóri einn, sem var upp með sér af stöðu sinni, sagði að hann væri fjórði maður að embættistign frá forseta.

Siggi litli, fjögurra ára, fékk að fara í kirkju með móður sinni. Móðir hans sagði honum, að hann yrði að steinþegja í kirkjunni alla messuna, því að enginn mætti tala hátt í kirkju. Þetta gekk nú allt vel, þangað til presturinn fer upp í stólinn og byrjar að prédika, þá kallar stráku: „Þegiðu, manni! Það má ekki tala hátt í kirkjunni.“

Símon kom einhverju sinni að Skúmsstöðum í Landeyjum. Ragnhildur húsfreyja bar honum mat, en gleymdi að láta hníf hjá honum. Símon matast nú, snýr sér síðan að Ragnhildi og segir: „Ég þakka þér nú fyrir matinn, Ragnhildur mín, en það var mikil mildi, að ég drap mig ekki með hnífnum.“

Bóndi var að koma heim úr skreiðarferð og kom með þorskhausa, eins og gerðist í þá daga. Þegar húsfreyja sá þorskhausana leizt henni ekki vel á þá, þótti þeir ekki vel verkaðir og varð á orði: „Þér var nær að koma hauslaus en að koma með þetta.“

Heftin sem mér áskotnuðust eru mikill happafengur og ég hlakka mikið til að lesa þau því eins og prófarkalesarinn sagði: „Það jafnast ekkert á við íslenskan húmor.“ */VH*

NYTJAR HAFSINS

Hér hefur nokkrum örnefnum verið safnað saman á eina bleyðu eins og teiknarinn, Sigurður Ingi Jensson, sér þau fyrir sér.

Enginn friður á Torgi hins himneska friðar

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Brjálaða Bína, Imbakassinn, Brjóstin, Ölæðið, Kirkjuturnarnir og Bangsimon eru allt nöfn á fiskimiðum sem urðu til á fyrstu árum og áratugum skuttogaraaldar.

Nýleg örnefni á fiskimiðum hér við land skipta hundruðum ef ekki þúsundum. Sum þeirra eru þekkt í öllum flotanum og víðar, svo sem Hampiðjutorgið, en önnur eru aðeins kunn í þrengri hópum. Flest þessara nafna urðu til eftir að skuttogararnir komu til sögunnar á áttunda áratug síðustu aldar en þeir sóttu á fjölda nýrra miða. Mörg þessara nafna eru skondin, sum nokkuð tvíræð og fáein ekki prenthæf. Þau hafa fæst ratað inn á opinber sjókort, lifa mest í munnlegri geymd og á veiðikortum skipstjóra.

Greinarhöfundur fékk það verkefni í byrjun þessarar aldar að skrá nokkur ný örnefni á fiskimiðum. Með viðtölum við fjölda skipstjóra var safnað hátt á annað hundrað nöfnum og sagan á bak við mörg þeirra skráð eftir heimildum frá fyrstu hendi. Niðurstöðurnar birtust í þremum greinum í Fiskifréttum. Hér verða nokkur þessara örnefna rifjuð upp og minnst á fáein eldri örnefni í bland.

Gráthóllinn, Ostahryggurinn og Tunnuskipið

Við hefjum leikinn fyrir norðan land en þar komu fram mörg ný nöfn, einkum eftir að úthafsrækjuveiðar hófust á 9. áratugnum. Austantil í Kolbeinseyjarhryggnum er hóll sem nefndur er Gráthóllinn.

„Einn af okkar fremstu og bestu skipstjórum hélt sig mikið á þessu svæði og var oftast einn. Hann grét mikið þegar rætt var við hann og sagðist ekki einu sinni fá upp á haltan hund. Samt kom hann alltaf með fullt skip í land,“ sagði heimildarmaður um tilurð nafnsins.

Hryggur vestan við Kolbeinseyjarhrygg er nefndur Ostahryggurinn. Nafnið er tilkomið af því að lífrænir drullukekkir (svampur) sem minntu á ostakúlur komu gjarnan í rækjutrollið.

Víða á Íslandsmiðum eru skipsflök sem skipstjórar vita um og hafa merkt inn á kort hjá sér. Oft eru góð mið nálægt flökum og ein slík er um 50 mílur beint norður af Ísafjarðardjúpi. Miðin eru kölluð Tunnuskipið og eru þau kennd við dall sem sökk þar á stríðsárunum. Góð veiði er í kringum flakið og í nágrenni þess. Nokkuð bar á því að rækjutogararnir fengju tunnur með fallbyssufeiti í vörpuna en tunnurnar höfðu flækst frá skipinu með straumum.

Brjóstin og Kirkjuturnarnir

Fjölmörg örnefni yfir fiskimið bolfisktogara er að finna í kringum Grímsey. Fyrst skal fræga telja tvo samstæða, fagurskapaða hóla rétt utan við 12 mílna mörkin norður af Grímsey. Þeir þóttu vera í laginu eins og brjóst. Það lá því beinast við að kalla þennan stað Brjóstin. Þarna er mikið kastað enda er létt að toga yfir ávala hólana.

Milli Grímseyjar og Kolbeinseyjar, rísa tvær strýtur hlið við hlið upp úr botninum. Þær hafa hlotið nafnið Kirkjuturnarnir. Hallgrímskirkja myndi blikna við hliðina á þeim. Trollið er dregið utan í þessum strýtum. Þar veiddist aðallega þorskur.

Kennir margra grasa í Rósagarðinum

Vindum okkur þá suðaustur fyrir land. Þar er stórt svæði sem nefnist Rósagarðurinn og er á Íslands-Færeyjahryggnum svonefnda. Þjóðverjar, sem stunduðu aðallega karfaveiðar, gáfu því nafnið Rosengarten fyrir margt löngu. Nafnið stafar væntanlega af því að upp kom mikið af svömpum, kóröllum og sæfíflum með trollinu en suma sæfífla nefna Þjóðverjar særósir (Seerosen).

Óvíða er að finna hressilegri og skemmtilegri nafngiftir en í Rósagarðinum, bæði ný nöfn og önnur gamalkunnug. Nyrst á slóðinni er veiðisvæði sem nefnt er Hórukassinn. Þar fyrir sunnan er Koníaksflaskan. Og þá koma þrír kassar í viðbót: Imbakassinn, Vodkakassinn og Viskíkassinn.

Sunnarlega í Rósagarðinum er Kamarinn

Í Rósagarðinum er einnig Ölæðið. Sagan segir að skipstjóri einn hafi verið að koma úr siglingu frá Þýskalandi. Hann kastaði þarna í ölæði á heimleiðinni og fékk góðan afla. Eftir það heitir veiðistaðurinn Ölæðið.

Brjálaða Bína og Brigitte Bardot eru á Fjöllunum

Fjöllin eru skemmtilegt svæði suður og suðvestur af Reykjanesi. Þau ná frá Boðagrunni í norðri, sem eru um 40 sjómílur frá Garðskaga, og enda í suðvestri til móts við Mjölsekkinn sem eru vel þekkt fiskimið frá gamalli tíð. Fjöllin eru einar 70 mílur á lengd og 5 til 10 mílur á breidd. Á þeim er aðallega karfa- og ufsaslóð.

Suðvestan við Boðagrunn er andstyggilegur hóll sem nefndur er Brjálaða Bína. Hugrökkustu mönnum stóð ógn af þessu svæði. Einhvern veginn blandaðist teiknimyndasagan um Högna hrekkvísa í umræðuna er menn voru þar að veiðum. Það eina sem Högni hræddist var Brjálaða Bína. Eftir það fékk hóllinn skelfilegi nafn hennar.

Sunnarlega á Fjöllunum eru þrír hólar sem kallaðir eru einu nafni Príburarnir. Suðvestan við Príburana er hraun- og kóralslóð sem gaf vel af karfa og nefnist hún Syndabælið. Eins og nafnið bendir til var þetta erfið fiskislóð og veiðarfæratjón syndsamlega mikið.

Ekki langt frá Syndabælinu er Brigitte Bardot. Þetta nafn er mjög langsótt.

„Ég eyðilagði tvo belgi gjörsamlega á tveim dögum. Þá kallaði bátsmaðurinn staðinn Belgjabana. Það nafn þótti óþjált í munni og var stytt í BB. Þetta eru upphafsstafirnir í nafni leikkonunnar Brigitte Bardot og þannig yfirfærðist nafn hennar á miðin,“ sagði heimildarmaður.

Á djúpslóð utan við Fjöllin er karfahóll sem nefnist Bangsimon. Skipstjóri á Ásbirni RE rakst á þennan hól og mokfiskaði þar. Hóllinn heitir eftir skipinu.

Frá djúpslóðinni suður af Fjöllum tekur við svæði sem einu nafni er nefnt Myrkrið og nær það út undir landhelgislínuna.

Hampiðjutorgið, Heiðardalurinn og Teppið

Við endum yfirferðina um fiskimiðin með því að fara vestur fyrir land. Þar og úti af Vestfjörðum eru mörg skemmtileg örnefni.

Hampiðjutorgið er nokkuð stórt svæði sem liggur utan í landgrunnshallanum vestur af landinu. Það er um 70 til 100 mílur vestur af Látrabjargi, um 50 mílna langt og ekki ýkja breitt en dýpkar mikið þegar utar dregur. Erlendir togarar veiddu grálúðu og karfa á þessu svæði allt þar til landhelgin var færð út í 200 mílur. Þarna eru mikil grálúðumið en Íslendingar hófu veiðar þar á seinni hluta áttunda áratugarins. Þetta svæði var nefnt Hampiðjutorgið, gjarnan stytt í Torgið. Einnig var það kallað Torg hins himneska friðar.

Fyrst þegar menn hófu veiðar á Torginu var ekki búið að kortleggja festur. Þá var trollið allt í druslum í öðru hverju holi og menn stóðu tímunum saman í saumaskap. Menn höfðu á orði að enginn græddi á þessum veiðum nema veiðarfæraframleiðandinn Hampiðjan! Ef menn komust áfram án festu veiddist vel og þá stóðu þeir upp fyrir haus í lúðu. Þetta var því einnig kallað Torg hins himneska friðar í háði því þarna var aldrei neinn friður.

Heiðardalurinn og Teppið eru grálúðumið sem fengu nafn eftir 1980. Norðaustur af Hala, velþekkt fiskimið úti af Vestfjörðum, og í beinu framhaldi af honum er Heiðardalurinn. Þegar menn voru búnir að standa í öllu þessu rifrildi á Torginu kunnu þeir sér ekki læti þegar þeir komu á þetta svæði. Þeir gátu togað tímunum saman án þess að nokkuð rifnaði. Þetta var eins og þeir væru komnir heim í heiðardalinn.

Í framhaldi af Heiðardalnum, djúpt úti af Hornströndum, er Teppið. Þar er sléttur sandbotn og unnt að toga 10–12 tíma samfleytt. Botninn þarna er eins og flauelsmjúkt teppi.

Hver var Agata?

Agata er þekkt nafn á steinbíts- og karfableyðu rúmlega 50 mílur vestur af Látrabjargi. Ýmsar útgáfur eru til af sögunni á bak við nafnið. Ein þeirra er sú að þetta hafi verið gleðikona í Hamborg sem íslenskir sjómenn voru sagðir hafa heimsótt. Því fer fjarri að sú skýring sé rétt, þvert á móti.

Árið 1974 voru fjórir skuttogarar afhentir sem smíðaðir voru fyrir Íslendinga í Gdynia í Póllandi. Skipstjórarnir sem sóttu skipin og höfðu eftirlit með smíði þeirra dvöldu hjá fyrrum verkstjóra í skipasmíðastöðinni.

Á heimilinu bjó ung dóttir verkstjórans sem hét Agata. Hún var sérstaklega hæglát og háttprúð og hvers manns hugljúfi, að sögn skipstjóranna. Skömmu eftir að skipin voru afhent var einn skipstjórinn að þvælast djúpt vestur af Látrabjargi og fann þá þúfu sem gaf góða veiði. Hann tjáði greinarhöfundi að honum hefði dottið í hug að skíra svæðið Agata til heiðurs stúlkunni prúðu.

Þetta segir okkur að þegar menn þekkja ekki réttu skýringarnar á bak við örnefni reyna þeir fljótt að geta í eyðurnar. Það leiðir hugann að því hvort sögur sem fylgja mörgum örnefnum hér á landi séu sannar eða hreinn skáldskapur.

RAFÓS ehf
rafverktakar
Freyjunesi 10, 603 Akureyri
Sími: 777 1802
Email: rafos@rafos.is
Erum einnig á facebook

Tökum að okkur öll verkefni sem við kemur raflögnum, hvort sem er viðhald, viðbætur eða nýlagnir fyrir fyrirtæki, iðnað eða almennan notanda.

Rafós er löggiltur rafverktaki með reynslu í óháðri ráðgjöf og uppsetningu hleðslustöðva. Setjum upp allar gerðir hleðslustöðva fyrir einstaklinga, sameignir og fyrirtæki.

Ef búnaður er ekki fyrir hendi, þá veitum við ráðgjöf við val á búnaði miðað við þarfir.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HROSS & HESTAMENNSKA

Þróun dómskalans fyrir kynbótahross

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is

Undanfarið hefur farið fram vinna við framþróun dómskalans fyrir kynbótahross. Hérna verður farið yfir helstu markmið vinnunnar og hvaða nýjungar eru í farvatninu varðandi útfærslu á reiðdóminum.

Aðalmarkmiðið er að skapa aðgengilega og auðvelda hestgerð fyrir þann breiða hóp fólks sem nýtur reiðhestskosta íslenska hestsins. Leiðin til þess er m.a. að verðlauna ákveðið byggingarlag með áherslu á sterka yfirlínu, sem skapast af rétt löguðum hálsi og burðarmiklu baki, að hrossið sé jafnvægisgott; hlutfallarétt og framhátt. Hvað varðar reiðhestskostina er mikilvægt að verðlauna jafnvægi og að hesturinn sé sjálfberandi og eigi auðvelt með að ganga í réttri líkamsbeitingu undir manni. Þá er mikilvægt að leggja aukna áherslu á þjálni og yfirvegun þegar kemur að mati á vilja og geðslagi. Allt eru þetta atriði sem meðal annarra stuðla að betri reiðhesti, burtséð frá hlutverki hans.

Helstu markmið vinnunnar voru eftirfarandi:

- Yfirfara markmiðin innan hvers eiginleika og skilgreina eiginleikana nánar, sérstaklega átti þetta við fet, hægt stökk og hægt tölt.
- Gera skalann að enn betra vinnuplaggi fyrir dómara, sýnendur og ræktendur.
- Taka inn nýja þekkingu á sambandi byggingar og hæfileika. Í nýjum skala er aukin áhersla þá þætti byggingarinnar sem eiga að stuðla að eðlisgóðri ganghæfni.
- Aukin áhersla á mýkt, jafnvægi, sjálfberandi hestgerð og rétta líkamsbeitingu.
- Aukin áhersla á gæði gangtegundanna á mismunandi hraðastigum; tölt, stökk og brokk og fjaðurmagn á hægu þegar hæstu einkunnir eru gefnar.
- Kanna með hvaða hætti væri hægt að gera mismunandi kröfur eftir aldri.
- Aukin áhersla á þjálni og yfirvegun í mati á vilja og geðslagi.



Í kvöldsól á Emstruleið. Mynd / HKr.

Hérna verður farið yfir hverja gangtegund fyrir sig auk vilja og geðslags og stiklað á helstu nýjungum sem eru í farvatninu:

Tölt

Eins og kemur fram að ofan er stefnan að leggja aukna áherslu á jafnvægi og að hesturinn sé sjálfberandi undir manni. Góð verkefni eða próf til að meta þessa þætti sérstaklega er að sjá hestinn aðeins á slökum taum og sjá hraðabreytingar. Þess vegna er hugmyndin að til þess að hljóta einkunn upp á 9,0 eða hærra sé gerð krafa um að sýndar séu hraðabreytingar (þ.e. greinileg uppkeyrsla og/eða niðurhæging) og að sýnt sé fram á að hesturinn haldi jafnvægi á gangtegundinni þegar greinilega losað er um tauminn. Þessi verkefni, séu þau vel framkvæmd, geta að auki vegið til hækkunar á einkunnum neðar í skalanum. Í sambandi við verkefnið að losa um tauminn er hugmyndin sú að losað sé alveg um taumsamband í að lágmarki 3 sekúndur (taumur gefinn fram); að það sé nóg prufa á það hversu sjálfberandi hesturinn er.

Þröskuldar í tölti – eins og fólk þekkir eflaust má núna muna einum heilum í einkunn á hægu tölti og tölti; þ.e. hross getur fengið 9,0 fyrir tölt með 8,0 fyrir hægt tölt. Í nýjum skala er hugmyndin að leggja meiri áherslu á gæði á hægu tölti á þann veg að þegar hross hljóta 9,0 eða hærra fyrir tölt megi einungis muna hálfum í einkunn á hægu tölti og tölti (einkunn fyrir hægt tölt megi einungis vera hálfum lægri). Áfram megi muna heilum í einkunn upp í 8,5 í skalanum og einnig almennt þegar um fjögurra vetra hross er að ræða (mismunandi kröfur eftir aldri).

Hægt tölt

Til að meta ákveðna þætti hæga töltsins er afar upplýsandi að sjá hestinn á hægu tölti sem er sýnt upp af feti. Þessir þættir eru hreinleiki gangtegundarinnar og jafnvægi en einnig fjaðurmagn á hægu og eðlisfótaburður. Fyrir hinar hærri einkunnir (9,0 eða hærra) þarf hesturinn því að geta gengið upp í jafnvægisgott hægt tölt af feti án þess að þurfa til þess langan aðdraganda. Gangskiptingin fet upp í hægt tölt þarf ekki að fara fram fyrir framan dómpallinn (nóg að hún fari fram í aðdraganda 150 metra kaflans) enda er ekki verið að meta gangskiptinguna sem slíka, heldur gæði hæga töltsins þegar það er sýnt upp af feti.

Brokk

Til að fá auknar upplýsingar um brokkið þegar úrvalseinkunnir eru gefnar (9,0 eða hærra) er hugmyndin að hesturinn sé sýndur á fleiri en einu hraðastigi, þ.e. á hægu brokki eða hægri milliferð og einnig greiðari ferð. Í dag er sú vinnuregla við lýði að sé gefið 9,5 eða 10 fyrir brokk, að þá sé hesturinn sýndur á milliferð, auk greiðari ferðar. Nú er hugmyndin að útfæra þetta skýrt í skalanum og gera þessa kröfu þegar einkunnir 9,0 eða hærra eru gefnar. Stefnan er sú að hross sem hljóta úrvalseinkunnir hafi sannarlega bætandi áhrif á brokk í stofninum en þá er mikilvægt að hrossið sé takthreint, beiti sér rétt og búi yfir fjaðurmagni á hægari ferð. Þá geta hraðabreytingar í góðu jafnvægi vegið til hækkunar á einkunnum hvar sem er í skalanum.

Skeið

Þegar kemur að mati á skeiði er nýjung í skalanum að gerðar eru minni kröfur til fjögurra vetra hrossa hvað lengdina á sprettinum varðar. Fyrir fjögurra vetra hross er full sprettlengd 75 metrar en 150 metrar hjá eldri hrossum eins og verið hefur. Þá er meira lagt upp úr réttri líkamsbeitingu á skeiði og jafnvægi. Auðveld niðurtaka á skeið af stökki á greiðri ferð, létt taumsamband á sprettinum sem og mjúkleg niðurhæging í jafnvægi eru verkefni sem geta vegið til hækkunar á einkunnum enda sýna þau fram á jafnvægi hestsins og öryggi á sprettinum. Að sama skapi skal einkunn lækka um 0,5 hið minnsta séu miklir erfiðleikar í upphafi spretts, hesturinn þarf mikla hjálp frá knapa til að halda jafnvægi á sprettinum eða ef hesturinn styttir sig í niðurhægingu. Til að hljóta einkunnir 8,5 og hærra þarf að hleypa hestinum greinilega til skeiðs, þetta er verkefni sem þegar er farið að biðja um.

Greitt stökk

Í nýjum skala hefur stökkið verið skilgreint sem tveir aðskildir eiginleikar, greitt stökk og hægt stökk, með sitt hvort vægið (sjá grein um þróun vægisstuðlanna). Þegar stökk hefur verið skilgreint sem tveir eiginleikar er ekki lengur um þröskulda að ræða, þannig að gæði á hægu stökki hafa ekki áhrif á einkunnagjöf fyrir stökk, eins og verið hefur. Stökk skal sýnt á þeim mesta hraða þar sem hesturinn ræður við að ganga í jafnvægi, þar sem hraðaaukning frá hægu upp í mestu ferð er sýnd. Greinileg hraðaaukning í góðu jafnvægi getur vegið til hækkunar á einkunn og eins ef sýnd er jafnvægisgóð niðurhæging. Full sprettlengd er 150 metrar en eins og með skeiðið er full sprettlengd 75 metrar hjá fjögurra vetra hrossum.

Hægt stökk

Hvað hæga stökkið varðar hefur ræktunarmarkmiðið verið yfirfarið og skýrt en dómskalinn fyrir hægt stökk var fremur lítið skilgreindur. Í nýjum skala er betur lýst hvaða gerðir af hægu stökki eigi að verðlauna til úrvalseinkunna, þar sem t.d. svif og mýkt geta vegið hvort annað upp. Fyrir hinar hærri einkunnir (9,0 eða hærra) þarf hesturinn að geta lyft sér upp í jafnvægisgott hægt stökk af feti eða milliferðar tölti/brokki. Sýning á bæði hægra og vinstra stökki sem og að hesturinn haldi jafnvægi og burði þegar slakað er á taum eru verkefni sem vegið geta til hækkunar á einkunn séu þau vel framkvæmd.

Fet

Þar hefur ræktunarmarkmiðið einnig verið yfirfarið og skýrt. Í nýjum skala er aukin áhersla á rétta líkamsbeitingu á feti, hesturinn gangi vel í gegnum sig og hafi góða skreflengd en minni áhersla á yfirstig á fetinu; það er að afturfótur fari mikið yfir framfótarsporið. Hvað varðar ung hross þá eru gerðar minni kröfur um stöðuguleika sýningarinnar, þ.e. ef ung hross missa einbeitingu á fetinu, að dæma til einkunnar bestu kafla sýningarinnar.

Vilji og geðslag

Eins og fram hefur komið er meiri áhersla lögð á þjálni og yfirvegun í mati á þessum eiginleika í nýjum skala. Í vilja og geðslagi er metið hvernig sýningin gengur; framhugsun hestsins, svörun við ábendingum (þjálni) og spennustig. Stefnan er að koma upplýsingum skýrar á framfæri um þessi þrjú atriði í framtíðinni þannig að ræktendur geti betur glöggvað sig á hestgerðinni sem í dómi er hverju sinni. Þetta eru einnig þau atriði sem raunhæft er að meta á þeim fáu mínútum sem dómurinn fer fram. Mörg atriði geðslagsins er ekki hægt að glöggva sig á með sjónmati. Þetta er því afmarkaðri eiginleiki en núverandi heiti hans gefur til kynna og spurning hvort ekki sé betra að kalla eiginleikann samstarfsvilja í stað vilja og geðslags.

Vægi eiginleikanna

Hugmyndin er að þróa vægistuðla eiginleikanna í aðaleinkunn, þessar breytingar eru hluti af þróun og breytingum á ræktunarmarkmiðinu og dómskalanum sem er verið að vinna að þessa dagana.

Helstu breytingar sem hugmyndin felur í sér eru eftirfarandi:

- Hækka vægi hæfileikanna í aðaleinkunn þar sem ganghæfni hrossa er veigamesti þáttur þeirra
- Hækka heildarvægi grunngangtegundanna. Þetta er gert til þess að leggja meiri áherslu á hina fjölhæfu hestgerð innan stofnsins, hvort sem hún býr yfir fjórum eða fimm gangtegundum, en það er sú hestgerð sem er verðmætust
- Skilgreina hægt stökk sem sér eiginleika. Gæði á hægu stökki eru hluti af einkunn fyrir stökk í dag en verðmætt er að hægt stökk hafi bein áhrif á aðaleinkunn hrossa. Aðgengilegt er að skilgreina hægt stökk og stökk sem tvo eiginleika þar sem um tvær gangtegundir er í raun að ræða, þrítakta hægt stökk og fjórtakta hratt stökk og er talað um þetta sem tvær gangtegundir í mörgum löndum
- Hækka vægi á bak og lend þar sem rannsóknir á tengslum byggingar og hæfileika styðja að leggja meiri áherslu á þennan eiginleika
- Reikna tvær aðaleinkunnir fyrir hvern hest. Auk aðaleinkunnar eins og hún er reiknuð í dag er hugmyndin að reikna út sérstaklega fjórgangseinkunn þar sem vægi skeiðs er tekið úr útreikningi á aðaleinkunn og dreift hlutfallslega út á aðra eiginleika hæfileikanna. Þetta myndi vera gert fyrir öll hross hvort sem þau búa yfir fjórum eða fimm gangtegundum

Hugmyndina að breyttum vægistuðlum má sjá í meðfylgjnadi töflu, ásamt núverandi vægistuðlum:

Vægi einstakra eiginleika í %

Eiginleiki	Núverandi	Hugmyn:	Eiginleiki	Núverandi	Hugmynd
Höfuð	3	2	Tölt	15	16
Háls, herðar og bógar	10	8	Brokk	7,5	9
Bak og lend	3	5,5	Skeið	10	10
Samræmi	7,5	7	Hægt stökk	-	4
Fótagerð	6	4	Greitt stökk	4,5	3
Réttleiki	3	2	Vilji/Geðslag	9	7
Hófar	6	5	Fegurð í reið	10	10
Prúðleiki	1,5	1,5	Fet	4	6
Samtals	*40*	*35*	*Samtals*	*60*	*65*

Sköpulag

Samkvæmt þessari tillögu vegur háls, herðar og bógar mest af eiginleikum byggingar, þá samræmi og bak og lend; enda eru þetta lykileiginleikar hvað virkni og heildarútlit hestsins varða. Af eiginleikunum fótagerð, réttleiki og hófar þá er hugmyndin að hófarnir vegi mest. Fyrir utan sterka tengingu hófa við nýtingu hestsins, þá hafa þeir hafa einnig hæsta erfðafylgni þessara eiginleika við ganghæfni og keppnisárangur (39-52%) sem gefur okkur líklega vísbendingu um tengsl hófa við endingu hrossa þar sem eldri hross eru að taka þátt í keppni heldur en kynbótadómi.

Hæfileikar

Hvað hæfileikana varðar er hugmyndin að auka áherslu á fjölhæfni hrossanna og auka vægi grunngangtegundanna í aðaleinkunn. Rökin fyrir því að hækka vægi grunngangtegundanna eru þau að fjölhæf hross eru verðmætustu hrossin og einnig er það vissulega ræktunarmarkmiðið að bæta allar gangtegundir hestsins og sker íslenski hesturinn sig frá mörgum öðrum ganghestum að þessu leyti. Þessi hækkun tekur einnig mið af þróun í reiðmennsku og þjálfun hestsins, þar sem t.d. hægt stökk hefur verið að skipa markvissari sess í uppbyggingu hestsins. Í þessari útfærslu er vægi grunngangtegundanna aukið samtals um

6%. Vægi grunngangtegundanna er í núverandi kerfi samtals 16% en yrði 22%.

Hvað grunngangtegundirnar varðar þá er hugmyndin að skipta hægu stökki og stökki í tvo eiginleika með sitt hvort vægið þar sem hægt stökk vegur meira. Í þessum breytingum öllum, á vægistuðlum og dómskala, er stefnan að leggja meiri áherslu á gæði hestsins á hægu, hvort sem það er tölt, brokk eða stökk. Varðandi stökk er aðgengilegt að skilgreina hægt stökk og stökk sem tvo eiginleika þar sem um tvær gangtegundir er í raun að ræða, þrítakta hægt stökk og fjórtakta hratt stökk og er talað um þetta sem tvær gangtegundir í mörgum löndum. Með þessu hefur hægt stökk bein áhrif á aðaleinkunn sem er verðmæt breyting. Hugmyndin er að skapa réttari upplýsingar, ekki síst fyrir kynbótamatið þar sem hestur í dag getur til dæmis verið með 8.0 fyrir stökk en einungis 7.0 fyrir hægt stökk en það er 8.0 fyrir stökk sem telur inn í aðaleinkunn hestsins og myndar þar með aðaleinkunn kynbótamats. Hægt stökk er miklu meira notuð gangtegund í þjálfun og einnig í keppni. Hratt stökk er að sjálfsögðu notað í þjálfun hestsins og í gæðingakeppni en spurning er hvort að sýning á hröðu stökki hafi ekki að mörgu leyti meira upplýsingagildi en praktískt gildi þar sem hratt stökk segir til um burð í baki, léttleika og líkamsbeitingu hestsins og vilja hans. Við þessa breytingu er þá betra að tala um hægt stökk annars vegar og greitt stökk hins vegar.

Töltið verður alltaf að hafa hæst vægi eiginleikanna enda lykil eiginleiki í íslenska hrossastofninum. Það er spurning hvort við þessa breytingu sé hyggilegt að setja 1% á töltið þannig að það skeri sig áfram mest úr. Hvað varðar hægt tölt hefur komið upp sú hugmynd hvort betra sé að skilgreina það sem sér eiginleika, líkt og hugmyndin er að gera með hæga stökkið. Með töltið er líklega betri leið að leggja meiri áherslu á gæði á hægu tölti í gegnum dómskalann þar sem meiri kröfur eru gerðar til hæga töltsins við einkunnagjöfina. Þar er skýrt ræktunarmarkmið hestur sem býr yfir gæðum á öllum hraðastigum. Þá er hægt tölt t.d. ekki notað sem sér eiginleiki í keppni en það er gert með hæga stökkið. Þetta er því talin betri leið en sú að skilgreina hægt tölt sem sér eiginleika með sér vægi en með því að gera ákveðnar kröfur til gæða á hægu tölti við einkunnagjöfina er í raun búið að gefa hæga töltinu vægi í aðaleinkunn.

Þá er lagt til að hækka vægi fetsins. Það er mikilvæg gangtegund á svo margan hátt. Allar æfingar eru kenndar á feti og er grunnur undir aðrar gangtegundir. Það hefur mikið með sölumöguleika hestsins að segja, í hvaða hlutverk sem hesturinn er ætlaður, að hesturinn geti fetað slakur. Gæði á feti skera einnig úr um það að mörgu leyti hvort hesturinn nýtist í keppni eða ekki og hefur þar með mikið með verðmæti hestsins að segja.

Vægi á fegurð í reið er óbreytt, eða 10%, enda afar verðmætur eiginleiki sem sést vel í þeirri háu erfðafylgni sem hann hefur við keppnisárangur. Þá er vægi á vilja og geðslagi lækkað um 2%. Það er að sjálfsögðu einn mikilvægasti eiginleikinn í hestinum en jafnframt sá sem erfiðast er að meta með öryggi. Með því að hækka vægi á feti er einnig lögð meiri áhersla á getu hestsins til slökunar sem er einn mikilvægasti þáttur geðslagsins.

Fjórgangs aðaleinkunn:

Þá er hugmyndin að reikna út sérstaklega fjórgangseinkunn fyrir öll hross þar sem vægi skeiðs er tekið úr útreikningi á aðaleinkunn og dreift hlutfallslega út á aðra eiginleika hæfileikanna. Þetta er gert til þess að bæta við áhugaverðum og verðmætum samanburði á öllum hrossum hvort sem þau búa yfir fjórum eða fimm gangtegundum. Þetta lyftir upp góðum og úrvals klárhrossum með tölti en hefur einnig jákvæð áhrif á stöðu jafnvígra alhliða hrossa. Einnig mun þetta að öllum líkindum hafa jákvæð áhrif á mætingu til dóms (t.d. verða klárhross með 8,0-8,5 fyrir alla þætti hæfileikanna líklegri til að vera sýnd). Að lokum og ekki síst gefur þetta færi á því að reikna kynbótamat á fjórgangseinkunn og verðlauna afkvæmahross á þessum grunni; afkvæmahross sem eru að gefa úrvals klárhross með tölti en fá alhliða hross en það eru ekkert síður verðmætir gripir til ræktunar.

Þessi hugmynd um fjórgangseinkunn kallar einnig á pælingar með ræktunartakmarkið. Er ræktunarmarkmiðið eingöngu alhliða hestur eða einnig úrvals klárhestur með tölti – úrvals ganghestur eins og það er orðað í almennu ræktunarmarkmiðunum sem eru í bígerð. Ég tel það og þekkingin á skeiðgeninu og erfðum ganghæfninnar segir okkur að sum klárhrossin (CA hross) eru og munu gefa okkur úrvals fjórgangs- og fimmgangshross. Við erum að sjálfsögðu að rækta ganghest og allir vilja að ræktunargripir búi yfir úrvals tölti en hross sem býr yfir fjórum úrvals gangtegundum er úrvals ræktunargripur.

Að lokum er gott að hafa í huga að þeir eiginleikar sem metnir eru í kynbótadómi fylgjast nánast allir jákvætt að (jákvæð svipfars- og erfðafylgni) og margir þeirra hafa háa jákvæða fylgni á milli sín. Þannig hafa smávægilegar breytingar á vægistuðlum ekki mikil áhrif á erfðaframfarir. Þessar breytingar hafa almennt heldur ekki mikil áhrif á meðaltöl aðaleinkunna en skilja betur á milli jafnvígra hrossa og þeirra sem eru einhæfari eins og fyrr segir. Vægistuðlarnir gefa einnig til kynna hvaða hestgerð við viljum halda frammi og hvaða eiginleika við viljum bæta á hverjum tíma.

FRÉTTASKÝRING

Heimurinn er ekki svart-hvítur þegar kemur að fæðuvali, að mati bónda og rithöfundar í Tasmaníu sem vildi verða vegan:

„Ekkert „vegan“ er til sem ekki hefur áhrif á dýralíf“

– Dýra- og jurtaríkið er samofin heild, en líklega er hægt að komast næst því í íslenskum gróðurhúsum að fá hreint veganhráefni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Sífellt fleiri velja sér þann lífsstíl að borða einungis fæðu úr jurtaríkinu sem nefnd er „vegan“. Helstu rökin eru gjarnan sögð væntumþykja um dýr og að fólk vilji ekki neyta fæðu sem búin hafi verið til með því að deyða dýr. Kannski er þetta samt ekki eins einfalt og veganfólk telur sér og öðrum trú um.

Í tímaritinu Weekend Australian var grein eftir Matthew Evans þann 29. júní síðastliðinn. Orð Evans hafa víða vakið athygli og ABC News fjallaði m.a. um málið 3. júlí. Hann er bóndi á Puggle Farm-býlinu í Huon dal í Tasmaníu í Ástralíu, matreiðslumaður og matargagnrýnandi sem hafði hugsað sér að verða vegan og gerði tilraunir sem grænmetisæta. Hann hefur gefið út að minnsta kosti tíu bækur um mat, m.a. bækurnar Never Order Chicken on a Monday og The Dirty Chef. Hann fór að velta fyrir sér hugmyndafræðinni á bak við vegan lífsstílinn og hvort hún stæðist skoðun. Niðurstaðan hans er sláandi.



Matthew Evans vildi verða vegan og fór að velta fyrir sér hugmyndafræðinni á bak við veganlífsstílinn og hvort hún stæðist skoðun. Niðurstaða hans kemur örugglega mörgum á óvart.

Til að trúa hugmyndafræðinni þarf að loka augunum fyrir fjölmörgum staðreyndum

„Það er margt að segja um veganisma,“ segir Evans. Þar veltir hann fyrir sér þeirri spurningu hvort jurtaætur eða „veganistar“ séu raunverulega bara jurtaætur vegna þeirrar staðreyndar hversu mikill fjöldi dýra láti lífið á hverjum degi við framleiðslu á jurtafæði.

Hann segir að hver hugsandi neytandi matvæla neyðist til að fara í kringum heilan helling af siðferðilega gráum svæðum ef eingöngu eigi að borða veganfæði. Þá þurfi menn um leið að loka augunum fyrir fjölmörgum staðreyndum.

„Ef þér er annt um það sem þú setur í munninn, þá er það líklega einfaldasta leiðin að neyta einungis kjöts.

Það eru engin grá svæði um svokallað „siðferðilegt“ kjöt, eða hvort „frjálsar hænur“ (Free range) séu nákvæmlega skilgreindar svo þegar það eru 10.000 hænur á hektara eða ekki. Að borða ekki kjöt, eða neyta fæðu sem kemur frá dýrum eða dýraeldi, þýðir þó vissulega að þú ert að gera betur gagnvart þeim dýrum sem þar eiga í hlut, líka gagnvart umhverfinu og þinni eigin heilsu. Þótt veganismi hafi verið að aukast hjá vestrænum þjóðum á hann samt enn langt í land með að geta talist almennt neysluviðhorf. Ef veganfæði felur raunverulega í sér sigur fyrir allt og alla, af hverju er þá svo erfitt að sannfæra fólk um gildi þess að vera á grænmetisfæði?“ spyr Matthew Evans.

Hugmyndafræðin er falleg en veruleikinn er ekki svo einfaldur

Hann bendir á að vegan-heimspekin snúist oftast um að draga úr þjáningum. Með því að borða ekki dýr sé samkvæmt skilgreiningu fræðanna verið að draga úr þjáningu. Það þyki flestum yndislega falleg hugmyndafræði. – „Ég vildi óska þess að það væri bara svona einfalt,“ segir Evans.

Hann tekur dæmi af baunum eða ertum og vísar til 2.700 hektara býlis í Norður-Tasmaníu í Ástralíu sem hann heimsótti og er með blandaðan búskap. Hann nefnir bæinn Collydean (sem er þó ekki raunverulegt nafn á bænum, en þessi bóndabær er samt til í veruleikanum). Þar er nautgriparækt, einhver sauðfjárrækt, skógrækt, byggrækt og sum ár ræktuð bændurnir ertur, eða um 400 tonn á hverri vertíð.

Mikill fjöldi dýra drepinn svo hægt sé að rækta baunir

Til að vernda baunræktunina hafa bændurnir reist nokkrar girðingar til að halda dýrum frá baunaökrunum. Þeir þurfa samt að skjóta mikið af dýrum sem sækja í akrana. Evans segir að á meðan hann dvaldist á bænum hafi bændurnir haft leyfi til að drepa um 150 dádýr til að verja baunaakurinn.

„Þeir drepa reglulega um 800 til 1.000 possums (eins konar rottur) og 500 wallabies (pokadýr) á hverju ári ásamt nokkrum öndum. Bændur á Collydean-sveitabýlinu bjóða einungis veiðimönnum að veiða sem nota dýrin sem þeir drepa til manneldis eða nýta dýrin í gæludýrafóður. Veiðimennirnir mega ekki skilja dýrin eftir á akrinum eins og algengt er þegar bændur eru að verja uppskeru sína.

Possums-dýr eru drepin í stórum stíl í baunarækt.

Meira en 1.500 dýr eru drepin á hverju ári til að hægt sé að rækta baunir á um 75 hekturum á Collydean-sveitabýlinu sem síðan fara í frystigeymslur. Þá eru ekki talin með 1.500 nagdýr, sem líka láta lífið vegna ræktunarinnar og sumir líta á sem óhjákvæmileg afföll á dýrum (collateral damage). Þau dýr sem drepast eru vissulega falleg dýr með heitt blóð. Auk þess er eitthvað af fuglum sem drepnir eru, en þeim er hent.“

Pokadýr láta unnvörpum lífið ásamt dádýrum og fjölda annarra tegunda þegar bændur í Ástralíu reyna að verja baunaakra sína fyrir ágangi dýra til að framleiða grænmetisfæðu fyrir mannfólkið.

Eigendur Collydean fullvissuðu Evans um að það væri ekki hagkvæmt fyrir þá að rækta baunir án þess að drepa dýr.

„Það þýðir að í hvert skipti sem við borðum baunir hafa bændur fyrir okkar hönd reynt að hafa stjórn á „plágunni“ sem sækir í uppskeruna. Dýrin hafa því dáið í okkar nafni,“ segir Evans. „Fjöldi dýra sem deyja til að hægt sé að framleiða veganmat er ótrúlega mikill.“

Mun fleiri dýr drepin við að framleiða prótein úr hveiti en nautakjöti

Evans bendir fólki líka á að íhuga ræktun á hveiti, sem er töluvert öflug búgrein í Ástralíu.

„Við skulum líta á næringarinnihald matarins sem um ræðir, vegna þess að ekki eru öll matvæli jöfn hvað þetta varðar. Samkvæmt grein frá Mike Archer, prófessor við raunvísindadeild Háskólans í Nýju Suður-Wales (NSW), deyja u.þ.b. 25 sinnum fleiri tilfinningaverur við að framleiða kíló af próteini úr hveiti en kíló af próteini úr nautakjöti. Þökk sé einrækt, músaplágu og nútíma landbúnaðarkerfi. Svakalegur fjöldi af smádýrum lætur lífið við að framleiða hveiti. Jú, aðallega eru þetta nagdýr, en í hinum fullkomna veganheimi ættu þá ekki öll dýr með heitt blóð að vera lögð að jöfnu?“

Eitrað fyrir einum milljarði músa

Að meðaltali er eitrað fyrir einum milljarði músa á hverju ári í Vestur-Ástralíu eingöngu. Í skýrslu öldungadeildarinnar frá 2005, kemur fram að ef við drepum ekki mýs myndi kostnaður við fæðuöflun hækka verulega. Þrátt fyrir beitingu ýtrustu tækni kosta mýs ástralska hagkerfið um 36 milljónir ástralskra dollara á ári, eða sem nemur rúmum þrem milljörðum íslenskra króna. Evans heldur áfram:

200 þúsund endur drepnar vegna hrísgrjónaræktar

„Við skulum líta á fugla. Á fimm ára tímabili fram til 2013 drápu hrísgrjónabændur í NSW næstum 200.000 endur af áströlskum uppruna til að vernda akra sína. Já, það er rétt, bara til að rækta hrísgrjón. Það er til viðbótar við öll dýrin sem drepin hafa verið vegna óbeinna áhrifa af hrísgrjónaræktuninni, dýr sem lifðu á vatnasvæðum sem tæmd voru til að veita vatni á akrana í þessari þurru heimsálfu. Svona er nú landbúnaðurinn,“ segir Evans.

„Til að rækta eitthvað hefur það óhjákvæmilega áhrif á aðra þætti í lífríkinu. Stundum eru það dýr og þá stundum fjári mikill fjöldi af dýrum.

Dýrin sem aðallega drepast á Fat Pig Farm, landareign okkar í Huon-dalnum sunnan Hobart, eru sniglar sem annars gætu eyðilagt garðinn okkar ef þeir fengju að vera í friði. Við drepum nálægt 5.000 „moths fiðrilda“ á hverju ári til að rækta grænmeti (Moths er tegund Lepidoptera-skordýra sem teljast samt ekki eiginleg fiðrildi). Einnig snigla og þúsundir á þúsundir ofan af ýmsum skordýrum.“

Veganistar borða ekki hunang, en býflugur eru samt lykillinn að ræktun grænmetis

Evans segir skordýr samt skipta miklu máli í allri grænmetisframleiðslu. Mest nýtta skordýrið af öllum er evrópska hunangsflugan.

„Sannar veganætur borða ekki hunang vegna þess að það er afleiðing af ræktun og nýtingu á evrópsku hunangsflugunni. Veganistar borða ekki hunang vegna þess að það að borða hunang er sagt vera „að stela“ hunangi úr býflugnabúinu og af því að býflugur deyja í því ferli þegar býflugnaræktendur eru að sækja hunangið í búin. Jú, veganistar hafa rétt fyrir sér, býflugur deyja í því ferli.

Vandamálið er að hunangsflugur eru mjög góðar við að frjóvga blóm nytjajurta. Þannig að gríðarlega stór hluti ræktunar byggir algjörlega á aðstoð býflugna meðal annars í ávaxtarækt. Fjöldi ræktenda nytjajurta myndi þurfa að upplifa mun minni uppskeru vegna minni frjósemi ef býflugna nyti ekki við.“

Hefur sérhæft sig í rannsóknum á hryggdýrum og forsögulegum skepnum

Prófessor Michael Archer, eða „Mike“ eins og hann er líka kallaður og Evan minnist á, hefur komið víða við í sínum rannsóknum í fornleifafræði og dýrafræði.



Michael Archer, prófessor við UNSW.

Hann hefur starfað við þá deild Háskólans í Nýju Suður-Wales sem fjallar um líffræði, jarð- og umhverfisvísindi. Hann hefur sérhæft sig í rannsóknum á hryggdýrum og forsögulegum dýrum. Þá hefur hann m.a. unnið að rannsóknum á uppruna dýra á Nýja-Sjálandi og víðar í Eyjaálfu ásamt 100 vísindamönnum frá 28 stofnunum í 11 ríkjum, þ.e. Frakklandi, Þýskalandi, Tékklandi, Englandi, Bandaríkjunum, Kína, Kanada, Argentínu, Nýja-Sjálandi og Ástralíu.

Án býflugna myndi öll ræktun nánast hrynja

„Um þriðjungur allrar ræktunar á heimsvísu nýtur góðs af beinum samskiptum við býflugur, þar af eru evrópsku hunangsflugurnar þær langskilvirkustu. Hvort sem við borðum hunang eða ekki, þá erum við að njóta góðs af starfi hinna tömdu evrópsku hunangsflugna. Án þeirra myndi sum ræktun nánast hrynja, kostnaður við ræktunina stóraukast og aðrar óæskilegar tegundir kæmu í staðinn. Mikill fjöldi býflugna deyr á hverju ári við frjóvgunarvinnu fyrir okkur mannfólkið," segir Evans.

Milljarðar býflugna láta lífið vegna ávaxta- og grænmetisræktar

Samkvæmt gögnum Scientific American er áætlað að allt að 80 milljarðar hunangsflugna séu notaðar við frjóvgun bara í möndluiðnaðinum í Kaliforníu á hverju ári. Allt að helmingur þeirra drepst í því ferli og í flugi til og frá stóru möndluökrunum. Blóðbaðið eftir eina uppskeru telur því um 40 milljarða býflugna.

Eru veganvínin hrein?

Evans spyr einnig: „Hvað með veganvín? Þar er vissulega hvorki notaðar fiskblöðrur, mjólkurduft né egg við að fella grugg í mörgum veganvíntegundum, bjór og eplasafa. Þið megið samt ekki gleyma að skoða hvað gerist við uppskeruna.

Lítum á vínber sem tínd eru til víngerðar, horfum á þar sem risastórir skammtar af ferskum vínberjum fara í pressuna ásamt músum, köngulóm, eðlum, snákum og froskum. Þetta er sorglegt, því veganvín eru hrein, er það ekki?"

Við borðum 0,5 til 1 kg af skordýrum við neyslu á hnetusmjöri, súkkulaði og korni

„Við skulum halda áfram og líta á hnetusmjörið, þennan frábæra próteingjafa. Veistu hversu margir hlutar skordýra eru í hverri krukku? Samkvæmt grein í Scientific American borðar hvert okkar um það bil 0,5–1 kg af flugum, möðkum og öðrum pöddum á ári, sem faldar eru í súkkulaðinu sem við borðum, í korninu sem við neytum og hnetusmjörinu sem við smyrjum á ristaða brauðið okkar."

Þetta kom reyndar líka fram í skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) árið 2013 um ætileg skordýr til að tryggja fæðuöryggi jarðarbúa, „Edible insects: future prospects for food and feed security". Einnig í grein í Scientific American í júní 2013 undir fyrirsögninni „Rub a Dub Dub, Is It Time to Eat Grubs?"

Evans segir að samkvæmt bandarískum reglugerðum megi 125 gramma pakkning af pasta innihalda að meðaltali 125 skordýrabrot eða meira. Einn bolli af rúsínum geti innihaldið allt að 33 ávaxtaflugueggjum. Eitt kílógramm af hveiti innihaldi líklega um 15 grömm af leifum dýraafurða, allt frá kakkalökkum til nagdýra.

Hvaða mat sem þú borðar ertu í raun aldrei vegan

„Ég dreg þessa mynd ekki upp sem einhvern ógeðsþátt, heldur einfaldlega til að sýna raunveruleg áhrif og kostnað við matvælaframleiðslu. Þegar þú borðar ertu aldrei í raun vegan. Þegar menn vaxa og vinna úr mat, deyr allur matur, aðrir hlutir jafn oft og við borðum þá."

Við allar aðgerðir manna er verið að deyða dýr

„Það er talað um matvælaframleiðslu af mikilli ósanngirni þegar hún er sökuð um að drepa dýr. Allar mannlegar athafnir hafa áhrif á aðrar lifandi verur. Við drepum dýr þegar við keyrum. Við drepum dýr þegar við fljúgum, eða flytjum vörur með flugvél. Við drepum þegar við byggjum járnbrautarlestir, þegar við búum til korn, ræktum epli og mokum upp sandi. Við erum að breyta vistkerfum þegar við komum okkur upp íbúðarhúsnæði, byggjum reiðhjólaverksmiðjur og flytjum baunir með skipum. Við erum að ryðja dýrum út úr sínu eðlilega umhverfi alla daga með öllum þeim sársauka og þjáningum sem því fylgja."

Frá Tasmaníu.

Nýjar rannsóknir í Bandaríkjunum:

Fæða býflugna kemur bæði úr jurta- og dýraríkinu

Scientific American hefur birt fjölda greina um rannsóknir á býflugum í Bandaríkjunum. Í athyglisverðri grein um býflugur sem birt var 23. ágúst síðastliðinn kemur fram að býflugur eru í raun dýr sem bæði geta lifað á fæðu úr jurta- og dýraríkinu líkt og menn. Þær eru það sem kallað er „omnivores" og þeirra fæða úr dýraríkinu eru örverur (microbes).

Vísindamenn hafa vitað í áratugi að örverur sem valda gerjun finnast í býflugnabúum. Þeim hefur samt hingað til ekki dottið í hug að þær séu mikilvægur hluti af fæðu býflugna. Talið er að þessi uppgötvun geti hjálpað vísindamönnum að átta sig á af hverju býflugur eigi í stöðugt meiri vandræðum með að lifa af í umhverfi hátæknivædds landbúnaðar. Mögulegt sé að skortur á örverum í umhverfi þeirri valdi því að þær svelti hreinlega til dauða. Þetta kom fram í sameiginlegum rannsóknum vísindamannanna frá Madison-háskólanum í Wisconsin, þeim Prarthana Dharampal og Shawn Steffan. Þeir unnu að rannsóknum á 14 mismunandi tegundum býflugna í samvinnu við landbúnaðarrannsóknarþjónustu landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna. (U. S. Department of Agriculture's Agricultural Research Service (ARS).

„Óhjákvæmileg afföll" eiga sér stað við alla ræktun

„Fyrir þá sem hafa ekki áhuga á að borða kjöt, eða kjósa að borða ekki kjöt, snýst þetta um samhengi hlutanna. Allar skepnurnar sem drepast við ræktun, þ.e. nagdýrin, skordýrin, fuglarnir, eru einfaldlega „óhjákvæmileg afföll" á dýrum (collateral damage). Þessi hugsunarháttur byggist á því að kjötiðnaðarmenn (eða umboðsmenn þeirra, bændur, slátrarar og matreiðslumenn) „velja" sér fórnarlamb, svo þetta er frábrugðið því er dýr deyr vegna tilviljunar úti í náttúrunni. Dauði er samt dauði.

Þjáning er líka þjáning, óháð því hvort um mann er að ræða, beint eða ekki. Íhuga þarf öll áhrif gerða okkar. Það held ég að sé kjarni málsins."

Líf byggir allt á því að nýta sér annað lífsform

„Hvaða aðgerðir mannanna hafa í för með sér minnstar þjáningar? Sumir álitsgjafar telja að ræktun leiði til meiri þjáninga fyrir fleiri dýr. Skoðunin er sú að lífið sé byggt á lífi. Að við lifum með því að neyta einhvers sem hefur lifað, sem hefur aftur áhrif á annars konar lífsform langt út fyrir okkar skilning.

Þú borðar plöntu og það hefur áhrif á það dýr sem ætlaði að borða plöntuna. Tölum t.d. um hnetu af tré í náttúrunni. Vegna þess að við borðum hnetuna deyr dýr sem ætlaði að borða hnetuna. Kannski er það engispretta, margfætlan á búgarðinum, eða einhver lífvera sem gæti hafa búið í náttúrunni, ef við hefðum ekki nýtt plöntuna."

Rækun plantna til manneldis hefur mikinn eyðileggingarmátt

„Að drepa dýr í náttúrunni til matar hefur lítil áhrif. Vistfræðilegt fótspor búfjár hefur meiri áhrif á landið. Enn meiri áhrif og meiri eyðileggingarmátt hefur samt ræktun plantna til matar. Það er vegna ofnýtingar á jarðvegi, dráps á heilu flokkunum af dýrum til að viðhalda einræktun. Einnig vegna notkunar á tilbúnum áburði og efnum sem nútímabóndinn nýtir sér. Við öll, vegan og dýraætur, erum að njóta áburðar og rotmassa sem kemur frá annaðhvort dýraúrgangi eða jarðefnaeldsneyti. Lífrænir bændur nota rotmassa m.a. sem aukaafurð frá dýraeldi, en hefðbundnir bændur nota köfnunarefnisáburð sem er framleiddur með miklu magni af jarðefnaeldsneyti. Um það bil 2–3 prósent af jarðefnaeldsneyti sem brennt er á hverju ári fer til framleiðslu á köfnunarefnisáburði. Það nemur u.þ.b. 3 prósentum af kolefnislosuninni í heiminum. Þar með talinni losun köfnunarefnis sem losnar út í andrúmsloftið.

Svo er til alþjóðlegt flutningskerfi, sem notar jarðefnaeldsneyti til að senda brasilísku sojabaunirnar þínar og kalifornísku möndlurnar um allan heim.

Ef þú notar ekki áburð úr jarðefnaeldsneyti þarftu úrgang frá dýraeldi. Varla er til sá lífræni ávaxta- og grænmetisbóndi sem notar ekki einhvers konar dýraafurð (áburð, blóð og bein) eða rotmassa sem inniheldur það.

Það er varla til býli sem treystir ekki á gas og olíu til að framleiða áburðinn, reka dráttarvélarnar og senda vörurnar. Flestar áætlanir segja að magn jarðefnaeldsneytis sem þarf til að rækta hverja kaloríu af mat og koma henni á borð neytandans sé 10 sinnum meira en orka matarkaloríunnar sjálfrar. Þetta er samt allt leikur að tölum," segir Evans.

Verst er einræktun, mun verri en grasfóðruð dýr

„Kornrækt og einræktun eru verst í þessu tilliti og mun verri en grasfóðruð dýr sem drepin eru og seld í nærumhverfinu. Þau eru hagstæðari náttúrunni og hagkvæmari framleiðandi á orku til fæðuöflunar og ræktun þeirra útheimtir minna af jarðefnaeldsneyti.

Ef við tökum dýraúrgang út úr ræktunarkeðjunni erum við að skekkja myndina verulega. Ef þú vilt hreinan veganlandbúnað þá þarf að fjarlægja býflugurnar úr ræktunarferlinu. Það mun leiða til meiri notkunar á jarðefnaeldsneyti, dýrari fæðu, lakari frjóvgunar og minni fjölbreytni í lífríkinu."

Hefur komið að öllum hliðum veganumræðunnar

„Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að koma að öllum hliðum þessarar umræðu. Ég hef gert tilraunir sem grænmetisæta. Ég hef hugsað mér að verða vegan. Ég hef stundað af ákafa kjúklinga- og svínarækt. Ég hef tapað peningum og þekki örvæntinguna."

Dýra- og jurtaríkið er samofin heild

„Ég hef líka alið upp dýr, drepið dýr, bæði villt og tamin og eldað dýr. Það sem ég hef fundið út er að dýraheimurinn er ekki einangraður frá heimi plantna og að blæbrigðarík, skynsamleg umræða um kjötneyslu ætti að snerta alla. Þar með talið jurta- og kjötætur þessa heims. Umræður þar sem fordæming, árásargirni og óþol gagnvart þeim sem eru ekki sömu skoðunar eiga ekki rétt á sér."

Látið ekki blekkjast með að það að vera vegan meiði ekki dýr

„Græningjum er velkomið að láta í ljós þá skoðun sína að það að ala dýr og borða kjöt hafi afleiðingar. Reyndar eru nokkrar af þessum afleiðingum sem einstaklingar valda dýrum og umhverfi vel þess virði að taka þær til alvarlegrar umhugsunar. Það er alveg mögulegt að sú afstaða að borða minna kjöt geti þýtt minni þjáningu, en ekki láta blekkjast með að það að vera vegan meiði ekki dýr," segir Matthew Evans.

Samkvæmt þessu er mjög erfitt að framleiða „vegan" grænmetisfæði án þess að drepa nokkurt einasta dýr. Það er þó líklega hægt að komast næst því með því að neyta eingöngu grænmetis sem framleitt er í lokuðum íslenskum gróðurhúsum. Meira að segja þar er þó gjarnan beitt náttúrulegum vörnum með aðstoð skordýra sem drepa önnur óæskileg sníkjudýr.

HROSS & HESTAMENNSKA

Hestamannafélagið Léttir gerir vel við eldri félagsmenn:

Mjólkurgrautur og slátur í boði í hádegissamveru

„Fyrst og fremst erum við að þakka fyrir gengin spor. Við fáum fyrirtæki til að styrkja þetta framtak og það hefur gengið vel, þannig að enginn borgar neitt, bara mætir og hefur gaman. Við lítum svo á að „heldri félagar okkar hafi greitt fyrir sig áður með ómetanlegu framlagi sínu til uppbyggingar félagsins,“ segir Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Léttis.

Félagið hefur þann sið að bjóða eldri félagsmönnum, 65 ára og eldri, þrisvar til fjórum sinnum á ári í gleðskap af einhverju tagi. Nú rétt um daginn var hópnum boðið í Skeifuna, félagsheimili Léttis í Reiðhöllinni, og þar var í boði mjólkurgrautur og slátur eins og hver gat í sig látið.

Sigrún Aðalsteinsdóttir, Garðar Lárusson, heiðursfélagi Léttis, og Kjartan Helgason gerðu grautnum góð skil.

Sýnum þakklæti okkar fyrir unnin verk

Sigfús segir að án þessa fólks væri félagið ekki það sem það nú er, „og við viljum sýna þakklæti okkar fyrir unnin verk með þessu, en ekki síður er hugmyndin líka sú að fá þetta góða fólk til að koma í félagsheimili okkar, heyra sögur frá liðinni tíð, búa til sögur úr fortíð sem við sem yngri erum þekkjum ekki,“ segir hann. „Mér finnst stundum að við sem yngri erum gleymum því að félagið okkar var til áður en við gengum í það, Léttir er 90 ára gamalt félag og nauðsynlegt fyrir okkur að vita að það var líf og það er til saga hestamennsku á Akureyri fyrir reiðhöll, styrki frá bænum og fleira og fleira sem okkur þykir sjálfsagt núna.“

Hólmgeir Valdimarsson við grautarpottinn. Myndir / MÞÞ

Björn Jóhann Jónsson, formaður Léttis og heiðursfélagi, sat til borðs með þeim Sverri Pálmasyni og Haraldi Höskuldssyni.

Margir leggja félaginu enn lið

Sigfús segir að hestamenn beri virðingu og sé þakklátt eldra „heldra“ fólkinu sínu og það sé því dásamlegt þegar það kemur á viðburði sem efnt er til fyrir það, „og ég veit að þau meta það mikils,“ segir hann. Margir leggja félaginu enn lið, fólk á þessum aldri er margt hvert hætt að vinna en hefur nægan tíma til að stússast í ýmsum sérverkefnum, smíðavinnu, þrifum og tiltekt eða hverju svo sem til fellur í félagsstarfinu. Þannig að vissulega sé líf í hestamennskunni þótt 65 ára aldri sé náð.

Að þessu sinni var sem fyrr segir boðið upp á mjólkurgraut og slátur, svona í tilefni af því að sláturtíð hefur staðið yfir síðustu viku. Hafdís Gylfadóttir og Guðlaug Reynisdóttir, báðar silfurmerkishafar Léttismanna, stóðu í ströngu við grautargerðina, eru konurnar á bak við tjöldin. Næst segir Sigfús að til standi að bjóða heldri manna-hópnum upp á kráarkvöld og verður það öðru hvorum megin við áramótin næstu. */MÞÞ*

Það var létt yfir þeim Halldóru Steindórsdóttur, Ástu Dúnu Jakobsdóttur og Júlíu Sjöfn Sigurjónsdóttur í grautarstundinni í Skeifunni.

Frá vinstri, Halldóra Steindórsdóttir og Ásta Dúna Jakobsdóttir.



Einar Örn Grant fær sér graut.

Frá vinstri eru Margrét Árnadóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Hólmfríður Hreinsdóttir.

Gámurinn er þarfaþing

Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

ARCAN Construction Products

Inndælingarefni í sprungur og óþétt plötuskil



Leka sprungurnar ?
Mikið úrval af efnum og verkfærum
til að stöðva lekann.
Fagleg ráðgjöf og þjónusta

múrefni ehf
Desjamýri 8 Mosfellsbæ
s. 4204010 - www.murefni.is

limtrevirnet.is

Íslenskar einingar fyrir íslenskt veðurfar

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlokueiningar með steinullareinangrun á milli.

Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn.
Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

LímtréVírnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350
Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Netfang - sala@limtrevirnet.is

mast Matvælastofnun

Opnað fyrir skil á haust-skýrslum 2019

Opnað hefur verið fyrir skráningar haustskýrslna og fara skil fram með rafrænum hætti á síðunni ***www.bustofn.is***. Umráðamenn/eigendur búfjár skulu skila haustskýrslu **fyrir 20. nóvember næstkomandi**.

Viking
VIKING WINDOW AS
Fyrir íslenskar aðstæður

- Álklæddir trégluggar
- Trégluggar

Sjá nánar: www.viking.ee

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Bændablaðið Næsta blað kemur út 21. nóvember. Auglýsingar s. 56-30-300

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

BÚVÖRUSAMNINGAR

Endurskoðun nautgripasamnings:

Íslensk nautgriparækt verði að fullu kolefnisjöfnuð og greiðslumark áfram við lýði

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands og stjórnvalda skrifuðu undir samkomulag um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar föstudaginn 25. október síðastliðinn. Markmið samkomulagsins er að stuðla að framþróun og nýsköpun í nautgriparækt. Áhersla er lögð á rannsóknir og menntun ásamt sjálfbærari og umhverfisvænni framleiðslu. Samkomulagið er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016.

Samkomulagið var undirritað í fjármálaráðuneytinu 25. október. Frá vinstri: Unnur Brá Konráðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Guðrún S. Tryggvadóttir, Arnar Árnason og Bjarni Benediktsson. Mynd / TB

Greiðslumarkið heldur velli

Fallið verður frá niðurfellingu heildargreiðslumarks sem átti að taka gildi þann 1. janúar 2021 og mun því greiðslumark gilda áfram út samningstímann. Greiðslumark heldur sér þar af leiðandi sem kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði og sem viðmiðun fyrir beingreiðslur. Viðskipti með greiðslumark verða leyfð að nýju frá og með árinu 2020 og munu þau byggja á tilboðsmarkaði sem er sama markaðsfyrirkomulag og gilti á árunum 2011–2016. Vissar takmarkanir verða á viðskiptum með greiðslumark sem verða útfærðar nánar í reglugerð.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði við undirritun samkomulagsins að það væri mikilvægt fyrir framþróun íslenskrar nautgriparæktar. Í fréttatilkynningu sem send var út samhliða undirrituninni sagði hann að með því að viðhalda kvótakerfi í mjólkurframleiðslu væri ýtt undir þá miklu hagræðingu sem orðið hefur í greininni til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Hann sagði það ekki síður mikilvægt fyrir hagsmuni neytenda að samstaða væri um að efla og tryggja forsendur til samkeppni við vinnslu mjólkurafurða og því verður gerð greining á tækifærum til frekari aðskilnaðar milli söfnunar og sölu á hrámjólk frá vinnslu mjólkurafurða og öðrum rekstri.

„Samhliða er stefnt að því að stýritæki við verðlagningu mjólkurafurða verði þróuð til meira frjálsræðis með því að taka upp nýtt fyrirkomulag í stað verðlagsnefndar búvöru, enda er núverandi fyrirkomulag að mörgu leyti tímaskekkja. Loks er rétt að fagna sérstaklega þeirri sterku og metnaðarfullu stefnumörkun sem bændur og stjórnvöld sameinast um að íslensk nautgriparækt verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040," sagði Kristján Þór.

Fjármagni ráðstafað til kolefnisbindingar

Samningsaðilar eru sammála um það markmið að íslensk nautgriparækt verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040. Þetta verði gert m.a. með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, bættri fóðrun, meðhöndlun og nýtingu búfjáráburðar, markvissri jarðrækt og öðrum þeim aðgerðum er miða að því að kolefnisjafna búskap. Slíkar áherslur falla vel að öðrum verkefnum, að mati samningsaðila, á sviði kolefnisbindingar svo sem skógrækt. Skal að því stefnt að allar afurðir frá íslenskum nautgripabændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar fyrir árið 2040.

Til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar nautgriparæktar eru samningsaðilar sammála um að ráðstafa fjármagni af samning um starfsskilyrði nautgriparæktar til aðgerða í loftslagsmálum. Tekið verður til skoðunar að innleiða fjárhagslega hvata fyrir bændur til að ná árangri í að auka bindingu kolefnis.

Verðlagsmál endurskoðuð

Í samkomulaginu sameinast stjórnvöld og bændur um að skoða breytingar á verðlagsmálum mjólkurafurða. Gerð verður greining á tækifærum til frekari aðskilnaðar milli söfnunar og sölu á hrámjólk frá vinnslu mjólkurafurða og öðrum rekstri. Þá verður fyrirkomulag verðlagningar mjólkurvara á heildsölustigi tekið til endurskoðunar og skoðaður sá möguleiki að hætta opinberri verðlagningu mjólkurafurða.

Þá er einnig stefnt að því að þróa stýritæki við verðlagningu mjólkurafurða til meira frjálsræðis. Umgjörð verðlagsnefndar búvöru verður tekin til endurskoðunar með það að markmiði að taka upp nýtt fyrirkomulag í stað verðlagsnefndar búvöru, án þess að slíkt raski forsendum búvörusamnings.

Strax í kjölfar undirritunarinnar verður skipaður starfshópur sem fær það hlutverk að útfæra þessi atriði nánar.

Nefnd til að skoða aðlögunarsamninga og aukinn stuðning við minni bú

Í samkomulaginu er kveðið á um skipan starfshóps sem hefur það hlutverk að fara yfir hugmyndir samningsaðila varðandi aðlögunarsamninga og aukinn stuðning við minni bú. Hópnum er ætlað að meta þörf á aðgerðum annars vegar vegna svæða þar sem framleiðsla hefur dregist saman og hins vegar vegna fyrirhugaðs banns við básafjósum. Jafnframt verði skoðað hvernig hægt er að styðja betur við rannsóknarstarf og hagnýtar rannsóknir fyrir greinina ásamt fræðslu og menntun kúabænda.

Undirritað með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Samkomulagið var undirritað af hálfu Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu sem fer fram dagana 20. nóvember til 27. nóvember.

Samkomulagið í heild sinni má nálgast á vef BÍ, bondi.is. */TB*

Samskip eru með gáma af ýmsum gerðum og stærðum til sölu.
Gámar eru ódýr lausn sem má nýta á marga vegu, sem tækjageymslu, kaffiskúr, vörugeymslu, vinnuskúr og margt fleira.

Fáðu tilboð hjá okkur á gamar@samskip.is eða í síma 458 8000

samskip
Saman náum við árangri

Kynning og atkvæðagreiðsla

Kynning á samningnum hefur staðið yfir síðustu daga en fulltrúar Landssambands kúabænda hafa haldið haustfundi um allt land og kynnt efni samkomulagsins. Fyrirhugað er að halda kynningarfund í beinni útsendingu á Netinu á vegum Bændasamtakanna og Landssambands kúabænda mánudaginn 11. nóvember kl. 12.00.

Á veffundinum gefst bændum kostur á að senda inn spurningar og fá svör frá forystufólki í samninganefndinni. Upplýsingar um fundinn og hvernig hægt er að tengjast honum verða settar inn á bondi.is og Facebook-síðu Bændasamtakanna skömmu fyrir fund. Þá verður einnig útbúið kynningarmyndband um atriði samningsins sem dreift verður á vefsíðum LK og BÍ þegar nær dregur atkvæðagreiðslunni.

Atkvæðagreiðsla meðal bænda

Búið er að boða til atkvæðagreiðslu um samkomulagið en kosningarétt hafa félagsmenn í Bændasamtökum Íslands sem eru jafnframt með virkt bú í skýrsluhaldi fyrir nautgriparækt. Þá hafa félagsmenn í Landssambandi kúabænda einnig kosningarétt. Atkvæðagreiðslan mun fara fram með rafrænum hætti og verður aðgengileg á vef Bændasamtakanna www.bondi.is. Hún stendur yfir frá kl. 12.00 á hádegi þann 20. nóvember til kl. 12.00 á hádegi þann 27. nóvember.

Hægt verður að kanna aðild að kjörskrá í gegnum rafrænan aðgang frá kl. 12.00 á hádegi þann 13. nóvember. Ef kjósandi hefur ekki aðgang að tölvu, skal viðkomandi hafa samband við skrifstofu BÍ í síma 563-0300 og fá leiðbeiningar. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er að finna á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is. Í kjörstjórn sitja Elías Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir. Netfang kjörstjórnar er kjorstjorn@bondi.is.

Bændur í Eyjafirði á haustfundi LK á dögunum. Mynd / HS

LANDNÝTING & SAUÐFJÁRRÆKT

Landvernd og Náttúrverndarsamtök Íslands:

Krefjast þess að landnýtingarþáttur gæðastýringar verði lagður niður

– Þingsályktunartillaga lögð fyrir Alþingi en LS hafnar ásökunum um lögbrot

Í tölvupósti sem Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands sendu Skúla Eggertssyni ríkisendurskoðanda 28. ágúst síðastliðinn er ábending til embættisins um að vafi leiki á að framkvæmd gæðastýringar í sauðfjárrækt standist lög og lögmæta stjórnsýsluhætti.

Í tölvupóstinum segir m.a. að sterkar líkur séu til að nokkur atriði er varðar framkvæmd reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu séu ekki í samræmi við gildandi lög, reglugerðir eða góða stjórnsýsluhætti. Reglugerðirnar sem vísað er til í þessu sambandi eru: 1160/2013, 536/2015, 1166/2017, 511/2018.

Þingsályktunartillaga um málið

Fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga sem Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, mælti fyrir um endurskoðun á ráðstöfun almannafjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt. Þar segir m.a.:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra að endurskoða ráðstöfun almannafjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt, með það að markmiði að landnýtingarþáttur hennar samræmist lögum og góðum stjórnsýsluháttum. Ráðherrarnir setji nýjar reglur um viðmiðunarmörk fyrir ástand heimalanda, upprekstrarheimalanda og beitilanda á afrétti, sem byggist á ráðgjöf Landgræðslunnar um slík viðmið og tryggi að greiðslur verði ekki inntar af hendi til þeirra framleiðenda sem liggur fyrir að nái ekki núgildandi viðmiðum. Við þá vinnu verði jafnframt tryggt að núgildandi landbótaáætlanir samkvæmt reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu verði felldar úr gildi og landnotendum gert að gera nýjar landbótaáætlanir sem standist lög og ný viðmið. Endurskoðun verði lokið og ný viðmið sett fyrir 1. janúar 2020.“

Í samræmi við lög segja sauðfjárbændur

Landssamtök sauðfjárbænda hafna því að landnýtingarþáttur gæðastýringar (LGS) í sauðfjárrækt samræmist ekki lögum og góðum stjórnsýsluháttum eins og kemur fram í þingsályktuninni.

Í greinagerð frumvarpsins segir:

„Talið er að 10–20% fjárstofnsins gangi af þeim sökum á svæðum þar sem ástand og eðli vistkerfa standast ekki viðmið sem sett eru í tengslum við framkvæmd núverandi búvörulaga. Þeir sem eiga þessa gripi hafa því fengið greiðslur úr ríkissjóði þrátt fyrir að uppfylla ekki nauðsynleg skilyrði samkvæmt ákvæðum laga þar um.“

Þessu hafna Landssamtök sauðfjárbænda og segja m.a. í umsögn um tillöguna:

„Þeir aðilar sem nýta land sem ekki stenst viðmið hafa fullan rétt á að fá greiðslur í gegnum gæðastýringuna svo lengi sem þeirra landnýting er í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í landbótaáætlun. Þeir aðilar sem óskar eftir því að taka upp gæðastýrða framleiðslu senda umsókn þess efnis þar sem m.a. er tilgreint það land sem ætlað er til nýtingar. Meginreglan er sú að landnýting skal vera sjálfbær á öllu landi sem nýtt er til framleiðslunnar. Landgræðslan sem eftirlitsaðili leggur mat á það land sem óskað er eftir að framleiðslan sé stunduð á. Ef beitarlandið stenst viðmið um ástand er hægt að taka upp gæðastýrða framleiðslu.“

Krefjast afnáms landnýtingarþáttar gæðastýringar

Í lokaorðum tölvupósts Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands er harðorð afstaða til málsins, en þar segir:

„Í ljósi þess sem hér hefur komið fram krefjast undirrituð samtök þess að landnýtingarþáttur gæðastýringarinnar verði felldur niður í núverandi mynd. Ennfremur, að réttmætum aðila (Landgræðslan, sbr. lög 155/2018) verði falið að semja nýjar reglur. Greiðslur samkvæmt gæðastýringarhluta samnings ríkis og bænda til þeirra framleiðenda sem ekki standast núverandi viðmið og munu ekki gera á samningstíma núverandi landbótaáætlana verður stöðvaðar. Slíkar greiðslur af almannafé standast ekki lög, reglur og kröfur um góða stjórnsýsluhætti.“

/HKr.

Z STÁLGRINDARHÚS
Margar stærðir Z stálgrindarhúsa í boði. Bjóðum bæði staðlaðar húsagerðir og sérhönnun fyrir viðskiptavini. Þaulreynd hús við íslenskar aðstæður.

8 x 20 x 3,5 m - 7.200.000 kr. m/vsk.
10 x 20 x 3 m - 7.600.000 kr. m/vsk.
12 x 30 x 3,5 m - 10.440.000 kr. m/vsk.
18 x 35 x 3 m - 16.200.000 kr. m/vsk.
Innifalið Z stálgrind, 40 mm. PIR yleiningar og teikningar.
ÓEINANGRAÐ 12 x 30 x 3,5 m - 8.100.000 kr. m/vsk.
ÓEINANGRAÐ 18 x 35 x 3 m - 11.300.000 kr. m/vsk.
Innifalið Z stálgrind, óeinangruð trapisu klæðning og teikningar.

TIMBUR EININGAHÚS
Nú er rétti tíminn til að panta einingahús fyrir vorið. Flottar lausnir fyrir ferðaþjónustu og íbúðarhús. Framleiðandi sér um uppsetningu.
Einbýlishús
Rað- og parhús
Frístundahús
Ferðaþjónustuhús
Starfsmannahús
Bílskúrar

Hús hönnuð á Íslandi og framleidd í Litháen

YLEININGAR - STEINULL OG PIR
Hágæða yleiningar fyrir veggi og þök.

Veggeiningar 40-220 mm.
Þakeiningar 40-220 mm.
Bjóðum einnig skrúfur, þéttingar, áfellur, ylplast og þakglugga.
Afgreiðslufrestur u.þ.b. 4 vikur.

GRÓÐURHÚS - MARGAR GERÐIR
Vönduð gróðurhús til í miklu úrvali.
Tryggðu þér gróðurhús fyrir vorið á frábærum kjörum. Fást beint af lager hjá framleiðanda.
Tilvalin jólagjöf fyrir fólk með græna fingur!

LÍMTRÉSHÚS MEÐ YLEININGUM

Skemmur úr límtré og yleiningum í miklu úrvali. CNC skorið límtré í hæsta gæðaflokki sem fæst meðal annars vaxborið og er því afar hentugt í gripahús.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
865-9277
VEFFANG
www.bkhonnun.is

Þýskar 2ja og 3ja hesta kerrur
Opnanlegar bæði með hlera og hurð
Ríkulegur útbúnaður
2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk
3ja hesta kerrur frá kr. 1.860.000 m/vsk

BRIMCO
EFRIBRAUT 6 (við Reykjalund)
270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Lely Center Ísland
KEÐJUR OG KEÐJUVIÐGERÐAREFNI
GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vertu klár fyrir veturinn
Volkswagen atvinnubílar

Volkswagen Caddy
1.2 TSI beinskiptur
Tilboðsverð 2.690.000 kr.
Verðlistaverð 2.990.000 kr.
Volkswagen Transporter
2.0 TDI Beinskiptur
Tilboðsverð 4.390.000 kr.
Verðlistaverð 4.950.000 kr.
www.hekla.is/volkswagensalur
*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði. Sjá staðalbúnað á volkswagen.is.
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · BVA Egilsstöðum
Atvinnubílar

LÍF & STARF

Umhverfismál og framtíð landbúnaðar til umræðu á afmælismálþingi Samtaka ungra bænda:

Fjölmörg tækifæri í boði fyrir unga bændur

– Skýr sýn samtakanna til að styrkja stöðu þeirra

Umhverfismál og framtíð landbúnaðar voru til umræðu á afmælismálþingi Samtaka ungra bænda (SUB) sem haldið var á Hótel Sögu föstudaginn 25. október undir yfirskriftinni Ungir bændur – búa um landið. Samtökin fagna tíu ára afmæli um þessar mundir.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra flutti fyrsta erindi málþingsins. Hann talaði meðal annars um þau framtíðarverkefni þar sem umhverfisvernd og landbúnaður geti skarast og hvernig ungir bændur gætu skapað þá framtíð sem þarf fyrir landbúnaðinn. Hann sagði að ákveðin tímamót væru í íslensku samfélagi þar sem nauðsynlegt væri að takast á við ákveðnar áskoranir tengdar umhverfis- og auðlindamálum – og sérstaklega loftslagsmálum. Hann sagði að í þeim væru fólgin tækifæri fyrir bændur; að móta sér framtíð sem tekur tillit til þessara áskorana og að tryggja fæðuöryggi á Íslandi – sem of sjaldan sé talað um á Íslandi miðað við mikilvægi þess fyrir Ísland þegar horft sé til framtíðar.

Verkefni ungra bænda sé líka að skapa framtíðarímynd landbúnaðar á Íslandi – og það verði sameiginlegt verkefni þeirra og stjórnvalda. Sjálfbær landnýting ætti alltaf að vera sameiginlegt markmið allra hlutaðeigandi aðila. Nefndi ráðherra verkefnið Grólind sem lykilatriði í þeirri vegferð.

Jóna Björg Hlöðversdóttir, formaður Samtaka ungra bænda, á afmælismálþinginu. Myndir / smh

Nýliðunarstuðningur í mjólkurframleiðslu

Helgi Haukur Hauksson, fyrsti formaður SUB, og Jóna Björg Hlöðversdóttir, núverandi formaður, fóru yfir sögu samtakanna og áherslur. Helgi rakti aðdragandann að stofnun samtakanna og lýsti tíðarandanum í landbúnaðinum á þeim tíma, þar sem ákveðnar þrengingar voru eftir fjármálahrun sem gerðu ungum bændum nokkuð erfitt fyrir. Úr þeim jarðvegi hafi samtökin sprottið.

Í máli Helga kom fram að markverðasta árangurinn hefði náðst þegar nýliðunarstuðningi var komið á í mjólkurframleiðslunni.

Jóna Björg sagði að ekki síður hafi það verið markvert þegar komið var á nýliðunarstyrkjum, þvert á búgreinar. Hún fór yfir stefnumörkun SUB og markmið. Þar kom fram að mikilvægast væri að skýr sýn sé til staðar til að styrkja stöðu ungra bænda. Helstu markmið SUB væru að standa vörð um þá samninga sem hefðu náðst, stuðla að nýliðun í öllum greinum landbúnaðarins, gæta að því að góð og öflug menntun væri í boði í landbúnaði á Íslandi, þar sé fjölbreyttur búskapur, fjölskylduvænt starfsumhverfi, umhverfisvænn landbúnaður og stuðlað sé að dýravelferð.

Fjölmörg tækifæri í landbúnaði

Finnbogi Magnússon, formaður Landbúnaðarklasans, flutti erindi um tækifærin í íslenskum landbúnaði. Hann sagði að nýjum tímum fylgdi gríðarlega spennandi tækifæri, sem væru ólík þeim sem áður gáfust.

Hann byrjaði á því að fara yfir svið landbúnaðarins eins og það blasti við honum í dag. Sala mjólkurafurða á innanlandsmarkaði hefði væntanlega náð hámarki og mikil fækkun – jafnvel um helming – yrði meðal mjólkurframleiðenda á næstu þremur til fimm árum. Fækkun sauðfjárbænda væri fyrirsjáanleg og sauðfjárrækt yrði almennt stunduð með annarri vinnu. Hrossa-, eggja-, svínakjöts- og kjúklingaframleiðsla væri í ágætu jafnvægi miðað við markaði í dag. Þar væru þó jafnvel möguleikar á að gera enn betur.

Finnbogi sagði að miklar neyslubreytingar virtust hafa þau áhrif að samdráttur væri í neyslu matvæla með uppruna úr dýraríkinu. Mikil tækifæri virtust að sama skapi í aukinni ræktun matjurta og ræktun túna og akra. Vaxandi áhersla sé á skógrækt og umhverfisvernd sem skapi mörg tækifæri. Bændur séu vörslumenn landsins og þeir séu vel til þess fallnir að hugsa áfram um það með þeim hætti.

Þá hafi mikill vöxtur í netverslun opnað óteljandi möguleika fyrir sérhæfða framleiðslu og markaðssetningu matvæla.

Finnbogi Magnússon, formaður Landbúnaðarklasans, fór yfir framtíðarmöguleikana í íslenskum landbúnaði.

Góðir hlutir gerast hægt

Að sögn Finnboga er að ýmsu að hyggja fyrir unga bændur sem eru að hefja búskap. Það geti verið erfitt í byrjun og því sé skynsamlegast að byrja rólega. Ágætt framboð sé nú af ódýrum jörðum til sölu – sem mun væntanlega aukast. Hann segir að farsælast sé að byggja sig upp í markvissum skrefum – og sjá fyrir sér ferilinn. Til dæmis gæti verið góð byrjun að kaupa ódýra jörð, hefja búskap en sækja vinnu utan bús sem verktaki. Þannig væri hægt að reikna sér lágmarks endurgjald frá búinu en flýta eignarmyndun í því í staðinn umtalsvert þar sem skattgreiðslur frestist. Þannig væri hægt að byggja upp starfsemi á jörðinni sem er eftirsóknarverð og svo væri hægt að selja hana eftir fimm til fimmtán ár.

Varðandi tækifæri í hefðbundnum búskap í þessu tiltekna dæmi nefndi Finnbogi nokkra möguleika; nautakjötsframleiðslu, grísaeldi í minni hópum og með útivist, kjúklingaeldi með samning við stærri framleiðendur, hrossarækt með áherslu á blóðmerar og sölu folaldakjöts, ræktun í gróðurhúsum með eða án lýsingar, garðyrkju með hita undir beðunum og yfirbreiðslu, heysölu og akuryrkju og loks skógrækt.

Tækifæri í sérstöðunni

Í aðgerðaráætlun stjórnvalda um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna er kveðið á um að ráðist skuli í átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Finnbogi sér tækifæri í þessu. Hans mat er að Ísland gæti orðið fyrsta landið í heiminum til að banna sölu á matvælum sem innihalda sýklalyfjaónæmar bakteríur. Því sé spáð að þessar bakteríur verði mesta ógn við heilsufar manna á næstu árum.

Slíkt bann myndi þannig lyfta allri íslenskri matvælaframleiðslu á einstakan stall í heiminum og nýtast ferðaþjónustunni, landbúnaðinum, fiskvinnslunni – og öðrum íslenskum atvinnugreinum – á innlendum og erlendum mörkuðum. Við séum í dag að flytja inn um 20 prósent af því kjöti sem neytt er á Íslandi – mjög mikið korn og grænmeti líka – og þetta mætti auðveldlega framleiða hér innanlands. Grunnurinn hafi verið lagður og ungbændur geti hjálpað til við að fylgja þessu eftir.

Óhefðbundnar greinar

Finnbogi fór einnig yfir dæmi um nokkrar óhefðbundnar greinar sem hann sér tækifæri í og tiltók okkar helstu náttúruauðlindir og mannkosti sem gefa okkur forskot að ýmsu leyti.

Hann sagði að enn væru tækifæri í ferðaþjónustu, sérstaklega þar sem ekki þyrfti að byggja sérstaklega upp eða kosta til; meðal annars í skipulögðum ferðum og dægradvöl af ýmsu tagi.

Hann nefndi grasrækt sem tækifæri til framtíðar. Nóg væri af graslendi á Íslandi sem gæti nýst í tengslum við miklar tilraunir sem nú væru í gangi innan Evrópusambandsins, þar sem gras er notað sem próteingjafi í stað soja – líka fyrir svín og kjúklinga. Þá væri vaxandi áhugi á grasrækt vegna þess að það væri mun umhverfisvænna í ræktun en einær akuryrkja. Í kvikfjárrækt verði mikill ávinningur í því að auka hlutfall grasfóðrunar. Finnbogi sagði að Írar væru með tilraun í gangi þar sem safinn er kreistur úr grasinu og honum breytt í verðmætt próteinduft, sem síðan er notað í kjarnfóður eða til manneldis. Þurrefnið sem eftir stendur vonist menn til að geta breytt í áburð eða gas með hjálp örvera.

Þangræktun er líka á lista Finnboga yfir tækifæri í óhefðbundnum greinum. Þangræktun í fjörðum landsins, eða jafnvel í gömlum haughúsum, geti þannig orðið spennandi framleiðslukostur til fóðurgerðar og manneldis, en að sögn hans er mikill vöxtur í slíkri framleiðslu á Norðurlöndunum.

Einnig nefndi Finnbogi hampækt sem framtíðar nytjajurt, en notagildi hans er talið vera afar fjölþætt.

Fiskeldi á landi er fýsilegt að mati Finnboga, sérstaklega í sameldi með plöntum þar sem úrgangurinn væri hreinsaður og notaður sem áburður. Það muni bjóða upp á vaxandi tækifæri í framtíðinni.

Mikilvægast að sýna áræði

Finnbogi sagði þetta einungis nokkur dæmi af mörgum, en það væri öruggt að tækifærin lægju víða. Mikilvægast væri að sýna áræði til að hrinda hugmyndunum í framkvæmd, það versta sem gæti gerst er að það misheppnaðist. Meiri líkur væru hins vegar á því að verkefnið heppnaðist, ef farið væri af fullri alvöru í það.

Að auki fluttu erindi á málþinginu þau Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, Pétur Halldórsson, formaður Ungra umhverfissinna, Guðrún Schmidt frá Landgræðslunni, Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda, og þá ávarpaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra gesti við lok málþingsins.

Bent er á að upptaka frá málþinginu er aðgengileg á Facebook-síðu Samtaka ungra bænda. */smh*

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Hrútafundir - dagur - staður og stund

Búnaðarsambandssvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mið. 20. nóv	Hvanneyri kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Fim. 21. nóv	Breiðabliki, Snæfellsnesi kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mið. 27. nóv	Dalabúð, Búðardal kl. 20:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Fim. 21.nóv	Sævangur, Ströndum kl. 13:30
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Fim. 21.nóv	Ásbyrgi, Miðfirði Kl. 20:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Fös. 22. nóv	Sal BHS Húnabr. 13, Blönduósi kl. 13:30
Búnaðarsamband Skagfirðinga	Fim. 28.nóv	Tjarnarbær kl. 20:00
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	Mið. 27.nóv	Hlíðarbær kl. 20:00
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	Þri. 26. nóv	Breiðamýri kl. 13:30
Búnaðarsamband N-Þingeyinga	Þir. 26. nóv	Svalbarði, kl. 20:00
Búnaðarsamband Austurlands	Mán. 25. nóv	Hótel Valaskjálf (Þingmúli), Egilsstöðum kl. 13:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Fim. 21.nóv	Ferðaþjónustan Smyrlabjörgum kl. 13:30
Búnaðarsamband Suðurlands	Fim. 21.nóv	Icelandair Hótel Klaustur, Kirkjubæjarklaustri kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mið. 20. nóv	Hótel Smáratún, Fljótshlíð kl. 13:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mið. 20. nóv	Þingborg, Flóahreppi kl. 20:00

Hrútafundir 2019

Að vanda munu búnaðarsamböndin vítt og breitt um landið standa fyrir kynningarfundum í kjölfar útgáfu á nýrri hrútaskrá í samstarfi við RML. Aðal umfjöllunarefnið er kynning á hrútakosti sæðingastöðvanna en auk þess eru fundirnir kjörinn vettvangur til að ræða ræktunarstarfið í sauðfjárræktinni. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir fyrirhugaða fundi.

Í vetur verða samtals 45 hrútar á sæðingastöðvunum í Þorleifskoti og Borgarnesi og því fjölgar hrútunum um 1 á milli ára. Af þessum 45 hrútum eru 20 nýir, þar af eru 14 hyrndir og 4 kollóttir auk þess sem nýr forystuhrútur og nýr feldfjárhrútur verða kynntir til sögunnar.

Samdráttur hefur verið í sæðingum síðastliðin ár sem trúlega má rekja til erfiðrar stöðu í greininni. Vonandi snýst sú þróun við í vetur en þátttaka í lambaskoðunum á liðnu hausti gefur tilefni til að ætla að krafturinn í ræktunarstarfinu sé aftur að eflast. Sæðingastarfsemin er fjöreggið í ræktunarstarfinu og einn af grunnþáttunum í því að viðhalda erfðaframför í stofninum. Á „matseðli“ stöðvanna er fjölbreytt úrval af kostamiklum hrútum sem bændur eru hvattir til að nýta og standa saman að því að halda fjöregginu lifandi og öflugu.

/Eyþór Einarsson

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.
Allt um meðhöndlun ullar
www.ullarmat.is
Bændur, verið velkomnir að koma og skoða ullarþvottarstöðina á Blönduósi (pantið í síma 483 4290)

Uppsetning og viðhald á kælikerfum, kæliklefum og frystiklefum.
Sala og uppsetning á varmadælum.
KÆLIÞJÓNUSTA AKUREYRAR
Freyjunesi 10, 603 Akureyri Sími 777 1800
ktak@ktak.is Erum einnig á Facebook

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Hraunbraut 8, 8a og 8b, Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi

Íbúðirnar eru 4 herb. 139,9 fm, (sú eina m. bílskúr), 3 herb. 86,2 fm og 4 herb. 106,4 fm.

Afhendast fokheldar, tilbúnar til innréttinga eða fullbúnar. Gert er ráð fyrir forstofu, samliggjandi stofu og eldhúsi og herbergjagangi sem endar í þvottahúsi. Svaladyr út á verönd úr stofu. Gólfhiti, milliveggir klæddir með spónaplötum.

Að utan; bárujárn/Aluzink á veggjum og þaki. Gluggar og útihurðir álklætt tré. Tvö mulningsborin bílastæði og sorpskýli.

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
s. 8 969 565
loftur@fasteignasalan.is

Vantar allar tegundir fasteigna á skrá til sjávar og sveita.

Söluverðmöt - Bankaverðmöt
Fagleg og vönduð vinnubrögð.

Fasteignasalan Bær • Ögurhvarf 6, 203 Kópavogur • Austurvegur 26, 800 Selfoss • Sími: 512 3400

TEXA
AXONE Nemo er snjöll og meðfærileg greiningartölva með frábærum hugbúnaði.
Tækið er mjög öflugt og fjöldi tengimöguleika er í boði sem auðveldar bilanagreiningar.
Sjá nánar á www.texa.com

NAVIGATOR TXTs er þráðlaus tengibúnaður sem les villukóða og segir hvert viðgerðarferlið er til að fá aðgang að ECU-kerfum til að hreinsa kóða eða stilla, aðgerðir sem eru aðeins mögulegar með slíku greiningartæki. Frábært tæki sem vinnur með AXONE Nemo greiningartölvunni.

Þessi búnaður á heima á öllum vélaverkstæðum.

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is
AFLVÉLAR

SMÁKÖKUSAMKEPPNI KORNAX 2019
TAKTU ÞÁTT!
SKILADAGUR ER 12. NÓV.
GLÆSILEG VERÐLAUN!
NÓI SÍRÍUS · HOTEL SELFOSS · FOOD CELLAR MATAR · netto · Óskaskrín · RAFLAND
Allar upplýsingar á facebook síðu KORNAX.

MATVÆLAFRAMLEIÐSLA & MARKAÐSMÁL

Lögleg heimaslátrun styður bændur í Bandaríkjunum

Á vordögum 2019 birtust nokkrar greinar í Bændablaðinu [8., 9., 10. og 12. tbl. 2019] um regluverk og ríkisafskipti af heimaslátrun. Í kjölfarið komst á samband með höfundum þessarar greinar og er rétt að kynna Selmu Bjarnadóttur fyrir lesendum Bændablaðsins. Selma er bóndi í Bandaríkjunum sem slátrar heima. Hún er fædd og uppalin á Íslandi en fluttist vestur um haf árið 1987 þegar hún fór í háskóla. Eftir að hafa lokið háskóla flutti hún til baka til Íslands, en vesturströnd Bandaríkjanna togaði og hún settist þar að 1996, fyrst í Olympia, höfuðborg Washingtonríkis, en síðar á Bone Dry Ridge Farm, þar nærri.

Með brennandi áhuga á búskap og menningu tengt sauðfé að leiðarljósi, ákvað hún að koma sér upp bústofni íslensks fjár. Leit á netinu skilaði sambandi við konu sem átti íslenskan fjárstofn og þar með gat Selma gengið til gegninga sem „íslenskur sauðfjárbóndi“ í Ameríku. Lömbum úr bústofni hennar er slátrað heima á býli Selmu. Skilur það eftir sig góðan arð og styður ýmiss konar smáiðnað í nágrenninu, allt innan ramma þeirrar löggjafar sem um landbúnað gildir í Washington-ríki Bandaríkjanna.

Selma er svína- og nautgripabóndi, auk þess að vera sauðfjárbóndi. Hún selur afurðir sínar beint til neytenda og hefur fengið til liðs við sig slátrara og kjötiðnaðarmann, sem fá starfsleyfi hjá Washington State Department of Agriculture, sem líta má á sem ákveðna hliðstæðu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á Íslandi. Starfsleyfin er einfalt að fá og er ekki þörf á því að fá dýralækni til eftirlits við slátrun, sem fram fer heima hjá Selmu. Eftir að hafa greitt fyrir slátrunina og vinnsluna heldur Selma eftir um 45 þúsund krónum fyrir sig (meðalfallþungi árið 2019 var 19 kg).

Selma og aðrir bændur í nágrenni við hana geta valið úr nokkrum teymum slátrara til að slátra fyrir sig og jafnframt ýmsa kjötiðnaðarmenn. Hér er hún með kjötiðnaðarmönnunum úr Salmon Creek Meats (Joe og tengdasonur hans, Derek).

Á bandarískum neytendamarkaði hefur verið aukin eftirspurn eftir landbúnaðarvörum með jákvæða ímynd, t.d. tengt dýravelferð, umhverfismálum og uppruna. Selma hefur nýtt sér þessa þróun og miðar sína verðlagningu við Whole Foods Market verslanirnar, sem á margan hátt hafa verið leiðandi varðandi þróunina og fært út kvíarnar samhliða því. Selma selur lambakjöt beint til neytenda í heilum skrokkum, unnið í neytendapakkningar, fyrir 12 dollara pundið (ríflega 3.000 krónur á kg).

Regluverk er umtalsvert einfaldara en íslenskir bændur eiga að venjast og skilningur eftirlitsaðila á aðstæðum minni bænda góður. Þannig er t.d. ekki

Fyrir slátrun eru lömbin dregin í dilka. Það tekur svo slátrarann Jessie einungis nokkrar sekúndur að slátra 15 lömbum, sem er hefðbundinn fjöldi sem slátrað er í einu. Lömbin standa yfirleitt róleg á meðan. Eftir að lömbunum hefur verið slátrað eru þau skorin á háls, svo kjötið blæði vel. Jessie hefur slátrað með foreldrum sínum síðan hann var 12 ára.

Slátrararnir ganga hreint til verks og eru engin lömb að leika sér við. Þeir hafa komið sér upp góðri aðstöðu til fláningar og frágangs á skrokkunum á pallbíl.

Selma nýtir ull af gærum, enda reyta menn sauðinn sakir ullar. Hún selur ullina til Kaliforníu og Olympia í Washington þar sem hún er nýtt í staðbundna garnframleiðslu. Í Kaliforníu er hún nýtt í ýmiss konar vörur fyrir listamenn og til námskeiðahalds fyrir fólk sem vill læra meira um ull og nýtingu hennar. Selma selur ullina af einni gæru fyrir um 1.800 krónur.

Að lokinni slátrun er farið með lambsskrokka til kjötiðnaðarmanns. Þar fá þeir að hanga í kæli í 3–5 daga til að meyrna uns þeir eru unnir eftir forskrift frá Selmu.

Anastasia er einn af fastakúnnum Selmu. Henni er mjög umhugað um að kaupa sín matvæli beint frá bónda í nágrenni við heimili sitt. Auk lambakjöts kaupir hún svínakjöt, nautakjöt og jógúrt af Selmu og grænmeti frá nágranna sínum.

ríghaldið í orðalag reglugerða, heldur miðað við praktískan raunveruleika bænda. Í þeim efnum skal þó tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að bandarískir bændur slátri miklu magni lamba heima, þó að það séu ekki nein takmörk á fjölda í þeim efnum í regluverkinu. Skilyrði er á hinn bóginn að bóndi selji beint til neytanda. Engin þörf eru talin á því að dýralæknir komi nálægt ferlinu, né heldur að aðstaða sé vottuð af USDA (United States Department of Agriculture) en sláturbíllinn og kjötvinnslustöðin eru vottuð af WSDA (Washington State Department of Agriculture). WSDA vottun er tiltölulega einfalt að fá og má segja að hún sé af öðru sauðahúsi en USDA vottun.

Eftirspurn eftir vörum minni bænda í beinum viðskiptum er mikil og hefur aukist síðustu ár, í takti við aukna meðvitund neytenda fyrir misjöfnum aðstæðum dýra í þauleldi/verksmiðjubúskap og umhverfisáhrifum slíkrar framleiðslu. Selma býður viðskiptavinum í heimsókn til hennar, þar sem þeir geta séð aðstæður dýra hennar af eigin raun og ræður slík heimsókn því gjarnan hvort af viðskiptum verður eða ekki. Viðskiptavinirnir greiða svo hluta af kjötinu fyrir fram (down payment) til að tryggja sín kaup, sem hjálpar Selmu við búreksturinn fram að sláturtíð. Bændur í nágrenninu selja gjarnan með svipuðum hætti eða í gegnum svokallað CSA verkefni (Community Supported Agriculture program).

Sveinn Margeirsson og Selma Bjarnadóttir

Kjötiðnaðarmaður í nágrenni við Selmu vinnur íslensku lömbin eftir forskrift og pakkar þeim til dreifingar. Selma keyrir vörurnar síðan út. Eins og sjá má á pakkningum fá kaupendur íslenskukennslu í kaupbæti, en menning tengd íslenska lambinu skiptir Selmu miklu máli.

VANTAR ÞIG AÐSTOÐ VIÐ ELDAMENNSKUNA?

Thermomix TM6 er eins og aukahendur í eldhúsið!
Ótrúlegir notkunarmöguleikar, bylting í matargerð og eldamennsku, innbyggðar uppskriftir og þú nýtir tímann í annað en matseld.

15 NOTKUNARMÖGULEIKAR í einu tæki

- Blandar
- Mixar
- Hnoðar
- Vigtar
- Malar
- Hrærir
- Fleytir
- Þeytir
- Saxar
- Eldar
- Gufusýður
- Hitastýrir
- Sous vide
- Hægeldun
- Gerjun

- Á markaði síðan 1961
- Þýsk hönnun og gæði
- Allt eldað frá grunni
- Minni matarsóun
- Einfalt í notkun
- Sparar tíma
- Hagkvæmt
- Innbyggt wi-fi

ELDHÚSTÖFRAR EHF.
SÍÐUMÚLI 29 108 REYKJAVÍK
INFO@ELDHUSTOFRAR.IS
S: 696-7186 & 690-0909
THERMOMIXICELAND
THERMOMIX Á ÍSLANDI
ICELAND.THERMOMIX.COM

VORWERK Official Distributor
ELDHÚSTÖFRAR

29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4% á höfuðborgarsvæðinu

45,6% á landsbyggðinni

29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐSEÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: *bondi@byko.is*



byko.is

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

UTAN ÚR HEIMI – ÍSLENDINGAR Á FARALDSFÆTI

Hópurinn var glaðbeittur eftir eplatínslu í Harðangursfirði.

Myndir / ehg

Glaðbeitt í eplatínslu í Noregi

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

Hressir og kátir Íslendingar heimsóttu Noreg á dögunum, jafnt bændur sem aðrir, og skemmtu sér hið besta við að kynnast fjölbreytileika í norskri matargerð sem og við eplauppskeru hjá íslensku eplabændunum í Álavík í Harðangursfirði.

Veðrið lék við ferðalangana, sem upplifðu meðal annars náttúruperlur í Noregi, urðu fróðari um ólíkar tegundir eplavína, útskrifuðust sem eðalátsmenn á norskum sviðum og töldu og skráðu veggöng af miklum móð milli Voss og Björgvinjar. Heim fóru þau reynslunni ríkari með epli í poka og góða skapið ásamt veðurblíðunni sem þau komu með til Noregs. */ehg*

Í Oleana-prjónaverksmiðjunni í Arna í Bergen fengu gestirnir að sjá nákvæmt handbragð við vinnslu á þessum þekktu norsku prjónapeysum.

Nils Lekve á sveitabænum Lekve í Ulvik í Harðangursfirði framleiðir 14 tegundir af eplasafa og -vínum og sýndi framleiðslusalina hjá sér eftir kynningu á eplavínum.

Íslensku bændurnir Sigmar G. Guðbjörnsson úr Arakoti og Sveinbjörn Þ. Sigurðsson frá Búvöllum voru ekki í vandræðum með að koma sér í girðingarvinnu uppi á Hangurstoppen við Voss.

Þær voru einbeittar við tínsluna, Selma Guðmundsdóttir og Erna Pétursdóttir.

Í Smalahovetunet í Voss fengu gestirnir að sjá vinnslu á sviðum en vélin er ein sinnar tegundar í heiminum og er staðurinn sá eini í Noregi sem framleiðir svið.

Á kaffihúsinu í Álavík fengu gestirnir að smakka norskan graut búinn til úr sýrðum rjóma, frá vinstri: Árni Sigurðsson og Guðrún Hrönn Stefánsdóttir úr Þorlákshöfn, Sigmar G. Guðbjörnsson og Theodóra Á. Svanhildardóttir frá Arakoti í Skeiðahreppi ásamt hjálparhellunum Margretu Bjørke og Heiðari Viggóssyni.

UTAN ÚR HEIMI

Stuðningur við landbúnað í ESB-ríkjum er 58,5 milljarðar evra

– það er um 16% af heildartekjum þar sem 56,3% koma úr ræktun nytjajurta

Alls runnu 58,5 milljarðar evra til landbúnaðarkerfis Evrópusambandsins, CAP, á árinu 2018, samkvæmt nýlegum tölum Eurostat. Það er um 40% af útgjöldum ESB. Þar af nema beingreiðslur tæpum 41,5 milljörðum evra, eða 70,9%.

Til viðbótar beingreiðslum eru greiddir rúmir 14,3 milljarðar í dreifbýlisstuðning, eða 24,5% og tæpir 2,7 milljarðar evra í markaðssetningu, eða 4,6%.

Stuðningur Evrópusambandsins við landbúnað lætur nærri að nema um 16% af heildartekjum greinarinnar. Hlutfallsleg samsetning landbúnaðar innan ESB er með allt öðrum hætti en þekkist á Íslandi og veðurfarsleg og hnattræn staða hefur þar mest áhrif. Því er ekki óeðlilegt að það sé ódýrara að framleiða flestar landbúnaðarvörur í ESB-löndunum en á Íslandi. Því er stuðningurinn hér líka hærra hlutfall af heildartekjum greinarinnar, eða 24%. Meðal þjóða heims er samt lögð mikil áhersla á að geta brauðfætt sína þegna og tryggja þar með fæðuöryggi sitt þegar í harðbakkann slær. Auk þess sem loftslagsmál og önnur umhverfissjónarmið spila æ stærri rullu í heildarmyndinni.

Stærstu upphæðirnar í beingreiðslustuðningi Evrópusambandsins við landbúnað fara til vínræktar og nema þær greiðslur 35,9% af heildinni.

Vínrækt, ávaxta- og grænmetisrækt fá mestan stuðning

Langmestur stuðningur í ESB-löndunum er við vínrækt og vínframleiðslu, eða rúmar 968 milljónir evra, eða 35,9% af beingreiðslunum og í ávaxta- og grænmetisframleiðslu fara rúmar 865 milljarðar evra, eða 32,1%. Önnur plönturæktun er að fá rúmlega 231 milljón evra, eða 8,6%. Mjólkurframleiðslan er með rúmlega 201 milljón evra, eða 7,5%. Ofarlega á listanum eru verkefni sem tengd eru menntun og fá þau tæpar 156 milljónir evra, eða 5,8%. Þá vekur athygli að kynningarstarf fær rúmlega 161 milljón evra innan landbúnaðarkerfis CAP, sem nemur 6% af beingreiðslunum.

Frakkland, öflugasta landbúnaðarlandið, fær mest

Þegar skoðuð eru útgjöld til einstakra ríkja þá fær Frakkland langmest, eða tæpa 9,5 milljarða evra. Bretar fá aftur á móti ekki „nema“ rúma 3,9 milljarða. Þá fá Spánverjar tæpa 6,8 milljarða evra og Þjóðverjar tæpa 6,4 milljarða evra. Síðan koma Ítalir með rúma 5,8 milljarða og Pólverjar með rúma 4,6 milljarða.

Er þetta athyglisvert ef litið er til þess að Frakkar eru rétt tæpar 67 milljónir talsins en Bretar, sem fá einungis um 41% af framlagi Frakka, eru rúmlega 66,3 milljónir. Skýrist það væntanlega af því að Frakkar eru með langöflugasta landbúnaðinn innan ESB-ríkjanna og er hann nærri þrefalt stærri en í Bretlandi.

Þýskaland er aftur á móti fjölmennasta ríki ESB með nærri 82,8 milljónir íbúa og er að fá heldur minna en 46,6 milljónir Spánverja. Ítalir sem eru nær 60,5 milljónir fá um milljarði minna en Spánverjar. Svo er Pólland, með nær 38 milljónir íbúa, að fá 1,2 milljörðum minna en Ítalir.

56,3% tekna ESB landbúnaðar kemur úr ræktun nytjajurta

Ef horft er á tekjuhliðina skilaði uppskera af allri ræktun landbúnaðar ESB 205,6 milljörðum evra á árinu 2018 (205.642.000.000 evra), eða 56,3% af landbúnaðartekjunum. Þar er garðyrkja og grænmetisrækt að skila mestu eða 52,7 milljörðum evra, 25,6%. Þar á eftir kemur kornrækt með 43,8 milljarða, eða 21,3%. Síðan kemur ávaxtarækt með 27,5 milljarða, 13,4% og vínrækt með 25,8 milljarða evra, eða 12,5%. greinarinnar. Plönturæktun þ.e. blómarækt og annað er að skila nær 19,7 milljörðum evra, eða 9,7%. Ræktun til iðnaðarframleiðslu skilar 17,8 milljörðum evra, eða 8,7% og fjöldi annarra greina skilar svo því sem upp á vantar.

43,7% tekna ESB landbúnaðar kemur úr dýraeldi

Allt dýraeldi og allar afurðir af dýrum skila 159,8 milljörðum evra, eða 43,7% af öllum landbúnaðartekjunum. Þar af er dýraeldi og kjötframleiðsla að skila 94,7 milljörðum evra, eða 59,3%. Afurðavinnsla eins og eggja- og mjólkurframleiðsla skila 65,1 milljarði evra, eða 40,7% af dýraeldisþættinum.

61,5% tekna í íslenskum landbúnaði kemur úr dýraeldi

Á Íslandi var heildarframleiðsluvirðið 2018 samtals tæpir 62,7 milljarðar króna samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Stærsti hluti tekna landbúnaðarins kemur af dýraeldi, eða 61,5%, á meðan 38,5% koma úr nytjaplönturækt. Heildarstuðningur ríkisins við landbúnað var þá um 15,6 milljarðar króna. Það þýðir að stuðningurinn hér á landi nemur því tæplega 24,% af heildartekjum greinarinnar. Það er vissulega hærra hlutfall en í ESB-löndunum í heild, en hafa ber í huga að veðurfarsleg skilyrði til ræktunar eru mun lakari hér og samsetning greinarinnar mjög ólík.

Ótrúlega góður árangur miðað við hnattstöðu

Dýraeldi á norðlægum slóðum er mun kostnaðarfrekara en í tempruðu eða heittempruðu loftslagi. Sama á við um nytjaplönturækt. Staðan hér er því mjög ólík stöðunni í ESB þar sem 56,3% teknanna koma úr nytjaplönturækt, enda skilyrði allt önnur.

Í raun má segja að miðað við hnattstöðu séu íslenskir bændur að ná ótrúlega góðum árangri í samanburði við evrópska kollega sína. */HKr.*

UTAN ÚR HEIMI

Verkefni fylkisstjóra í Nordland-fylki í Noregi vekja athygli:

Fær bændur til að nýta rekstur sinn til hins ýtrasta og hugsa í nýsköpun

– Flétta saman margvíslegum verkefnum til að auka ferðaþjónustu í fylkinu

Árangur verkefna sem fylkisstjórinn í Nordland-fylki í Noregi hefur staðið fyrir síðastliðin 10 ár hafa vakið athygli í Noregi og víðar. Þar er fléttað saman verkefnum til að auka ferðaþjónustu í fylkinu ásamt því að fá bændur í meira mæli með til að nýta rekstur sinn til hins ýtrasta með því að hugsa í nýsköpun. Um 500 aðilar hafa tekið þátt í verkefnunum sem mörg hver hafa skilað miklum og góðum árangri og enn eru víða óplægðir akrar.

„Við höfum nú lokið við þrjú verkefni og erum að byrja á því fjórða. Fylkisstjórinn ber ábyrgð á verkefnunum en við höfum úthlutunarþáttinn á okkar herðum hér. Það þýðir að okkar hlutverk er að hvetja fólk sem er í byrjunarfasanum með hugmynd og í samstarfi við Nýsköpunarsjóð Noregs (Innovasjon Norge) komum við fólki yfir á næsta stig. Við eigum mjög gott samstarf við öll sveitarfélög í fylkinu sem er mikilvægt í svona verkefnum," segir Hanne-Sofie Trager, ráðgjafi hjá fylkisstjóranum í Nordland-fylki.

Þær eru víða fallegar sveitirnar í Norður-Noregi.

Taka meira frumkvæði en áður

Nordland-fylki er þriðja stærsta ferðamannafylkið í Noregi á eftir Osló og Akershus og það er mikilvægt að bændurnir fái sinn hlut af þeim iðnaði.

„Við trúum því að þetta skili árangri en öll slík verkefni sem ráðist er í taka eðlilega tíma. Þegar við byrjuðum voru til dæmis 45 aðilar með þegar kom að ferðaþjónustu en núna eru þeir í kringum 100. Einnig sjáum við aukningu hjá þeim sem starfa með matvæli því í byrjun voru í kringum 100 fyrirtæki skráð í fylkinu en núna eru þau um 140. Það var einnig mikil áhersla lögð á sveitabúðir sem eru nú í kringum 70 talsins. Nú sjá líka flestir að ef einhver vill byrja með eitthvað er bara að láta vaða því hér eru næg tækifæri," útskýrir Hanne-Sofie og segir jafnframt:

Ostur frá Sæterstad-sveitabænum í Nordland-fylki vann gull- og bronsverðlaun á síðasta Norðurlandamóti í ostum.

Hanne-Sofie Trager, ráðgjafi hjá fylkisstjóranum í Nordland-fylki, hefur meðal annars unnið að því síðastliðin 10 ár að aðstoða bændur við að koma hugmyndum sínum á framfæri.

„Við höfðum mikinn fókus á að hafa alla virðiskeðjuna með og eftir tíu ára starf með þessa hvatningu og aðstoð til framleiðenda sjáum við góðan árangur. Bændurnir taka meira frumkvæði í dag og byrja með eitthvað sjálfir sem þeim dettur í hug. Hér áður þurftum við að ýta að þeim hugmyndum og koma þeim á námskeið. Það sem við sjáum líka er að fleiri og fleiri bændur fara út í lífræna ræktun og framleiðslu sem hefur verið vinsælt."

Í Nordland-fylki byggist landbúnaður að miklu leyti á hefðbundinni gróffóðurrækt og í dag má meðal annars finna osta- og hunangsframleiðendur sem unnið hafa til alþjóðlegra verðlauna, framleiðendur á rabarbarasafa og mjaðjurtargéle ásamt lambakjöti á heimsmælikvarða svo fátt eitt sé nefnt.

„Við vinnum með svæðisbundnar aðgerðir og stefnu fyrir landbúnað í fylkinu en hér er að mestu stundaður hefðbundinn landbúnaður. Í verkefni sem nær yfir allt landið, Inn på tunet, leggjum við áherslu á að bændur taki þátt og það hefur heppnast mjög vel. Þar er almenningi boðið að koma og kynnast lífi bændanna á bænum. Það eru um 240 þúsund íbúar í fylkinu og því mikilvægt að kynna slík verkefni vel fyrir þeim ásamt ferðamönnunum," segir Hanne-Sofie og bætir við:

„Ferðir sem við skipuleggjum hafa líka verið vinsælar þar sem við förum örlitla hringferð um svæðið og heimsækjum sveitabæi sem eru að fást við ólíka hluti. Þannig geta þátttakendur séð með eigin augum þá fjölbreytni sem hægt er að fást við, fengið hugmyndir og vonandi farið heim reynslunni ríkari til að láta vaða sjálfir í að gera eitthvað nýtt og spennandi." */ehg*

Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

Frá Bændasamtökum Íslands:

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar. Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2019. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 6. desember 2019 og skal umsóknum skilað til: *Fagráð í hrossarækt, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík.*

Fagráð í hrossarækt.

Fred Magdoff í Safnahúsinu 16. nóvember:

Það sem allir umhverfissinnar þurfa að vita um kapítalisma

Fred Magdoff er ásamt John Bellamy Foster höfundur bókarinnar „Það sem allir umhverfissinnar þurfa að vita um kapítalisma", sem kom út á íslensku sl. vor og fjallað var um í Bændablaðinu. Fred Magdoff kemur nú til Íslands og heldur erindi á fundi í Safnahúsinu (Þjóðmenningarhúsinu) við Hverfisgötu laugardaginn 16. nóvember kl. 12.

Fundurinn er á vegum Ögmundar Jónassonar undir yfirskriftinni ***Til róttækrar skoðunar.***

Fred Magdoff er prófessor emeritus í plöntu- og jarðvegsfræðum við háskólann í Vermont í Bandaríkjunum. Áhugasvið hans spannar rannsóknir á jarðvegi, landbúnaði og matvælum og jafnframt hagstjórn og stefnu stjórnvalda í umhverfismálum.

Sérsvið hans í rannsóknum er frjósemi jarðvegs og umhverfisvæn matvælaframleiðsla.

Magdoff hefur flutt fyrirlestra um öll Bandaríkin og víða utan þeirra, í Kanada, Venesúela, Bólivíu, Kína, Suður-Afríku og Írlandi. Hann hefur birt fjölda greina og eftir hann liggja einnig bækur og eru þær nýjustu:

Það sem allir umhverfissinnar þurfa að vita um kapítalismann (ásamt John Bellamy Foster) og Sköpun vistvæns samfélags: í átt að umbyltingu samfélagsins (ásamt Chris Williams).

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Liturinn sem einkennir jólastjörnuna er ekki sjálfur blómliturinn, heldur eru það svokölluð háblöð sem fá á sig þessa áberandi liti til að auka sýnileika blómanna.

Jólastjörnur þola illa kulda

Misjafnt er hversu mikla áherslu landsmenn leggja á jóla-undirbúninginn og hvenær þykir mátulegt að hefja hann. Sumir vilja helst byrja sem fyrst, meðan aðrir vilja sem minnst af honum vita þar til langt er liðið á aðventu. Blómabændur eru hins vegar komnir í jólaskap strax í júlí, þegar ræktun jólastjörnunnar hefst.

Enska ljóðskáldið Alexander Pope, krýndur bergfléttusveig.

Jólastjarnan (Euphorbia pulcherrima), sem vex villt í skóglendi Mexíkó og víðar í Mið-Ameríku, er ræktuð í gróðurhúsum í um 5 mánuði áður en hún fer að sjást í verslunum seint á haustin. Plönturnar eru ræktaðar af litlum græðlingum sem settir eru í potta í byrjun júlí. Þegar vöxturinn er kominn á gott ról þurfa plönturnar sérstaka meðhöndlun í gróðrarstöðinni svo þær verði fallega litaðar á réttum tíma. Jólastjörnurnar eru svokallaðar skammdegisplöntur, þær hefja blómmyndun þegar dagurinn er stuttur. Í upphafi ræktunar vaxa plönturnar og dafna í gróðurhúsunum meðan dagurinn er enn lengri en nóttin. Frá því í september þurfa ræktendurnir síðan að myrkva plönturnar í um það bil 14 klukkustundir á hverjum sólarhring með því að hylja þær með svörtum dúk allt þar til náttúruleg daglengd er orðin nægilega stutt til að blómmyndun haldist óröskuð. Við þessa daglengdarmeðhöndlun hætta plönturnar að mynda ný laufblöð en taka í staðinn að þroska blóm. Notuð er vaxtarlýsing og sérhæfð vaxtarstýring til að halda plöntunum þéttum, ferskum og fallegum.

Jólastjörnur þola ekki kulda og það þarf að hafa í huga allt frá því plantan er sótt í blómabúðina. Hitastig undir 15°C getur valdið skaða.

heldur eru það svokölluð háblöð sem fá á sig þessa áberandi liti til að auka sýnileika blómanna fyrir skordýr og kólibrífugla sem sækja næringu í blómin og bera um leið frjókorn milli þeirra. Blómin sjálf eru lítil og gul á litinn þegar þau þroskast. Sterkur litur háblaðanna er því auglýsing um að hér sé þroskuð blóm að finna. Í heimahúsum helst litur háblaðanna fram eftir vetri.

Viðkvæmt blóm

Meðhöndlun jólastjörnu er einföld ef nokkrum grunnleiðbeiningum er fylgt. Hún þolir ekki kulda og það þarf að hafa í huga allt frá því plantan er sótt í blómabúðina. Hitastig undir 15°C getur valdið skaða. Þegar heim er komið er plantan sett á bjartan stað þar sem hún nýtur sín vel, fjarri dragsúgi og hitasveiflum. Ekki er þörf á umpottun. Fylgjast þarf með vökvun en ekki ætti að vökva hana meira en svo að allt umframvatn nái að renna undan pottinum. Notað er volgt vatn þegar vökvað er.

Jólastjarna er ekki baneitruð!

Þótt engar rannsóknir bendi til þess að jólastjarna valdi bráðum eituráhrifum er rétt að forðast að mjólkursafi sem seytlar úr sárum sem kunna að koma á plöntuna, komist í snertingu við húð eða slímhúð því það getur valdið ertingu. Til að raunverulegt eituráhrif komi í ljós þarf að innbyrða ansi margar jólastjörnur í heilu lagi en hún ku vera vond á bragðið.

Blómin smá en efstu laufblöðin í áberandi litum

Upprunalegi litur jólastjörnunnar og sá algengasti í ræktun er eldrauður, en með kynbótum hefur tekist að fá fram fleiri liti, hvíta, mismunandi bleika og jafnvel gular og flekkóttar plöntur. Liturinn sem einkennir jólastjörnuna er ekki sjálfur blómliturinn,

Ingólfur Guðnason
fagbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu, LbkÍ Reykjum, Ölfusi.

ARCAN Construction Products

Inndælingarefni í sprungur og óþétt plötuskil

Leka sprungurnar ?
Mikið úrval af efnum og verkfærum til að stöðva lekann.
Fagleg ráðgjöf og þjónusta

múrefni ehf
Desjamýri 8 Mosfellsbæ
s. 4204010 - www.murefni.is

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is
Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

Bakkakot 1, 880 Kirkjubæjarklaustur

Jörðin Bakkakot 1, ásamt íbúðarhúsi og fleiri byggingum. Stærð jarðarinnar er 458 hektarar, þar af er ræktað land skráð 55,4 hektarar. Um er að ræða bújörð en ekki hefur verið stundaður þar hefðbundinn búskapur um árabil. Jörðin er flatlend og talin henta vel til ræktunar og akuryrkju. Jörðinni fylgja 226,5 ærgildi. Um 60 km akstursleið frá Vík, um 40 km frá Kirkjubæjarklaustri og um 250 km frá Reykjavík.

Verð: 44,9 mkr.

Ásavegur 31, 900 Vestmannaeyjar

Einbýlishús við Ásaveg 31 í Vestmannaeyjum. Aðalhæð er 128,8 m², ris 39 m² og bílskúr 65,5 m², samtals 233,3 m². Gólfflötur er meiri, þar sem hluti eignar í risi er undir súð.
Gróin lóð, eign í rólegu og barnvænu umhverfi í botnlanga við hraunjaðarinn. Eigninni hefur verið vel við haldið. Góður afgirtur, hellulagður sólpallur suðvestan eignar. Þakefni virðist í góðu lagi, en einhverjir gluggar þarfnast skoðunar.

Verð: 49,9 mkr.

Strandgata 55, 735 Eskifjörður



Skrifstofuhúsnæði á neðri hæð að Strandgötu 55, 735 Eskifirði, nánar tiltekið eign merkt 01-01, ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðarleigu- og sameignarréttindi. Húsið er steinsteypt og byggt árið 1959. Um er að ræða húsnæði sem áður hýsti afgreiðslu Íslandspósts á Eskifirði. Skráð stærð eignarhlutans er 174 m². og um er að ræða alla 1. hæð hússins. Auk póstafgreiðsluhluta hússins sem er til sölu, er í húsinu íbúð og tæknirými.

Verð: 15,5 mkr.

Finna má upplýsingar eignirnar og aðrar eignir í sölu hjá Ríkiskaupum inn á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

LÍF & STARF

Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi 20 ára

Það bar til síðla í september árið 1999 að boð komu frá Bjarkari Snorrasyni, bónda á Tóftum í Stokkseyrarhreppi hinum forna, að til hrútasýningar væri boðað að Tóftum. Þangað skyldu sauðfjárbændur í hreppnum mæta með hrúta sína til mælinga og dóma hvað þeir gerðu allir með sóma.

Hrútasýningar hafa í gegnum tíðina verið hinar merkilegustu samkomur bæði út frá faglegum atriðum og ekki síður hin besta skemmtan með ýmsum hætti. Svo hefur vissulega verið á Tóftum og samkomurnar hafist með kjötsúpumáltíð að hætti Bjarkars bónda áður en haldið er til fagstarfa í fjárhúsinu. Vegna þessa hafa hrútasýningar að Tóftum verið fjölmennar um langa tíð.

Eftir verðlaunaveitingu Hrútavinafélagsins Örvars á hrútasýningu að Tóftum árið 2001. F.v.: Steingrímur Pétursson, Hörður Jóelsson, Guðmundur Valur Pétursson, Einar Jóelsson, Sigurfinnur Bjarkarsson, Sævar Jóelsson, Bjarkar Snorrason og Björn Ingi Bjarnason, forseti Hrútavinafélagsins. Síðan lengst til hægri eru: Karl Þorgrímsson, Efri-Gegnishólum og Tryggvi Ágústsson frá Brúnastöðum.

Karlakór Selfoss og Jórukórinn á Selfossi á tónleikum í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri. Hrútavinafélagið Örvar á stóran þátt í því hvernig Hraðfrystihúsi Stokkseyrar var breytt í Menningarverstöð.

Afdrifarík óvissuferð

Athafna- og félagsmálamaður vestan af fjörðum, Björn Ingi Bjarnason, hafði flutt til Stokkseyrar sumarið 1999 og var svo lánsamur að lenda í slagtogi við sauðfjárbændur í hreppnum. Svo heppilega vildi til að sama dag og hrútasýningin var á Tóftum að til Önfirðingsins komu þrír sveitungar hans úr hljómsveitinni Æfingu í heimsókn. Þetta voru Árni

Þegar Hrútavinafélagið Örvar heiðrar þá er heiðruð bæði alþýða og aðrir. Heiðraðir á 10 ára afmæli Hrútavinafélagsins 2009 voru. F.v.: Kristrún Ósk Kalmannsdóttir, húsmóðir, hagleikskona og umboðsmaður Morgunblaðsins, Margrét S. Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni, fv. oddviti og alþingismaður, Guðrún Kristmannsdóttir, húsmóðir og fiskverkakona í rúma hálfa öld, Ragnhildur Jónsdóttir, húsmóðir og meðhjálpari í Stokkseyrarkirkju, Grétar Zópaníasson, starfsmaður Árborgar og síðasti sveitarstjóri á Stokkseyri, Kristján Friðbergsson, fv. forstöðumaður á Kumbaravogi, Sigríður Kolbrún Guðjónsdóttir, fv. hjúkrunarforstjóri á Kumbaravogi, Helga Jónasdóttir, húsmóðir og starfskona við Barnaskólann á Stokkseyri í rúm 30 ár, Theódór Guðjónsson, fv. skólastjóri Barnaskólans á Stokkseyri um árabil, og séra Úlfar Guðmundsson, fv. sóknarprestur á Eyrarbakka og Stokkseyri í áratugi.

Stór stund í sögu Hrútavinafélagsins Örvars var þegar forystusauðurinn Gorbachev frá Brúnastöðum í Flóa var gefinn Forystufjársetrinu að Svalbarði í Þistilfirði haustið 2014. F.v.: Skúli Ragnarsson, Ytra-Álandi, Björn Ingi Bjarnason, forseti Örvars, Tryggvi Ágústsson, GORBI milli þeirra bræðra, Guðni Ágústsson, heiðursforseti Örvars, Daníel Hansen, Svalbarði og Margrét Hauksdóttir.

Þann 21. október 2008, á 100 ára afmæli myndhöggvarans Sigurjóns Ólafssonar frá Eyrarbakka, stóð Hrútavinafélagið með fleirum fyrir 100 ljósa blysför að listaverki hans, „Krían“, sem stendur í Hraunprýði austan Litla-Hrauns.

Samkomuhúsið Gimli á Stokkseyri varð 90 ára á árinu 2011. Hrútavinafélagið stóð fyrir afmælistónleikum þar á Bryggjuhátíðinni 2011 með hljómsveitinni GRANÍT frá Vík í Mýrdal og söngkonunni Hlín Pétursdóttur frá Stokkseyri. F.v.: Hróbjartur Vigfússon, Sveinn Pálsson, Auðbert Vigfússon, Guðmundur Pétur Guðgeirsson, Hlín Pétursdóttir, Kristinn J. Níelsson og Bárður Einarsson.

Hrútavinafélagið Örvar er upphafsaðili Bryggjuhátíðar á Stokkseyri árið 2004. Félagið lét síðan árið 2006 byggja glæsilegt svið á bryggjunni sem staðið hefur af sér öll vetrarbrim og er veglegt staðartákn.

Þegar Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi varð 10 ára á árinu 2009 voru heiðraðir 10 af frumkvöðlum og kraftaverkamönnum félagsins. F.v.: Sigurður Sigurðarson, fv. yfirdýralæknir, Selfossi, Kristinn Jóhann Níelsson, tónlistarkennari og meðlimur í Hljómsveitinni GRANÍT í Vík í Mýrdal, Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður, Selfossi, Siggeir Ingólfsson, yfirstrandvörður Hrútavinafélagsins, Eyrarbakka, Guðni Ágústsson, fv. alþingismaður og ráðherrra, heiðursforseti Hrútavinafélagsins, Selfossi, Björn Harðarson, bóndi í Holti og formaður Búnaðarfélags Stokkseyrarhrepps, Guðrún Jóna Borgarsdóttir, bóndi að Tóftum, Stokkseyrarhreppi, Sævar Jóelsson, bóndi í Brautartungu, Stokkseyrarhreppi, Bjarkar Snorrason, bóndi að Tóftum (Brattsholti) Stokkseyrarhreppi og guðfaðir Hrútavinafélagsins og Árni Johnsen, fv. alþingismaður, Vestmannaeyjum.

Benediktsson og bræðurnir Ingólfur Björnsson og Siggi Björns. Var strax ákveðið að fara með gestina í óvissuferð á hrútasýninguna. Þoka var yfir öllu og rigningarúði þegar haldið var af stað og gestirnir hlaðnir kvíða yfir því hvað væri í vændum enda höfðu þeir reynt nýbúann á Stokkseyri af ýmsu á fyrri tíð fyrir vestan.

Árni býr nú á Selfossi, Ingólfur í Noregi og Siggi Björns í Berlín í Þýskalandi.

Mikil upplifun

Ekki var að sökum að spyrja að þetta kvöld á Tóftum var mikil upplifun og góð skemmtun fyrir gestina að vestan því enginn þeirra hafði farið á hrútasýningu áður. Þarna var fastmælum bundið að mæta árið eftir að Tóftum á hrútasýninguna og þá með nokkur skemmtiatriði sem og var gert.

Örvar

Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi var orðið til upp úr þessari óvissuferð að Tóftum haustið 1999. Hrútavinafélagið fagnar því í ár tuttugu ára afmæli og mun það verða gert með ýmsum hætti og ber þar hæst „Listasjóð alþýðu.“. Hrútavinafélagið Örvar hefur komið að og haft frumkvæði til ýmissa mannlífs- og menningarmála á Suðurlandi og víðar. Verður það ekki rakið hér

Þegar Hrútavinir koma saman þá er gaman. Hér er Jón Kr. Ólafsson á Bíldudal 70 ára þann 22. ágúst 2010 og nokkrir Vestfirðingar með afmælisbarninu á Hvolsvelli. F.v.: Jón Kr. Ólafsson, Magnús Björnsson, Ólafur Helgi Kjartansson, Hafliði Magnússon og Pétur Bjarnason.

Kristján Runólfsson er höfuðskáld Hrútavinafélagsins Örvars. Hér flytur hann ljóð á samkomu hjá Hrútavinafélaginu í maí 2011. Blessuð sé minning hans.

Vestfirðingurinn Björn Ingi Bjarnason tekur í spaðann á Vestfirðingnum Gísla Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra í Árborg.

að þessu sinni en aðeins nefnd til Bryggjuhátíð á Stokkseyri sem félagið stóð fyrir með aðilum á staðnum og fleirum að koma í framkvæmd sumarið 2004. Einnig „Samvinnuferðin – landsferð“ með forystusauðinn GORBA frá Brúnastöðum sem Hrútavinafélagið gaf í Forystufjársetrið að Svalbarði í Þistilfirði.

Þjóðlegt

Hrútavinafélagið vinnur í anda þess „að viðhalda og efla þjóðlega menningararfleifð til sjávar og sveita og er samafl brottfluttra Vestfirðinga og heimamanna á Suðurlandi“ og sýna verkin vissulega slíkt á margan hátt. Grunnur félagsins liggur í bændamenningunni í Flóanum og vestfirskum sjómönnum og beitustrákum eins og sést á því hvernig félagið varð til.

Félagið hefur fengið góða svörun við starfinu sem sést best á því að samkomur og uppákomur þess eru ætíð mjög vel sóttar. Hrútavinafélaginu er gríðarlega kær einstök viðurkenning sem það fékk nokkru eftir stofnun á samkomu í troðfullu félagsheimilinu Þjórsárveri. Sigurður Sigurðarson, f.v. yfirdýralæknir, kvaddi sér þar hljóðs og veitti félaginu áratuga heilbrigðisvottorð vegna hins margþætta mannlífs og menningarstarfs Hrútavina. Þetta vottorð er í fullu gildi enn.

Afmæliskveðjur
Björn Ingi Bjarnason
forseti Hrútavinafélagsins Örvars
á Suðurlandi.

Hrútavinafélagið Örvar hefur gefið út dægurrit, Séð og jarmað, og er það gríðarlega vinsælt. Það er í stóru broti á burðarmiklum pappír og plastað þykku plasti. Upplagið hverju sinni er eitt eintak og staðsett í Skálanum á Stokkseyri fyrir gesti og gangandi. Síðan hefur Séð og jarmað verið lánað til lestrarviku í senn á heimili, fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi. Á myndinni er Séð og jarmað að koma í hús til Guðrúnar Kristmannsdóttur í Brekkholti. Með henni eru t.v.: Jón Jónsson og t.h. er Þórður Guðmundsson.

Á 10 ár afmæli Hrútavinafélagsins Örvars árið 2009 var farið í fimm daga sögu- og menningarferð um Vestfirði. Hér eru Hrútavinir við minnisvarðann um Kollabúðafundina á Kollabúðaeyrum í Þorskafirði sem haldnir voru á árunum 1849 til 1868. „Að viðhalda og efla þjóðlega menningararfleifð til sjávar og sveita“ er eitt af markmiðum Hrútavinafélagsins Örvars. F.v.: Hlynur Gylfason, Ásmundur Sigurðsson, Gunnar Marel Friðþjófsson, Einar Loftur Högnason, Jóhann Páll Helgason, Bjarkar Snorrason, Hafliði Magnússon, Einar Valur Oddsson og Friðrik Sigurjónsson. Mynd / Björn Ingi Bjarnason

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda

verður haldinn í Bændahöllinni, Hótel Sögu (salur Hekla I), laugardaginn 9. nóvember n.k. og hefst hann kl. 13:00

Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

1. Setning fundarins og skipun starfsmanna
2. Skýrsla stjórnar
3. Umræða um skýrslu stjórnar
4. Erindi Harðar Braga Helgasonar, frá Vatnaskilum, um ákvörðun á innrennsli til smávirkjana
5. Erindi Arnars Bergþórssonar, stjórnarform. Arnarlækjar, um Urðarfellsvirkjun
6. Erindi Tjörva Bjarnasonar, frá Bændasamtökum Íslands, um samstarfsverkefnið, Hleðsla í hlaði
7. Fyrirspurnir til framsögumanna og orðið frjálst
8. Afmæliskaffi, áætlað kl. 15:00 í tilefni af 20 ára afmæli samtakanna
9. Reikningar LRB 2018 lesnir upp
10. Reikningar bornir undir atkvæði, og árgjald ákveðið
11. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna til eins árs
12. Önnur mál
    Fundarslit, (áætluð eigi síðar en 17:00).

Heimasíða samtakanna:
www.raforkubondi.wordpress.com

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 21. nóvember

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Kínin var lengi eina lyfið sem þekktist gegn malaríu. Það er náttúrulyf sem finnst í berki plöntu sem kallast kínabörkur.

Kínabörkur og lækning malaríu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Kínin er það náttúrulyf sem bjargað hefur flestum mannslífum. Efnið finnst í berki plöntu sem kallast kínabörkur og var lengi eina lyfið sem þekktist gegn malaríu. Sjúkdómi sem hefur dregið helming mannkyns til dauða.

Ræktun á kínaberki hefur dregist mikið sama frá því að hún var mest enda virka efnið sem sóst er eftir og unnið er úr berki plöntunnar núna mest unnið í verksmiðjum. Gróft áætlað er talið að heildarframleiðsla á kínaberki í dag sé á milli 5 til 10 þúsund tonn á ári og að úr því séu unnin milli 300 og 500 tonn af kínini.

Helstu ræktunarlönd eru Kongó sem er með um 55% heimsframleiðslunnar, Indónesía um 30% og Indland sem framleiðir um 8% alls náttúrulegs kínins í heiminum í dag.

Ekki fundust upplýsingar um innflutning á kínaberki eða kínini til Íslands á vef Hagstofunnar.

Ættkvíslun Cinchona

Milli 20 og 50 tegundir trjáa og runna tilheyra ættkvíslinni Cinchona. Tegundir eru breytilegar í útliti eftir vaxtarstað og frjóvgast auðveldlega saman og því oft ekki gott að segja til um hvort um sé að ræða tegund eða staðbrigði tegundar.

Allar eiga náttúruleg heimkynni hátt í hitabeltisskógum Andesfjalla í vestanverðri Suður-Ameríku. Auk þess sem sumar tegundir hafa numið land og breiðst út frá ræktun í Mið-Ameríku, Jamaíka, Frönsku Pólýnesíu og víðar. Í Indónesíu, á Indlandi og í hitabelti Afríku hafa þróast sérstök afbrigði plöntunnar sem þar vaxa villtar.

Malaría smitast með kvenkyns moskítóflugum.

Kínin, sem er unnið úr berki trjánna, var lengi eina þekkta lyfið gegn malaríu.

Kínabörkur eða kínintré. Blöð og blóm.

Plöntur innan ættkvíslarinnar Cinchona eru sígræn tré eða runnar og milli 5 og 25 metra að hæð.

Plöntur innan ættkvíslarinnar, hvort sem það eru tré eða runnar, eru sígrænar og milli 5 og 25 metra háar. Blöðin egg- eða lensulaga, 10 til 40 sentímetra löng og gagnstæð. Blómin stjörnulaga og með fimm eða sex loðnum krónublöðum, hvít, bleik eða rauð og mörg saman í axi. Frjóvgun á sér stað með hjálp skordýra. Það tekur aldinið, sem er baukur með mörgum fræjum, sjö til átta mánuði að ná fullum þroska.

Ýmsar tegundir innan ættkvíslarinnar eru í ræktun og eru þær almennt kallaðar Cinchona sp.

Plantan sem á íslensku kallast kínabörkur, C. officinalis, er stór runni eða lítið tré, yfirleitt 8 til 16 metrar að hæð, sem finnst villt í 800 til 3.700 metra hæð í regnskógum Kólumbíu, Ekvador, Perú, Venesúela og Bólivíu. Plantan er með trefjarót, og eru börkur stofns og greinanna þakin smáum hárum. Börkurinn er þykkur, brúnn eða grábrúnn að lit. Blöðin lensu- eða sporöskjulaga, um 10 sentímetra breið og 3 til 4 sentímetrar að breidd. Blómin stjörnulaga rauð- eða gulleit og með loðnum krónublöðum. Aldinið ílangur einn til þriggja sentímetra langur baukur með milli 40 og 50 þunnum og flatlaga fræjum, 4 til 5 millimetrar að lengd og einn millimetri að breidd og vængjuð.

Plantan er fljót að aðlaga sig að nýjum heimkynnum séu aðstæður henni jákvæðar og til er fjöldi afbrigða, yrkja og staðbrigða af kínaberki á stöðum sem planta hefur verið flutt til.

Saga kínabarkar

Frumbyggjar í náttúrulegum heimkynnum Cinchona-plantna hafa nýtt plönturnar og börk hennar til margs konar lækninga í ómuna tíð. Í plöntunum er að finna fjölda efna og efnasambanda sem hafa líknandi áhrif á margs konar kvilla. Fyrir gamlaheimsbúa varð það kínin sem finnst í berki trjánna sem hafði mest áhrif og átti eftir að bjarga tugum ef ekki hundruðum milljónum mannslífa.

Ýmsar sögur er til um hvernig Evrópumenn komust í kynni við lækingamátt plöntunnar við malaríu en sannleiksgildi flestra er dregið í efa. Lífseigasta sagan segir frá atburði sem á að hafa átt sér stað árið 1629. Greifynjan af Chinchon, sem var ung og glæsileg eiginkona landstjóra Perú, er sögð hafa veikst af malaríu og ekki hugað líf þar til hún drakk seyði kínabarkar að ráði innfædds töframans.

Í annarri sögu segir að hermaður eða trúboði í könnunnarleiðangri spænskrar herdeildar landvinningamanna hafi verið svo illa haldin af malaríu að hann hafi verið skilinn eftir sem dauður. Maðurinn drakk vatn úr læk sem kínabarkartré hafði fallið í og viti menn, skömmu síðar var hann heill heilsu.

Spænskættaði Ágústínusarguðsmaðurinn og mannfræðingurinn Antonio de la Calancha segir í riti frá 1638 að kínin finnist í berki trjáa frá Loxa sem er hérað í suðurhluta Perú og bætir við að duft sem unnið er úr berkinum slái á hitasótt.

Jesúítapresturinn Bernabé Cobo kallaði tréð sótthitatré árið 1653 og trúboðar Jesúíta í Suður-Ameríku voru fljótir að átta sig á lækningamætti kínabarkar sem þeir hafa líklegast kynnst í gegnum samskipti sín við innfædda. Jesúítarnir fluttu

börkinn með sér á trúboðsferðum sínum um heiminn og um tíma voru þeir einráðir á markaði með hann og önnuðu ekki eftirspurn.

Fyrstu heimildir um notkun kínabarkar eða kínins til lækningar í Evrópu, Englandi og Ítalíu, er frá 1677. Sagt er að bæði Karl II Englandskonungur og sonur Loðvíks 14. konungs Frakka, hafi sýkst af malaríu og að enski læknirinn Robert Talbor hafi gefið þeim kínin á laun þar sem margir kirkjunnarmenn voru á móti notkun þess vegna tengsla lyfsins við Jesúíta.

Samkvæmt uppskrift sem franski kóngurinn birti eftir dauða Talbor samanstóð mixtúra hans af sjö grömmum af rósablöðum, tveimur 60 millilítrum af sítrónusafa og talsverðu magni af kínabarkardufti sem blandað var með víni.

Í fyrstu voru kínabarkartré sem fundurst í skógum felld og börkurinn af þeim og rótum þeirra skrælaður af og þurrkaður. Þrátt fyrir að innfæddum í Suður-Ameríku hafi lengi tekist að halda síðustu vaxtarstöðum trjánna leyndum gekk hratt á þau og ljóst að hefja þurti ræktun á þeim.

Bretar, Spánverjar og Hollendingar sendu söfnunarleiðangra inn í skógana og upp í fjöllin til að safna fræjum og leita að bestu tegundunum til ræktunar. Afrakstur þessara leiðrangra var nýttur til að koma upp kínabarkartrjám í Suður-Amerku en hluti efniviðarins, fræ og græðlingar, var flutt til eyjunnar Jövu, Srí Lanka og Indlands.

Um miðja nítjándu öld tókst Bretanum Charles Ledger og innfæddum aðstoðarmanni hans, Manuel, að verða sér úti um nokkur fræ í Bólivíu af Cinchona tegund sem seinna hlaut heitið C. ledgeriana. Algert bann var við að flytja fræin úr landi og þegar Manuel var gripinn við að aðstoða Ledger við að smygla fræjunum úr landi var hann handtekinn og barinn til bana af bólivískum hafnarvörðum. Ledger komst undan með fræin og síðar kom í ljós að trén sem upp af þeim uxu voru óvenjulega rík af kínini.

Ledger bauð Bretum að kaupa fræin en þeir sýndu þeim engan áhuga. Hollendingar voru jákvæðari og keyptu fræin og í framhaldi af því urðu Hollendingar ráðandi á kínabarkarmarkaði með yfir 95% markaðshlutdeild. Stærstur hluti kínabarkartrjáa sem ræktuð eru í Suðaustur-Asíu í dag eru afkomendur þessara fræja.

Seinni heimsstyrjöldin varð til þess að hafist var handa við að leita að tegundum Cinchona-trjáa með hátt innihald kínins og að rækta þau bæði í Afríku og Suður-Ameríku.

Árið 1820 var virka efnið gegn malaríu, kínin, einangrað úr plöntunni en það var ekki fyrr en árið 1944 að tókst að framleiða lyf gegn sjúkdómnum í lyfjaverksmiðjum. Fyrir þann tíma voru hundruð þúsunda hektara votlendis víða um heim ræstir fram í þeim tilgangi að eyða búsvæði moskítóflugunnar sem ber sjúkdóminn. Auk þess sem skordýraeitrið DDT var óspart notað til að drepa moskítóflugur.

Mýrarkalda eða malaría

Malaría eða mýrarkalda er smitsjúkdómur sem í dag er útbreiddur í mörgum hitabeltislöndum en þekktist áður víða um heim. Talið er að sjúkdómurinn hafi ekki þekktst í Suður-Ameríku fyrir komu Evrópumanna til álfunnar. Malaría veldur einum til þremur milljónum dauðsfalla á ári, og eru það aðallega ung börn í Afríku sem látast af völdum sjúkdómsins í dag. Talið er að malaría sé sá sjúkdómur sem flesta hefur lagt af velli af öllum sjúkdómum heimsins.

Elstu heimildir um malaríu koma frá Kína og eru frá því um 2700 fyrir upphaf okkar tímatals. Áður en lækning við sjúkdómnum fannst stóð yfir helming jarðarbúa, sem bjuggu við votlendi, hvort sem það var í Asíu, Vestur-Afríku eða Evrópu, ógn af honum.



Cinchona-plantekra á eyjunni Jövu.

Náttúruleg heimkynni kínabarkartrjáa er hátt í hitabeltisskógum Andesfjalla í vestanverðri Suður-Ameríku.

Orsök malaríu er einsfrumu sníkjudýr sem berast á milli manna með stungum kvenkyns moskítóflugna. Talið er að sníkjudýrið hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir 50 til 100 þúsund árum en fyrst náð verulegri útbreiðslu fyrir um 10 þúsund árum. Sníkjudýrin sýkja rauð blóðkorn í hýsli sínum þar sem kynlaus fjölgun á sér stað. Að lokum springa blóðkornin og sníkjudýrin losna út í blóðrásina og sýkja önnur rauð blóðkorn. Þetta veldur sótthita og blóðleysi og í alvarlegum tilvikum geta sjúklingar fallið í dá og látist í kjölfarið.

Meðal nafnþekkts fólks sem dáið hefur vegna malaríu eru skáldið Lord Byron, enski stjórnmálamaðurinn Oliver Cromwell, spænski landkönnuðurinn Vasco da Gama, David Livingstone, hjólreiðamaðurinn Fausto Coddi, þýski uppfinningamaðurinn Joesf Ressel, sem hannaði eina af fyrst skipsskrúfunum og grasafræðingarnir Valerius Cordus og Peter Forsskål. Páfinn Urban VII lést af malaríu og líka myndlistarkonan Charlotte Canning og hefðarkonan Eleanor af Toledo. Auk ótaldra hundruð milljóna fátæklinga sem enginn man eftir í dag

Nafnaspeki

Svíinn Carl Linnaeus gaf plöntunni nafnið Cinchona officinalis eftir að hafa skoðað þurrkað eintak plöntu sem vex á afmörkuðu svæði í Ekvador og hefur lítið lækningagildi.

Ættkvíslarheitið Cinchona er dregið af nafni Chinchona greifynju sem sögð er hafa verið fyrsti Evrópubúinn til að læknast af malaríu með því að drekka seyði kínabarkar. Linnaeus misritaði nafn greifynjunnar og sleppti einu hái þegar hann nefndi ættkvíslina eftir henni. Kannski hefur hann verið búinn að fá sér neðan í því.

Tegundarheitið officinalis segir að um lækningaplöntu sé að ræða.

Á ensku kallast plantan og lyfið sem úr henni er unnið quinine, red cinchona, cinchona bark, Jesuit's bark, Jesuit's Tree, Pulvis Patrum, Loxa bark, Jesuit's powder, countess powder, Peruvian bark og China Bark.

Heitið kínin er dregið af quina-quina, eða quinquina, sem er gamalt evrópskt heiti á trénu og komið frá Quechua-fólkinu í Perú. Í Indónesíu kallast tréð kina, í Malasíu kuinin, kinin í Taílandi og canh ki na í Víetnam. Á dösku kallast tréð kinabark og þaðan er íslenska heiti kínabörkur komið.

Heitið kínabörkur er villandi þar sem ættvíslin er upprunnin í Suður-Ameríku og var fram á miðja síðustu öld aðallega ræktuð á Indlandi, Jövu og í Indónesíu. Með réttu ætti tréð að heita kínintré.

Sjúkdómsheitið Malaría er komið úr ítölsku, mala aria, og þýðir slæmt loft sem skýrist af þeim misskilningi að í eina tíð var orsök sjúkdómsins talin vera slæmt eða rakt loft. Íslenska nafnið mýrarkalda er leitt af því að moskítóflugur verpa á mýrarsvæðum eða lygnum vatnsyfirborðum.

Ræktun og nytjar

Rúmur helmingur framleiðslunnar á kínini í dag er nýttur til framleiðslu bragðefnis sem notað er í kínínvatn, tónik og aðrar drykkjar- og matvörur. Það sem eftir stendur er nýtt til lyfjaiðnaðar.

Fræ kínabarkartrjáa geymast í um ár á þurrum, svölum og dimmum stað eftir tínslu og spíra á tveimur til þremur vikum eftir að þeim er sáð. Ungar plöntur vaxa hægt og er yfirleitt ekki plantað út fyrr en eins og hálfs árs gömlum og það tekur fjögur til sjö ár fyrir þær að blómstra.

Græðlingar ræta sig yfirleitt vel og einnig er talsvert um að góðar fræplöntur séu græddar á góða rótarstofna.

Trén dafna best þar sem úrkoma er mikil, allt að 4000 millimetrar á ári, og loftraki mikill. Þar sem plönturnar eru upprunnar hátt til fjalla er kjörhiti þeirra 14 til 21° á Celsíus en þær dafna illa fari hitinn niður fyri 7° og upp fyrir 27° á Celsíus. Kínabarkartré kjósa eilítið súran og vel framræstan eða gljúpan jarðveg og þola illa að standa í vatni.

Það tekur um tólf ár fyrir trén að ná nægum barkarþroska til að hægt sé að vinna hann. Í dag er börkur trjáa í ræktun losaður frá með því að berja hann með barefli og síðan skorinn af trjánum í lóðréttum ræmum og mosi settur í sárin sem gerir trénu kleift að mynda nýjan börk.

Uppskera á tíu tonnum á hektara telst góð

Samkvæmt gömlu læknisráði á að hella bolla af sjóðandi vatni yfir eitt til tvö grömm af þurrkuðu og muldu kínabarkardufti og drekka eftir að duftinu hefur verið hrært saman við vatnið. Seyðið er sagt lystaukandi og bæta meltinguna. Hreint kínin í litlum skömmtum getur verið banvænt.

Kínin og Nýja-Ísland

Í þriðja tölublaði Heimskringlu sem gefið var út í Winnipeg í Kanada árið 1895 er grein sem ber fyrirsögnina Kínín-börkurinn, hvar og hvernig hann fæst. Í greininni er söfnun barkarins ágætlega lýst en um leið skín í gegn hugmyndin um hinn göfuga villimann sem alltaf er glaður og mætir hverri raun með bræðralagi á vör.

„Þeir, sem kaupa Kínin-vín í lyfjabúðunum hafa litla hugmynd um alt það erfiði, allar þær þrautir og hörmungar, sem barkarleitendur verða að ganga í gegn um, til að útvega sjúklingum þetta ágæta meðal.

Aðalheimkynni þessara undraverðu trjáa, er bera kínin-börk, er í Andesfjöllunum vestanverðum, innan ríkisins Peru í Suður-Ameriku. Trén eru ekki ýkja há, verða hæzt 80 fet, en gild eru þau mjög og undra fögur. Þau vaxa þráðbein og eru krýnd með stórvöxnum hnappi af blaðabreiðum laufum, dökkgrænum á lit en með bleikrauðum rákum hér og þar á hverju blaði.

Það er arfgeng atvinna að leita að þessum berki í skóggeimnum ómælilega og veglausa vestan í fjöllunum. Faðirinn elur upp son sinn til að halda þessari atvinnu áfram, venur hann á fjalla og klettagöngur og alls konar hættur, sem barkarleitandinn hlýtur að mæta og yfirstiga, eða láta lifið ella, og sem er alment að verður endirinn. Launin sem þessir fjallgöngumenn fá, eru lítil, en þarfir þeirra eru líka fáar og lífsframfærzlan ókostbær, svo að þegar vel gengur leitin, lifa þeir og þeirra fólk sældarlífi og eru hinir ánægðustu.

Þegar lagt er af stað í barkarleit, eru konur og börn og ættingjar kvaddir með trega, því enginn getur sagt hvort faðirinn muni koma lifandi heim aftur. Líkurnar eru jafnar með og mót. Svo leggur húsfaðirinn hörundsdökki (leitarmenn þessir eru allir Indíánar eða Indíánaættar) út í myrkviðinn, endalausan eins og fjallabálkinn. Með sér hefir hann ekki meira af fötum en svo, að hann getur laklega skift um búning, og ekki önnur áhöld en öxi hníf og önnur smágögn. Með þesssum áhöldum þarf hann að byggja sér brýr yfir ókleifar gilskorur og yfir ár sem hann treystir sér ekki að synda. Neð þessum sömu áhöldum verður hann að veiða sér til matar, verjast ahlaupum óargadýra og ægilegra höggorma í leynum myrkviðarins. Almennast er að hver húsfaðir leggur einn sér á öræfi en þó kemur það fyrir að nokkrir þeirra bindas í fóstbræðralagi, fylgjast að alla leið, vinna saman og skifta berkinum, sem þeir finna, jafnt á milli sín. Er þá glatt á hjalla umhverfis eldinn er þeir kynda á kveldin, þrátt fyrir þreytu og hættur dagsins og þrátt fyrir yfirvofandi háska daginn eftir, ef ekki strax um nóttina, af hálfu villidýra. Þegar loksins flokkurinn kemur á þær stöðvar, sem líklegt er að Kínintré finnist á, er verkum tafarlaust skift. Sjónbeztu og glöggustu mennirfur eru látnir klifra hæstu trjátoppana og líta þaðan að hinum einkennilegu trjám, aðrir viða að í eldinn, sumir sækja vatn og sumir gera að veiðum og undirbúa til matbúnings. Þegar alitlegur fjöldi af Kínin-trjám sjást frá toppum hæstu trjánna, er viðstöðulaust tekið til húsagerðar, hrófað upp skýli fyrir vindi og regni. Þá liggur vel á þeim fóstbræðrunum og fagna þeir einlæglega hverjum, sem hér að dyrum þeirra, án nokkurs tillits til þess, hvaða þjóðar hann er, eða hvernig hörundslit hann hefir. Móttökurnar eru bróðurlegar og veitingarnar hinar beztu.

Strax með birtu á morgnana er tekið til starfa og allan daginn til sólseturs bergmála klappirnar og hamrabeltin hljóð axanna, er þær sökkva sér í rætur trjánna. Þegar tréð er fallið, er tekið til að tálga börkinn, í svo löngum ræmum sem verður. Er það er verk og sársaukagjarnt, því mennirnir eru klæðlitlir, en lauf trjánna hörð og eins og hnífsegg og undirviðurinn víðast alsettur þyrnibroddum. Eru því barkarleitendurnir allir meira og minna sárir og blóði drifnir á hverju kvöldi. Eigi að síður eru þeir kátir vel, er þoir sitja og liggja umhverfis bálið, er þoir kynda úti fyrir kofa sínum á hverri nóttu. Svo seinlegt er að ná berkinum af trjánum, að sé það stórt, líða margir dagar áður en það er alveg afberkt og er þó ósviksamlega gengið til vinnu á meðan dagur er á lofti.

Jafnótt og berkinum er flett af trénu, er hann látinn í bing eða „flekk“ til að þorna, og er aldrei minna en einn maður settur til að gæta hans, snúa honum og sjá um að hann þorni allur jafnt og ofþorni hvorki eða vanþorni. Þetta er léttasla verkið og fá þeir það einn eftir annan, sem flest sár hafa fengið af völdum ýmist villidýra, þyrnisins eða laufanna af Kínintrénu. Þær ræmur af berkinum sem eru þunnar, eða ekki nema yztu himnurnar af honum, þorna fljótt og hringa sig hringa sig þá eins og hefilspænir en sé vel tálgaður börkur, er hann svo þykkur, að hann heldur sér þó hann breiskþorni og þolir að hann sé bundinn í bagga. Þegar nóg er frngið af berkinum, eru reipi fléttuð úr vissri grastegund og þeim bundið um baggana og þeir sívafðir svo, að ekki ein ræma getur týnzt. Úr grasi er og fléttuð breið gjörð, sem gengur fram yfir ennið á burðarmanninum og heldur bagganum í stellingum á herðum hans. Með þessa bagga, hvern frá 160 til 200 punda þungan, leggja þeir svo í gönguna, oft fullar 800 mílur til markaðar, um stiglausa skóga, ókleif gil og hamra, en alls konar óvætti, skriðdýr og ferfætlingar, hvervetna á vegi þeirra. Á ganginum eru þeir sífelt að éta coeoa og aðra ávexti, en þess á milli syngja þeir uppihaldslaust sína einkennilegu söngva og stíga svo þungum en drjúgum sporum, eftir hljóðfallinu, eins og æfðir hermenn laga stig sín eftir hljóði trumbunnar. Þrátt fyrir hættur, hungur og þreytu, eru þessir menn aldrei ókátir og kvarta aldrei um að leiðin sé löng.“

UTAN ÚR HEIMI

Frá Stokkhólmi. Mynd / HKr.

Bæjaryfirvöld í Stokkhólmi í Svíþjóð:

Minna kjöt og mjólkurvörur í skólum og á elliheimilum

Bæjaryfirvöld í Stokkhólmi í Svíþjóð hafa skrifað undir samkomulag um umhverfisvæn matvæli sem minnkar neyslu á kjöti í skólum og á elliheimilum og fer niður í 16 kíló á manneskju á ári hverju.

Í kringum 160 þúsund nemendur fá mat í skólum bæjarins og fer sem fyrr sagði talan niður í 16 kíló af kjöti og um 90 kíló af mjólkurvörum á mann á ári. Árið 2018 át meðal-Svíi um 85 kíló af kjöti árlega (reiknað með beini og sláturúrgangi) og um 355 kíló af mjólkurvörum. Félag eldri borgara í borginni eru ósáttir við þessi áform. Bæjaryfirvöld í Osló í Noregi hafa einnig farið sömu leið.

/Bondelaget - ehg

Frá Bæjaralandi í Þýskalandi. Mynd / HKr.

Matvælamarkaður í Evrópu:

Misjöfn staða landbúnaðarvöruflokka

Mjólkurmarkaður í Evrópu er í góðu jafnvægi og frá í júlí hefur innlögn aukist um 0,2%. Þrátt fyrir þetta fá sem dæmi þýskir kúabændur einungis um 77% af kostnaði sínum greiddan.

Horfur fyrir nautgripabændur lítur verr út en til dæmis fyrir árið 2018 sem getur að sumu leyti hafa orðið vegna Brexit-málsins. Meðalverð fyrir svínakjöt hefur ekki verið hærra síðan 2013 og hefur hækkað um 28% á þessu ári. Það á sér útskýringar í aukinni eftirspurn frá löndum í Asíu vegna svínapestar. Ávextir og grænmeti í Evrópu halda sinni markaðsstöðu á meðan verð á sykri er lágt og ólífubændur hafa ekki verið í svo erfiðri stöðu í áratugi.

/Bondelaget - ehg

Frá Müller-kúabúinu í þorpinu Schwabendorf í Hessen í Þýskalandi. Mynd / HKr.

Bændur í Evrópusambandinu:

Biðja um markaðsstuðning vegna bandarískra tolla

Landbúnaðarráðherrar frá Ítalíu og Frakklandi hafa óskað eftir því við Evrópusambandið að nota markaðsstuðning til að hjálpa bændum við áhrifin sem tollurinn sem settur var á í Bandaríkjunum hefur.

Tollurinn, sem er 25%, var innleiddur eftir að Bandaríkin fengu staðfestingu á því að evrópska félagið Airbus hafði fengið ólöglegan stuðning. Vín, viskí, ólífur og mjólkurvörur eru meðal þeirra vöruflokka sem verða fyrir barðinu á tollinum. Ítalir óska eftir stuðningi á sérstakri geymslu á dýrum ostum og Frakkar vilja ráðstafanir fyrir vín. Ólífubændur, sem áttu í vandræðum áður en tollurinn var settur á fá nú þegar aðstoð en eftir um það bil ár er reiknað með úrskurði í svipuðu máli gegn Boeing sem getur endað með því að Evrópusambandið setji á ráðstafanir gegn Bandaríkjunum.

/Bondelaget - ehg

LESENDABÁS

Sveigt af leið

Nýlega var skrifað undir samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar, eða a.m.k. áfanga að þeim, sé innihald samkomulagsins rétt skilið. Ástæða er til að þakka því fólki sem að þessu vann fyrir hönd okkar bænda fyrir sín störf. Þau störf eru gjarnan vanmetin, sjaldnast þakklát og gjarnan háð duttlungum aðstæðna.

Sigurður Loftsson.

Í þessu samkomulagi er að finna nokkur nýmæli, svo sem afar metnaðarfull markmið í loftslagsmálum. Þá er þar tæpt á ýmsum góðum málum sem taka á til skoðunar, s.s. aukinn stuðning við minni bú, aðgerðir á svæðum þar sem framleiðsla hefur dregist saman, rannsóknarstarf og skattaumhverfi í tengslum við kynslóðaskipti. Öll horfa þessi atriði til bóta og styrkja undirstöðu samningsins í heild. En í meginatriðum er þó með þessu samkomulagi sveigt af leið í nokkrum grundvallarþáttum frá upphaflegum samningi. Gefur það ástæðu til að horfa lítillega yfir það rekstrarumhverfi sem samningurinn snertir og umræddar breytingar taka til.

Snúið til baka

Ein helsta breytingin sem verður með þessu samkomulagi er að horfið er frá niðurfellingu greiðslumarks í mjólk. Er þetta í samræmi við niðurstöðu atkvæðagreiðslu meðal kúabænda sem fram fór fyrr á árinu, þar sem stór meirihluti greiddi atkvæði gegn niðurfellingu núverandi kvótakerfis í mjólkurframleiðslu.

Í samkomulaginu er síðan tekið á fyrirkomulagi viðskipta með greiðslumark og er ástæða til að hrósa nefndinni fyrir þá ákvörðun að taka aftur upp fyrirkomulag kvótamarkaðarins sem tók gildi 2011. Það fyrirkomulag á að geta, ef rétt er að staðið, tryggt jafnræði milli kaupenda og seljenda og stöðugleika í verðþróun greiðslumarksins. Það er þó miður að samningsaðilar virðast ekki hafa gefið sér tíma til að gaumgæfa aðferðina betur og setja um hana skýrari skorður, þannig að frá henni séu engin frávik eða undanþágur. Þvert á móti eru í samkomulaginu atriði sem gefa tilefni til að ala á tortryggni gagnvart framkvæmdinni.

Fyrir það fyrsta má nefna ákvæði um heimild ráðherra til að setja hámarksverð á greiðslumark. Ljóst er að slík ákvörðun hefur ígildi opinberrar verðlagningar þar sem að líkindum muni öll viðskipti með greiðslumark eftir það fara fram á því verði og gangverk markaðarins þar með verða óvirkt. Öllu verra er þó að hafa slíka ákvörðun hangandi yfir, enda virkar hún einungis sem spennuvaldur í viðskiptunum.

Annan afar sérkennilegan hlut er að finna í samkomulaginu, en hann er sá að bann er lagt við tilfærslu greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila frá og með 25. október 2019. Eftir því sem best er vitað var lagt bann við þessum tilflutningi með reglugerð í júní 2018. Hvernig má vera að því sé breytt? Hvaða knýjandi ástæður voru til að breyta þeirri dagsetningu? Hvenær verða þær aðstæður komnar upp aftur?

Kjörlendi kostnaðarauka

Þegar núgildandi samningur var undirritaður í febrúar 2016 var 12 mánaða sala á fitugrunni 132,8 milljónir lítra og 122,5 m. ltr. á próteingrunni. Þá var íbúafjöldi landsins 332.529 manns; sala á íbúa var 399 ltr. á fitugrunni og 368 ltr. á próteingrunni. Í dag eru íbúar landsins orðnir 356.991 og hefur því fjölgað um 7,4% frá undirritun, sala á fitugrunni er 145,3 m.ltr. og sala á próteingrunni 126,8 m.ltr.; reiknað á íbúa er salan 407 ltr. á fitugrunni, 1,9% aukning, en 355 ltr. á próteingrunni, 3,5% samdráttur. Þegar litið er til þróunar á fjölda ferðamanna á þessu tímabili sést að árlegur fjöldi þeirra fór úr 1,3 milljónum árið 2015 í 2,3 milljónir árið 2018; fjölgun um 82%. Samdráttur í sölu á íbúa er því umtalsverður á tímabilinu, sérstaklega í próteinflokknum þar sem margar framlegðarhæstu vörurnar eru. Það eru því blikur á lofti um það hvert greiðslumarkið verður næstu ár. Til að greiðslumarkskerfið geti gegnt hlutverki sínu þarf að hafa öfluga lagaumgjörð, sem tryggir að öll sú mjólk sem framleidd er umfram innanlandsþarfir fari til útflutnings.

Á haustfundi Auðhumlu sem haldinn var á Flúðum nýlega kom m.a. fram að áætla megi innflutning mjólkurafurða síðustu misseri 4–6 milljónir lítra á ársgrunni, þar kom jafnframt fram að erfitt sé að nýta tollkvótana inn á ESB-svæðið og hagkvæmara sé að nota erlent hráefni til framleiðslu á íslensku skyri þar. Þá kom fram á umræddum fundi að skilaverð fyrir útfluttar mjólkurvörur skilaði 29 krónum fyrir umframmjólkurlítrann til framleiðenda. Þetta er að líkindum mun lægra skilaverð en erlendum kollegum var greitt fyrir hráefnið sem fór í innfluttu mjólkurvörurnar.

Kostnaður við mjólkurframleiðslu á Íslandi er hár og háir greininni í samkeppni bæði heima og erlendis. Fyrir því eru margar ástæður, bæði landfræðilegar og veðurfarslegar, en einnig kerfislægar þar sem bændur þurfa að kaupa sér aðgang að sínum eigin heimamarkaði.

Lítil hreyfing hefur verið á tilfærslu greiðslumarks síðustu ár, því verður að reikna með spennu í viðskiptunum þegar kvótamarkaðurinn verður opnaður og að það sjáist í verðinu. Hversu hátt það stígur er ekki gott að segja né hversu mikil skuldsetning greinarinnar í heild verður vegna þess. Æskilegt hefði verið að í þessu samkomulagi væri með einhverjum hætti ríkari áhersla á lækkun framleiðslukostnaðar. En því miður virðist fremur lagt upp kjörlendi til hins gagnstæða.

Flangsast með fjöregg

Um árabil hefur staða núverandi verðlagningarkerfis mjólkur verið óljós, skilvirkni þess ekki nægjanleg og pólitísk staða verið mjög að veikjast. Í 12. grein gildandi nautgripasamnings er kveðið á um nýtt fyrirkomulag við verðlagningu sem taka átti gildi samhliða gildistöku samningsins, svokölluð tekjumarkaleið. Þessum hluta samningsins lauk þó löggjafinn ekki við afgreiðslu málsins á Alþingi haustið 2016 og hefur málið verið í undanslætti hjá samningsaðilum allar götur síðan.

Sú óvissa sem sköpuð hefur verið með þessu um verðlagningarfyrirkomulagið er afleit og því miður tekur hið nýja samkomulag með engum hætti á henni, heldur þvert á móti. Skipa á starfshóp til að útfæra hugmyndir að breyttu kerfi. Greina á tækifæri til frekari aðgreiningar á milli söfnunar og sölu hrámjólkur til vinnslu, með fremur óljósu markmiði um aukna samkeppni. Því til viðbótar er vakinn upp gamall draugur frá því fyrir síðustu aldamót, að hætta opinberri verðlagningu mjólkurafurða. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum innan sjö mánaða, verki sem ekki hefur tekist að koma af í tæp fjögur ár.

Í hnotskurn er það þannig að kvótakerfið er gagnslaust án verðlagningar til bænda og sú verðlagning er gagnslaus sé mjólkuriðnaðinum ekki tryggðar tekjur til að mæta henni. Mjólkuriðnaðurinn er fjöregg greinarinnar, í gegnum hann fá kúabændur ríflega 60% tekna sinna. Umhugsunarvert er að skrifað sé undir samkomulag um framlengingu kvótakerfisins án þess að fyrir liggi hvernig eigi að fjármagna þau réttindi sem það gefur.

Galin stjórnvöld?

Lakasti þáttur þessa samkomulags er líklega að hætt er niðurtröppun „greiðslna út á greiðslumark“, en þær greiðslur áttu að hverfa út í lok samningstímans og færast á aðra liði samningsins.

Það er afar umhugsunarvert að stjórnvöld skuli telja eðlilegt að undirrita ítrekað samninga, þar sem stuðningsgreiðslur sem ætlaðar eru starfandi bændum eru gerðar að söluvöru.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er að finna metnaðarfull markmið landbúnaðinum til handa, þar sem m.a. er talað um heilnæmi, nýsköpun, verðmætasköpun, byggðafestu og sjálfbærni. Hvernig þessir þættir fara saman við að beina þriðjungi stuðningsgreiðslna mjólkurframleiðslunnar í framseljanlegar stuðningsgreiðslur er óskiljanlegt, jafnvel þó að það sé vilji greinarinnar sjálfrar. Því miður þjónar þessi aðferð einkum hagsmunum þeirra sem komið hafa sér vel fyrir og/eða ætla út úr greininni.

Í ljósi þeirra áskorana sem greinin stendur frammi fyrir á komandi árum og þeirra markmiða sem stjórnvöld hafa sett sér í umhverfis- og loftslagsmálum, hlýtur að teljast galið að gera þennan viðsnúning á samningnum, ekki síst þar sem hann bauð upp á aðra valkosti.

***Sigurður Loftsson**, Steinsholti*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Niðurstöður heyefnagreininga haustið 2019

Eiríkur Loftsson
ábyrgðarmaður í jarðrækt
el@rml.is

Niðurstöður heysýna hafa verið að berast bændum síðustu vikurnar og nú er búið að efnagreina það mikið af sýnum að ástæða er til að skoða hvað niðurstöðurnar segja. Þó að oft megi gera sér nokkuð í hugarlund hvernig heyin séu eru jafnan einhver gildi nokkuð á skjön við væntingar manna enda vorkoma, sprettutíð og tíðarfar til heyskapar misjöfn milli ára. Lystugleiki heyjanna er svo annar mikilvægur þáttur í gæðamati þeirra.

Hér eru tekin saman meðaltöl fyrir landið og landsfjórðungana úr þeim niðurstöðum sem borist hafa í lok október og skilað sér í FAS gagnagrunn NorFor, norræna fóðurmatskerfisins fyrir jórturdýr. Til samanburðar eru niðurstöður frá sama tíma 2018.

Heldur meira er komið af niðurstöðum en á sama tíma í fyrra en dreifing eftir landshlutum er áþekk. Miðað við þessar niðurstöður eru heyin þurrari í ár og gætir þess alls staðar nema á Austurlandi þar sem heyin voru þurrust 2018. Meltanleiki heyjanna er góður en samt aðeins lægri en í fyrra og orkuinnihald minna í samræmi við það. Ekki er mikill munur milli landshluta á því hve mikil orka mælist og á Suðurlandi er orkan í heyjunum nær sú sama og 2018 en hún lækkar milli ára í öðrum landshlutum.

Prótein er talsvert minna í heyjunum í ár en í fyrra. Mest er breytingin milli ára á norðan- og vestanverðu landinu þar sem hún nemur 15 g/kg þe en á Suðurlandi er lækkunin minnst milli ára. Þurrkur og kuldi í byrjun sumars er líklegasta skýringin á þessu lága próteini og sums staðar er prótein í heyjum ansi lágt. Í sýnunum af Vesturlandi og Vestfjörðum er próteinið minnst, 142 g/kg þe en var 157 g/kg þe árið 2018.

Það er hóflega mikill sykur í heyjunum í ár þótt hann sé aðeins meiri en í fyrra. Hann hækkar milli ára á vestan- og sunnanverðu landinu en lækkar á Austurlandi.

Nokkur munur er á milli landshluta í magni steinefna, kannski þó mestur í innihaldi heyjanna á kalíi. Magn þess er að meðaltali minna en undanfarin ár aðeins ofan þeirra neðri marka sem sett hafa verið hér á landi sem viðmið um hæfilegt magn þess í heyjum. Það lækkar milli ára á Norðurlandi um 2 g/kg þe og það lækkar lítillega á Vesturlandi en hækkar á Suður- og Austurlandi. Stór hluti af ábornu kalíi kemur úr búfjáráburði og því hafa aðstæður við dreifingu á honum mikil áhrif á nýtingu þess. Eins hefur tíðarfar á sprettutíma grasanna áhrif á upptöku þess eins og annara næringarefna og endurspeglar kalítalan í heysýnum kannski vel muninn á veðráttunni tvö síðustu sumur. Á hinn bóginn má sums staðar greina stöðuga lækkun á kalíinnihaldi heyja og er rétt að benda bændum á að hægt er að fá innihald búfjáráburðar, s.s. mykju, efnagreint og ganga þannig úr skugga um hvort hann innihaldi í raun það magn áburðarefna sem reiknað er með. Leiðbeiningar um sýnatöku úr búfjáráburði er að finna á heimasíðu RML.

Magnesíum mælist innan þeirra marka sem sett hafa verið um æskilegt magn í heyjum en af kalsíum, fosfór og natríum er magnið of lítið til að ná þessum mörkum. Á Suðurlandi innihalda heyin 2019 meira af kalsíum og natríum en árið 2018. Fosfór er hins vegar minni í heyjunum 2019 í öllum landshlutum nema á Austurlandi þar sem hann hækkar aðeins. Heldur minna mælist af brennisteini í heyjunum 2019 en 2018 en af seleni innihalda hey að jafnaði ágætt magn bæði árin. Hæst er meðaltalið fyrir selen í heyjunum af Austurlandi. Seleninnihald heyja hefur batnað mikið með tilkomu selenbætts áburðar undanfarin ár en úr öllum landshlutum er þó að finna stöku mælingar með óþarflega há gildi fyrir selen. Rétt er að veita þessu athygli því mjög mikið selen í fóðri getur valdið eituráhrifum. Svo háar mælingar hafa þó ekki sést.

Niðurstöður heyefnagreininga 2019

Svæði	Fjöldi sýna	Þurrefni %	Meltanleiki MLE, %	Prótein g/kg þe	Tréni (NDF) g/kg þe	Sykur g/kg þe	AAT g/kg þe	PBV g/kg þe	Orka (NEL) Mj/kg þe
Viðmið-mjólkurkýr				**140-180**	**450-510**	**40-160**			
Vesturland og Vestfirðir	89	57	78,3	142	486	79	92	-2	6,43
Norðurland	449	57	78,0	151	493	74	94	4	6,45
Austurland	53	46	78,7	154	482	71	92	12	6,50
Suðurland	274	56	78,9	148	478	80	93	3	6,45
Allt landið 2019	**943**	**56**	**78,3**	**149**	**487**	**76**	**93**	**4**	**6,45**
Allt landið 2018	**827**	**48**	**78,7**	**161**	**492**	**68**	**94**	**15**	**6,56**

Meltanleiki er gefin upp sem meltanleiki lífræns efnis (MLE)
AAT er amínósýrur sem teknar eru upp í smáþörmum
PBV er próteinjafnvægi í vömb
Orka, NEL er nettó orka til mjólkurframleiðslu

Magn steinefna, brennisteins og selens í heyefnagreiningum 2019

Svæði	Kalsíum g/kg þe	Fosfór g/kg þe	Magnesium g/kg þe	Kalíum g/kg þe	Natríum g/kg þe	Brennisteinn g/kg þe	Selen µg/kg þe
Viðmið-mjólkurkýr	4,5-6,5	3,0-4,5	2,0-3,5	15-25	2,0-3,0	2,0-4,0	90-250
Vesturland og Vestfirðir	4,2	2,2	2,4	15,3	1,7	2,1	118
Norðurland	4,2	2,6	2,5	15,3	1,5	2,3	157
Austurland	3,7	3,1	2,2	18,6	1,5	2,2	275
Suðurland	4,2	2,5	2,3	18,1	1,6	2,1	163
Allt landið 2019	**4,1**	**2,5**	**2,4**	**16,5**	**1,6**	**2,2**	**164**
Allt landið 2018	**4,1**	**2,9**	**2,5**	**17**	**1,4**	**2,5**	**177**

Heyskapur á Dagverðareyri við Eyjafjörð. Mynd / HKr.

Gæta þarf þess að laustengd vinnuljós (ljósahundar) séu ekki nálægt heyi eða öðru auðbrennanlegu efni. Fylgjast þarf vel með ástandi á rafmagnssnúrum og tenglum.

Eldvarnir vegna rafmagns í landbúnaði

Eldvarnir á lögbýlum skipta almennt miklu máli, en þá er ekki einungis verið að tala um eldvarnir í landbúnaðarbyggingum heldur einnig í íbúðarhúsum. Aukin vitundarvakning skiptir máli og getur hún komið í veg fyrir mögulega eldsvoða.

Kristján Vilhelm Rúriksson.

Oft hagar svo til að býli eru í talsverðri fjarlægð frá slökkvistöð og getur þá tekið töluverðan tíma fyrir slökkvilið að komast á vettvang. Lengri viðbragðstími getur í sumum tilfellum þýtt auknar eldvarnir, það er umfram lágmarkskröfur í reglugerðum, til að koma í veg fyrir bruna eða til að lágmarka það tjón sem getur orðið. Ein af algengustu orsökum eldsvoða á Íslandi eru rafmagnsbilanir og röng notkun og uppsetning raftækja. Þess vegna er mikilvægt að frágangur á rafmagni sé góður og vandaður. Hér verður stiklað á stóru varðandi helstu atriði sem hafa ber í huga við eldvarnir gegn rafmagnsbrunum.

Raftæki og frágangur á rafmagni

Rafmagnsbilanir og röng notkun eða uppsetning raftækja leiðir oft til eldhættu. Rafbúnaður, raflagnir og tæki í landbúnaðarbyggingum eru gjarnan undir miklu álagi. Raki í lofti, ryk og titringur eða slit hefur áhrif á endingartíma og öryggi tækja. Allur rafbúnaður skal vera viðurkenndur og frágangur þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað.

Gæta þarf þess að laustengd vinnuljós (ljósahundar) séu ekki nálægt heyi eða öðru auðbrennanlegu efni. Fylgjast þarf vel með ástandi á rafmagnssnúrum og tenglum. Gamlan og úr sér genginn búnað þarf að endurnýja.

Ætíð skal leita aðstoðar fagmanna við uppsetningu á rafbúnaði, við reglulega yfirferð á rafmagnstöflum eða við breytingar á rafmagni í útihúsum. Það hefur gefist vel að nota hitamyndavél í eldri byggingum til þess að meta hvort óeðlilegur hiti myndast út frá lélegum rafmagnslögnum eða tækjabúnaði.

Rafmagnsinntak og rafmagnstafla

Margir eldsvoðar eiga upptök sín í rafmagnstöflum. Ýmist losna skrúfur eða raki verður til þess að eyðileggja leiðslur eða festingar. Nauðsynlegt er að loka skápum vel og að tryggja að raki eigi ekki greiða leið inn í töfluna. Oft eru rafmagnsleiðslur lagðar beint upp úr töfluskápum. Í þeim tilfellum er meiri hætta á að vatn komist niður með raflögnum og inn í töfluna.

Mjög mikilvægt er að frágangur rafmagnsbúnaðar sé óaðfinnanlegur og að búnaðurinn allur ryk- og rakaþéttur. Rafmagnstöflur eiga að vera í stál- eða plastskápum og staðsettar á vegg úr óbrennanlegum efnum. Raflagnaefni sem notað er í landbúnaðarbyggingum á að vera sérstaklega viðurkennt til nota við slíkar aðstæður.

Jarðtenging og bilunarstraumrofar

Fyrir eldri byggingar þarf að ganga úr skugga um að þær séu jarðtengdar og með bilanastraumrofa (lekaliða). Bilunarstraumrofinn (lekaliðinn) vakir yfir rafkerfinu á býlinu og slær rafmagninu út ef straumur leiðir til jarðar. Lekaliðinn getur komið í veg fyrir stórslys og verndað bæði manneskjur og búpening frá því að fá lífshættulegan straum.

Í eldri rafmagnstöflum eru bræðivör (öryggi) sem skipta þarf um þegar þau springa en í nýrri töflum eru varrofar sem slá út við bilun eða of mikið álag.

Brunaviðvörunarkerfi

Til að tryggja öryggi búfjárins er best að hafa fullkomið brunaviðvörunarkerfi í húsinu. Ein gerð viðvörunarkerfa hefur reynst sérstaklega vel í gripahúsum en þar er um að ræða reyksogskerfi. Þau eru þannig gerð að einföld röralögn er lögð um húsið. Göt eru boruð á rörin, skv. forskrift og þau tengd við dælu sem sogar loftsýni stöðugt inn í rörin, gegnum rakagildru og síu, að reykskynjara í stjórnstöð kerfisins. Verði vart við reyk í loftsýninu gerir stjórnstöðin viðvart með því að senda boð á vaktstöð og með því að hringja í ákveðin símanúmer. Jafnframt er hægt að vera með sjálfvirka opnun á hurðum og jafnvel sírenu þar sem slíkt hentar.

Nokkur slík kerfi hafa verið sett í gripahús hér á landi og fer þeim nú fjölgandi enda er reynslan góð.

Kristján Vilhelm Rúriksson,
verkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun, tók saman fyrir Eldvarnabandalagið.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Ljósbrotsmælir. Mælirinn gefur upp ljósbrot sem BRIX % sem gefur vísbendingu um hversu mikið af mótefni er í broddmjólkinni.

Gæði broddmjólkur íslenskra mjólkurkúa

Í BS-ritgerðinni „Gæði broddmjólkur íslenskra mjólkurkúa“ er fjallað um rannsókn á samsvarandi efni sem framkvæmd var í kennslufjósi Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar var skoðað hvort hægt væri að nýta ljósbrotsmæli til að mæla magn mótefnis (IgG) í broddmjólkinni.

Mælirinn gefur upp ljósbrot sem BRIX % sem gefur vísbendingu um hversu mikið af mótefni er í broddmjólkinni. Hugsunin var að bændur gætu nýtt mælinn og geymt aðeins brodd af viðunandi gæðum.. Hvanneyrarbúið byrjaði að taka broddsýni í byrjun árs 2016 og síðar voru tekin sýni á fjórum öðrumbúum til samanburðar. Tekið var sýni sem fyrst eftir burð en í Hvanneyrarfjósi var einnig tekið sýni úr seinni mjöltum. Bændur fengu verkefnalýsingu til að samræma verklagið við sýnatökuna. Það voru u.þ.b. 20 sýni tekin frá hverjum bæ, bændurnir á samanburðarbúunum mældu ljósbrotið úr sýnunum sjálfir, líkt og á Hvanneyrarbúinu. Tekin voru sýni úr öllum aldurshópum, hvort sem kýrnar voru að bera sínum fyrsta kálfi eða ekki. Sýnin voru ljósbrotsmæld strax eftir burð og svo fryst. Sýnin voru síðar þýdd upp, ljósbrotsmæld aftur og IgG innihald sýnana mælt með ELISA prófi. Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fjármagnaði verkefnið og Bústólpi útvegði ljósbrotsmæla.



Kálfur að drekka og broddur í flösku.

Gæði broddmjólkur

Markmið rannsóknarinnar var að sjá hvort hægt væri að nota ljósbrotsmæli til að meta IgG magn í broddmjólk og búa til skala yfir gæði hennar hjá íslenskum mjólkurkúm. Bændur gætu þá notað skalann til að meta broddmjólkurgæði með því að mæla mótefnamagn. Ljósbrotsmælirinn er ódýr og auðveldur í notkun. Samkvæmt erlendum rannsóknum er talið að broddur sem inniheldur að lágmarki 50 grömm í lítra (g/l) af IgG sé góður broddur .



Efnagreind voru 114 sýnum. IgG mælingarnar sýndu meiri fylgni við ljósbrot þiðinna sýna heldur en ljósbrot ferskra sýna eins og sjá má í töflu 1. Þegar sýni voru mæld eftir burð voru flest sýnin í kringum 19 BRIX% en eftir að búið var að frysta og þíða þau aftur voru 18 og 19 BRIX% algengastar. Dreifingin á sýnunum var þannig að meiri hluti þeirra var undir 50 g/l í tilrauninni. Þegar línulegt aðhvarf var gert á milli IgG og klst. frá burði sást að því lengra sem leið frá burði, því lægra var IgG gildi broddsins.

Það var marktæk fylgni milli IgG magns og ljósbrots gildanna eins og sjá má í töflu 2. Það er lægri fylgni heldur en rannsókn sem Quigley

Tafla 1: *Samantekt um lýsandi tölfræði fyrir þætti í gagnaskránni*

Gildi	N	Meðaltal	SD (staðalfrávik)	Lægsta-gildi	Hæsta - gildi
Tími frá burði (klst)[1]	107,0	3,2	3,9	-8,0[2]	20,0
Ljósbrotferskt (BRIX%)	114,0	19,5	3,4	11,0	29,0
Ljósbrot þiðið (BRIX%)	114,0	18,8	3,7	10,0	30,0
IgG g/l	114,0	26,8	23,8	0,1	114,1
Lengd geldstöðu[3]	64,0	52,0	22,0	3,0	125,0
Kálfur nr.[4]	94,0	2,29	1,36	1,0	6,0

[1]Tími frá því að kálfur fæðist þar til sýnið var tekið

[2]Sýni var tekið átta klst fyrir burð hjá einni kú

[3]Lengd geldstöðu í dögum

[4]Fjöldi burða ásamt þeim burði þegar sýnið var tekið

o.fl. (2013) gerðu á 7 kúabúum í Bandaríkjunum á Holstein kúakyni, þar var fylgnin 0,75 og svo 0,63 með sitt-hvoru ELISA prófinu. Ljósbrotsmælirinn gæti verið að mæla önnur efni heldur en leitast er eftir, t.d. mysuprótín, sykrur eða fita. IgG innihald í broddmjólkusýnunum var yfirleitt neðan við 50 g/l sem er lágt miðað við önnur erlend kyn, t.d. er sviðið hjá Jersey kúm 12,8 – 154 g/l (Morril o.fl., 2015). Í þessari rannsókn var eitt sýni sem fór upp í 114 g/l af IgG en næst hæsta var með 94 g/l. Holstein kúakyn er með styrk á IgG frá 6,9 – 159 g/l með RID aðferðinni (Quigley o. fl., 2015). Í þessari rannsókn var meðaltal á styrk IgG 26.8 g/l sem er undir gæðabroddmjólk.

Lágt mótefnamagn hjá íslenskum kúm

Búist var við að meðatal IgG styrks í broddmjólk íslenkra mjólkurkúa yrði lægra en erlendra kynja en samt hærra en kom út úr þessari rannsókn. Hugsanlega er það vegna minna smitálags hér en erlendis enda talið að hér séu færri sjúkdómsvaldar í örveruflóru náttúru Íslands. Má vera að erlend kyn hafi vegna meira smitálags þurft að koma sér upp betri vörnum, þar af leiðandi er meira magn IgG í blóði og mjólk. Þannig hafi orðið þróunarlegt val, bæði náttúrulega og óbeint við kynbætur. Einnig gæti verið að aðferðin sem við notuðum til að efnagreina sýnin hafi verið ófullkomin eða eitthvað farið úrskeiðis þegar sýnin voru meðhöndluð. Víða erlendis er miðað við að kálfur sé með 10 g/l IgG í blóðvatni en engar rannsóknir eru til hérlendis um það og spurning hvort það eigi við í okkar umhverfi. Það gæti verið að íslensku kálfarnir hafi meira af IgG í blóðvatni og þurfi því minna frá móður eða að þeir hafi minna af IgG í blóðvatni vegna þróunarlegs vals við minna smitálag. Þar sem talið er að gæða broddmjólk þurfi að innihalda a.m.k. 50 g IgG/L þá var skurðpunktur ljósbrots við 50 g/l fundinn út frá aðhvarsfslínunni. Skurðpunkturinn reyndist vera við 28,2% BRIX. Aðhvarfslína þiðinna sýna hafði skurðpunkturinn 27,2 % BRIX. Ekki var reynt að kanna hér hvaða áhrif frysting hefur á varðveislu efna í broddmjólk, erlendis hefur það verið rannsakað og hafði það þau áhrif að ljósbrotið varð einu stigi lægra. Hæsta fylgnin við IgG er þegar búið er að þíða broddmjólkursýnin, það er hugsanlega vegna þess að einn aðili mældi öll þiðnu sýnin, en margir mældu þau fersku. Þannig er búið að taka út þá breytu að bær hafi áhrif. Ljósbrotsmælingarnar í rannsókninni hér voru á bilinu 11 - 29 BRIX % í fersku sýnunum en þegar búið var að þíða sýnin var ljósbrotið frá 10 – 30 BRIX%. Í rannsókn sem var gerð á Holsteinkúm var ljósbrotið frá 12 – 32 BRIX % en það er mjög svipað ljósbrotsgildunum í þessari rannsókn. Meðaltalið í íslenska kúakyninu er samt mun lægra eða 19,5 BRIX % í fersku broddmjólkinni og 18,8 BRIX % í þiðinni. Í Holstein er meðaltalsljósbrot 23,8 BRIX % sem er hærra en í þessari rannsókn. Í rannsókn á Jersey kúm var mælt ljósbrot í broddmjólk frá 10,5 – 28,6 BRIX % sem er svipað okkar niðurstöðum og má kannski álykta að íslenskum kúm svipi til Jersey kúa að þessu leyti. Mörg sýni sem voru með góða ljósbrotsmælingu voru ekki með jafn háa mælingu á IgG styrk, orsökin er óþekkt. Það er því ekki raunin að hægt sé að gera skala yfir styrk á IgG magni í broddmjólk byggðan á þessari rannsókn þar sem að miðað er út frá 50 g/l af IgG. Ef aðhvarfslínan er notuð þarf ljósbrotið að vera hátt, yfir 20 BRIX%. Ekki voru mörg broddmjólkursýni yfir 20 BRIX% miðað við heildar sýnafjölda sem var safnað. Kannski er hægt að nota lægra viðmið fyrir íslenska broddmjólk t.d. 26 g/l IgG til að broddur teljist af viðunandi gæðum. Meiri rannsóknir þarf til að ákvarða svið IgG styrks íslensks brodds. Ritgerðina í heild sinni má finna á https://skemman.is/handle/1946/30673 .

Tafla 2:

Fylgni þátta við styrk IgG

	IgG g/l
Ljósbrot fersk	0,38*
Ljósbrot þiðið	0,43*
Tími frá burði (klst)	-0,31*
Kálfur nr.	0,14
Lengd geldstöðu	0,21

**p < 0,01 marktæk fylgni á milli*

Jóna Kristín Vagnsdóttir

Atkvæðagreiðsla um samkomulag um starfsskilyrði nautgriparæktar

Bændasamtök Íslands boða hér með til atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016, sem undirritað var 25. nóvember sl.

Kosningarétt hafa félagsmenn í Bændasamtökum Íslands sem eru jafnframt með virkt bú í skýrsluhaldi fyrir nautgriparækt. Þá hafa félagsmenn í Landssambandi kúabænda einnig kosningarétt.

Atkvæðagreiðslan mun fara fram með rafrænum hætti og verður aðgengileg á vef Bændasamtakanna ***www.bondi.is.***

Atkvæðagreiðslan stendur yfir frá kl. 12:00 á hádegi þann 20. nóvember til kl. 12:00 á hádegi þann 27. nóvember.

Hægt verður að kanna aðild að kjörskrá í gegnum rafrænan aðgang frá kl. 12:00 á hádegi þann 13. nóvember. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er að finna á vef Bændasamtakanna, ***www.bondi.is***

Í kjörstjórn sitja Elías Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir. Netfang kjörstjórnar er kjorstjorn@bondi.is.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

UTAN ÚR HEIMI

Um 400 störf verða lögð niður hjá Tine, stærsta mjólkursamlagi Noregs, á næstu árum m.a. vegna lækkandi útflutningsstyrkja norska ríkisins. Því mun Tine hætta útflutningi á hinum fræga Jarlebergosti og einnig mun útflutningsstyrkur til svínabænda verða skorinn niður.

Norsku bændasamtökin ræða við stjórnvöld:

Útflutningsstyrkur lækkar

Norsku Bændasamtökin og stjórnvöld þar í landi urðu á dögunum sammála um hvernig koma ætti til móts við norska kúabændur, nú þegar minnka á framleiðslu á mjólk þar í landi á næstu tveimur árum.

Kemur það til vegna WTO-samnings sem undirritaður var í Naíróbí í Kenía árið 2015 og snýr að því að hætt verður að greiða útflutningsbeingreiðslur frá og með árinu 2021. Fyrir Noreg þýðir þetta minni framleiðslu upp á um 100 milljónir lítra af mjólk sem er um 7 prósent af núverandi mjólkurframleiðslu.

Á síðustu stundu drógu norsku smábændasamtökin sig út úr samningaviðræðunum þar sem ekki var tekið tillit til mikilvægra þátta landbúnaðarins af hálfu stjórnvalda að þeirra mati.

„Eftir mikla baráttu náðum við að láta stjórnvöld fjármagna 200 milljón króna (norskar) uppkaupskerfi fyrir mjólk. Það er rétt að svínabændur munu einnig finna fyrir því að útflutningsstuðningurinn fer nú af en það er um 1,3 prósent af framleiðslunni á meðan það er 7 prósent hjá kúabændum," útskýrir formaður norsku bændasamtakanna, Lars Petter Bartnes.

Útflutningsstopp á Jarlsbergostinum

Stærsta mjólkursamlag Noregs, Tine, er í miklum skipulagsbreytingum og munu um 400 störf leggjast af hjá fyrirtækinu innan fárra ára og lækka á kostnað um 14 milljarða íslenskra króna. Ein af ástæðum þess er Naíróbí-samningurinn því nú mun útflutningi á Jarlsbergostinum verða hætt. Jarlsbergosturinn er ein mikilvægasta útflutningsvara fyrirtækisins í dag, eða um tíu þúsund tonn sem selst af honum árlega erlendis, þar af selst helmingurinn á Bandaríkjamarkaði.

Útflutningur á Jarlsbergostinum hefur fengið mikla ríkisstyrki, eða um 500 milljónir norskra króna á ári hverju, en frá árinu 2020 mun útflutningnum hætt sem þýðir að nú verður fyrirtækið að finna leið til að nýta þá 100 milljónir lítra sem farið hafa í framleiðslu á ostinum árlega. Fyrir kúabændur þýðir það að allir framleiðendur verða að framleiða minna en áður eða að einhverjir verða að hætta. Nú byggir fyrirtækið verksmiðju á Írlandi sem mun sjá um útflutningsmarkað fyrirtækisins.

Nýsköpun í ostaframleiðslu

Norskir neytendur breyta neyslumynstri sínu hratt líkt og gerist í öðrum Evrópulöndum og þegar norsk mjólkursamlög fá minni og minni vörn gegn samkeppni erlendis frá þurfa þau að hugsa í nýsköpun.

Í kjölfar mjólkurumræðunnar í Noregi hefur nú talsmaður frá Synnøve-ostaframleiðandanum gengið hart fram í fjölmiðlum þar í landi og biður um 50 aura viðbót í styrki á lítra til að geta framleitt meira og stundað enn frekari nýsköpun á ostamarkaði.

Í dag eru um 400 ostategundir í verslunum í Svíþjóð en um helmingi færri í Noregi, eða um 200 tegundir, og benda forsvarsmenn Synnøve á að mikil tækifæri séu fyrir norsk mjólkursamlög að gefa enn frekar í og framleiða fleiri tegundir en til þess þurfi fyrirtækið meiri styrki. Á þessu og næsta ári verða notaðar hátt í 200 milljónir norskra króna til mjólkursamlaga til að efla samkeppni við mjólkurrisann Tine.

/Bondebladet - ehg

Skipulagsbreytingar hjá Tine

Nýjar tölur sýna að hagnaður norska mjólkursamlagsins Tine fer niður á við og ef stjórnendur þar innanborðs munu ekki grípa til aðgerða sér fram á hallarekstur eftir sjö ár hjá samlaginu. Því hefur stjórn fyrirtækisins útbúið áætlun til næstu ára sem felur í sér aðra forgangsröðun, færri vörur og mjólkursamlög ásamt alþjóðlegri markaðssetningu á norskri mjólk fyrir 2025.

Mjólkursamlagið mun nú nýta tíma sinn enn frekar í vinsælustu vöruflokkana sína og minna í aðrar vörur. Nú verður lögð enn frekari áhersla á Jarlsberg- og Norvegia-ostana, mjólk og Sunniva-djúsinn. Þessir vöruflokkar gefa um 80 prósent af virði fyrirtækisins sem hefur í kringum 1.400 vöruflokka. Kjarnavörur fyrirtækisins eru jógúrt, mjólk, ostar og sýrður rjómi. Hin nýja stefna fyrirtækisins mun einnig leiða í för með sér að einhverjir vöruflokkar verða teknir út eða að minni peningar verði nýttir til að markaðssetja þá. Mest verður lagt í þær vörur sem þýða mest fyrir mjólkurvinnsluna þar sem möguleiki er á að skapa enn frekari vöxt.

Einnig munu einhver mjólkursamlög verða lögð niður en ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um hver verða fyrir valinu. Fyrirtækið óskar eftir því að vera sýnilegt um allt land áfram en stjórnendur viðurkenna jafnframt að það verði erfitt að halda í þann sýnileika um allan Noreg á næstu árum. Meiri áhersla verður á að flytja út mjólkurvörur fyrirtækisins og er Asía nefnd þar til sögunnar en þó er ekki ljóst um hvaða vöruflokka ræðir til útflutnings. Fyrirtækið fer nú í gegnum miklar skipulagsbreytingar og áætla að spara einn milljarð norskra króna og segja upp 400 starfsmönnum.

/Bondebladet - ehg

Á FAGLEGUM NÓTUM

Nýverið birtist í hinu heimsfræga tímariti Journal of Dairy Science áhugaverð grein varðandi samspil frumutölu mjólkur og annarra þátta þar sem fram kom m.a. að kýr sem eru með háa frumutölu nota tvö til þrjú prósent meira fóður fyrir hvern framleiddan lítra mjólkur, en hinar sem frumulægri eru. Myndir / HKr.

Hárri frumutölu fylgir bæði lægri nyt og slök fóðurnýting

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Útgjöld vegna fóðurs eru alla jafnan stærsti kostnaðarliður í rekstri kúabúa og stefna flestir kúabændur að því að lækka þennan útgjaldaþátt með bæði ódýrara fóðri og bættri nýtingu á því fóðri sem gefið er. Þá vinnur vísindafólk víða um heim að því að leita leiða til að bæta fóðurnýtingu kúa svo draga megi úr sótspori mjólkurframleiðslunnar.

Nýverið birtist í hinu heimsfræga tímariti Journal of Dairy Science áhugaverð grein varðandi samspil frumutölu mjólkur og annarra þátta þar sem fram kom m.a. að kýr sem eru með háa frumutölu nota tvö til þrjú prósent meira fóður fyrir hvern framleiddan lítra mjólkur, en hinar sem frumulægri eru. Þá mjólka þær frumuháu að jafnaði minna en hinar frumulægri svo enn á ný koma því fram staðfestingar á því sem lengi hefur verið haldið fram þ.e. að frumuháar kýr séu mun óhagkvæmari í rekstri en frumulágar kýr.

Flókin rannsókn

Rannsóknin, sem unnin var við háskólann í Pennsylvaníu, var einkar umfangsmikil enda hefur reynst erfitt að fá fram marktækar niðurstöður um samspil frumutölu og margra þátta, m.a. fóðurnýtingar, á grunni einstaklingsupplýsinga kúa sem hafa verið notaðar í rannsóknir almennt. Skýringin á því er sú að oftast eru nefnilega fóðurathuganir frekar smáar í sniðum og því varasamt að álykta út frá litlu gagnasafni.

Vísindafólkið sem að þessari rannsókn stóð fór því þá leið að draga saman niðurstöður sjö ólíkra rannsókna, sem gerðar höfðu verið við háskólann, á fóðrun kúa og með því að slá saman niðurstöðum allra rannsóknanna sjö varð til myndarlegt gagnasafn sem unnt var að vinna með. Gögnin náðu til fóðrunar-, afurða- og mjólkurgæðaupplýsinga um 254 kýr og gáfu niðurstöðurnar skýrt til kynna marktækt samhengi á milli frumutölu og fóðurnýtingar auk fleiri þátta.

Rétt er að taka fram að í þessari rannsókn var miðað við frekar háa frumutölu kúa eða >250.000 frumur/ml sem er 50.000 frumum/ml hærra en almennt er miðað við í Evrópu þegar talað er um háa frumutölu, en almennt er miðað við í dag að ef kýrsýni fer yfir 200.000 frumur/ml þá er kýrin skilgreind með júgurbólgu.

Marktækt samhengi var á milli frumutölu og fóðurnýtingar auk fleiri þátta.

3% munur

Samhengið sem fannst má setja fram með tiltölulega einföldum hætti eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Taflan sýnir spágildi, byggt á niðurstöðum þessarar rannsóknar, um það hve sterkt samhengi er á milli hækkandi frumutölu og mjólkurframleiðslunnar annars vegar og fóðurnýtingarinnar hins vegar.

Eins og sjá má við lestur töflu 1 er samhengið afar sterkt og tölfræðilega marktækt og sýnir skýrt hve óhagkvæmni kúa eykst mikið eftir því sem frumutalan hækkar. Taflan byggir á útreikningi á fráviki kúa frá 0 gildi, þ.e. hvernig samhengið er á milli hækkandi frumutölu frá 0 frumum/ml. Það er auðvitað tölugildi sem ekki er raunhæft að ná svo

Tafla 1.

Samhengi hækkandi frumutölu og afurðasemi auk fóðurnýtingar miðað við 0 gildi frumutölu*

	50.000 frumur/ml	100.000 frumur/ml	250.000 frumur/ml	750.000 frumur/ml
Nyt kg/dag	-3,82	-4,49	-5,38	-6,45
Orkuleiðrétt nyt kg/dag	-2,7	-3,18	-3,81	-4,57
Þurrefnisát kg/dag	-0,8	-0,94	-1,12	-1,35
Fóðurnýting, kg mjólkur/kg þurrefnisáts	-0,1	-0,12	-0,14	-0,17
Fóðurnýting kg orkuleiðréttrar mjólkur/kg þurrefnisáts	-0,08	-0,1	-0,12	-0,14

**Um er að ræða reiknuð meðalgildi af greinarhöfundi byggðum á niðurstöðum rannsóknarinnar*

Tafla 2.

Samanburður á samhengi hækkandi frumutölu og afurðasemi auk fóðurnýtingar á kúm með annars vegar 50.000 frumur/ml og 250.000 frumur/ml

	50.000 frumur/ml	250.000 frumur/ml	Mismunur
Nyt kg/dag	-3,82	-5,38	-1,56
Orkuleiðrétt nyt kg/dag	-2,7	-3,81	-1,11
Þurrefnisát kg/dag	-0,8	-1,12	-0,32
Fóðurnýting, kg mjólkur/kg þurrefnisáts	-0,1	-0,14	-0,04
Fóðurnýting kg orkuleiðréttrar mjólkur/kg þurrefnisáts	-0,08	-0,12	-0,04

**um er að ræða reiknuð meðalgildi af greinarhöfundi byggðum á niðurstöðum rannsóknarinnar*

e.t.v. er auðveldara að bera saman t.d. niðurstöður fyrir kýr með að jafnaði 50.000 í frumutölu/ml og hins vegar kýr sem eru að jafnaði með 250.000 frumur/ml. slíkt dæmi er hér í töflu 2.

Hér má lesa út úr töflu 2 að hinar frumuháu kýr mjólka að jafnaði um 1,6 kg minna en kýrnar sem eru frumulágar. Á móti kemur að hinar frumuhærri éta heldur minna af þurrefni líka eða sem nemur 0,3 kg minna en þrátt fyrir að éta örlítið minna, en kýr með heilbrigt júgur, vegur það ekki upp framleiðslumuninn enda þegar framleiðslan er reiknuð yfir á fóðrið þá framleiða hinar frumuháu kýr 0,04 kg minna af mjólk af hverju kílói fóðurþurrefnis og 0,04 kg minna af orkuleiðréttri mjólk af hverju kílói fóðurþurrefnis.

Rétt er að minna hér á að um nythátt erlent kúakyn er hér að ræða, en fátt ef nokkuð bendir til annars en að sambærileg áhrif ættu að eiga við um íslenskar kýr einnig.

Dýrar kýr í rekstri

Í rannsókninni voru auðvitað notaðar bandarískar forsendur við útreikninga á kostnaðar- og tekjuliðum. Miðað var við afurðastöðvaverð upp á 42,6 krónur (0,34 dollara) og fóðrunarkostnað upp á 32,5 krónur (0,26 dollara) á hvert kg. fóðurþurrefnis. Út frá þessum forsendum sýndu niðurstöðurnar að það kostar að jafnaði 21,3 krónum meira að fóðra frumuháar kýr á degi hverjum í samanburði við frumlágar kýr eða u.þ.b. 6.500 krónum meira á hefðbundnu mjaltaskeiði. Til viðbótar þessum mun koma auðvitað útgjöld tengd hárri frumutölu eins og tapað gæðaálag á mjólk, kostnaður við meðhöndlun sýnilegrar júgurbólgu o.s.frv. Í þessu dæmi eru grunnforsendur við útreikninga afar lágar í samanburði við íslenskar aðstæður og mætti ætla að hér á landi myndi því vera mun óhagkvæmara að vera með frumuháar kýr.

Líka meira metan

Vísindafólkið skoðaði einnig umhverfisáhrif framleiðslunnar við mismunandi fóðurnýtingu og kom í ljós að hinar frumuháu kýr losa mun meira af metani en hinar frumulægri og umreiknað á hvert framleitt kíló orkuleiðréttrar mjólkur þá skila hinar frumuháu frá sér 2,8% meira af metani. Skýringin á þessum mun felst einfaldlega í því að kýr með lægri frumutölu þurfa einfaldlega að éta minna magn af fóðri til að framleiða sína mjólk og fyrir vikið ropa þær minna en hinar frumuhærri. Sé munurinn reiknaður yfir á ársgrunn munar 4,4 kílóum á ári á þessum kúm, við sama mjólkurmagn.

Kostar að virkja mótstöðukerfið

Þegar frumutalan hækkar bendir það til sýkingar í júgurvefnum og þegar svo verður dregur bæði úr mjólkurframleiðslunni og oftast dregur einnig úr áti kúnna. Þess utan þarf mótstöðukerfi kúnna að taka til verka og það kostar kúna orku sem þá fer ekki á sama tíma til mjólkurframleiðslunnar. Í rannsókninni kom í ljós að það reyndist vera töluverður munur á þessum samspilsáhrifum eftir því hvernig sýking í júgurvef á sér stað.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Vísindafólkið ályktar í niðurstöðum sínum að vegna slakari fóðurnýtingar, stærra sótspori, minni mjólkurframleiðslu og meiri óhagkvæmni kúa með háa frumutölu auk meðhöndlunarkostnaðar, þá sé full ástæða fyrir kúabændur að vinna að forvörnum þegar kemur að júgurheilbrigði auk þess að fylgjast þurfi vel með bæði sýnilegri og duldri júgurbólgu nú sem fyrr.

Heimild:
J. Dairy Sci. 101:9510-9515

BÆKUR & MENNING

Úr kaflanum Villiféð í Núpsstaðarskógum

Hannes Jónsson (1880–1968), bóndi og landpóstur á Núpsstað, var fróður um villiféð í Eystrafjalli. Eftir honum er m. haft að erfitt hafi verið að átta sig á því hversu stór villihjörðin var því aldrei var unnt að sjá hana alla í einu, féð hélt sig í litlum hópum og var sjaldan fleira saman en 8–12 kindur. Þó giskuðu menn á að þetta hefðu verið allt að 200 kindur þegar mest var. Um útlit fjárins segir hann:

Villiféð var hábeinóttara og stórgerðara í útliti en annað fé þar um slóðir, afar harðgert og þrekmikið, enda hefir það helzt týnt tölunni, sem lingerðast var. Það var ekki ullarsítt, en ullarþétt, holdbetra og mörmeira en heimaféð, sem hirt var á venjulegan hátt. [...] Villiféð var frískt og gat hent sér svo langt, að undrum sætti. Í snjó, sem náði manni í miðjan legg og kálfa og var fastur fyrir, gat það haft um tvo metra á milli og stökk hvað í för annars.

Núpsstaðarbændur nytjuðu villiféð eins og hlunnindi, á haustin var jafnan farið í skóginn og sótt þangað sláturfé en það gat verið hægara sagt en gert því féð var afar styggt og vart um sig. Hannes á Núpsstað segir:

Það var svo þefnæmt, að það var oft komið á ferð áður en menn voru búnir að sjá það. Kæmi það fyrir, að maður kæmist að því óvörum, ef það var í einhverjum gilvanga og gat legið í leyni, svo það sæi ekki, var það eftir litla stund, að ein kindin fór að hnusa í allar áttir og fnæsa, svo allar kindurnar hrukku við og allt á sprett á eftir þeirri, sem vaktina hafði. Þá var betra að draga ekki af sér ef menn ætluðu að ná í soðið.

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

Lely Center Ísland

GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 · Sími: 588 4477 · www.valholl.is

KÓPAVOGUR: NÝLEG ÍBÚÐ + HESTHÚS

Til sölu af sama aðila glæsileg 98 fm 2ja herb. Íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri við Boðaþing 6 í Kópavogi, við hliðina (45 mtr) á þjónustumiðst. Aldraðra sem hefur mötuneyti, þjónustu, afþreyingu og fl. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu sem innangengt er í úr sameign hússins. Góðar eikarinnréttingar, þvottahús í íbúð, garðskáli og suðvestur svalir. Einnig til sölu í um 300 mtr, fjarlægð frá Boðaþingi 6, 8 hesta (skv, nýju reglugerðinni) gott hesthús.
Selst saman eða sitt í hvoru lagi.
Verð Boðaþing: 44,8 m. Verð hesthús: tilboð.
Til afhendingar við kaupsamning.

Upplýsingar veitir Ingólfur Gissurarson löggiltur fasteignasali
s. 896-5222 - netfang: ingolfur@valholl.is

Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nýtt kynbótamat með breyttri heildareinkunn

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

Nú í október sl. var keyrt nýtt kynbótamat með breyttri heildareinkunn eins og gerð hefur verið grein fyrir hér á síðum blaðsins og víðar. Stærstu breytingarnar eru þær að vægi afurða í heildareinkunn var minnkað og afurðaeinkunn samanstendur nú af bæði fitu- og próteinafurðum.

Þessi breyting hefur eðli málsins samkvæmt nokkur áhrif á einkunnir nautanna og þá á þann veg að naut með hátt mat fyrir fituafurðir og eiginleika eins og júgur- og spenagerð, mjaltir og skap hækka nokkuð. Á sama hátt lækka þau naut sem hafa t.d. lágt mat fyrir fituafurðir.

Það verður því að segjast eins og er að kynbótamat nautgriparæktarinnar hefur tekið töluverðum breytingum á undanförnum misserum. Fyrir skömmu tókum við í notkun mælidagalíkan sem hefur gjörbreytt vali nautanna á þann veg að þau eru nú valin til framhaldsnotkunar 1-1 ½ ári fyrr en áður og svo þessi breyting á heildareinkunn sem byggir á hagrænu vægi þeirra eiginleika sem um ræðir.

Fagráð í nautgriparækt fundaði um miðjan október og tók ákvörðun um hvaða naut verða í dreifingu sem reynd naut á næstu mánuðum. Afkvæmadómi 2013 árgangs nauta er að fullu lokið og afkvæmadómur nauta f. 2014 er nánast lokið. Nautin frá 2015 eru enn ekki komin með nægan fjölda dætra til þess að hægt sé að setja þau í notkun að svo stöddu.

Ákveðið var að í dreifingu verði eftirtalin naut: Bakkus 12001, Pipar 12007, Loki 12071, Sjarmi 12090, Dúett 12097, Jörfi 13011, Hálfmáni 13022, Bárður 13027, Ýmir 13051, Steri 13057, Hæll 14008, Hnykkur 14029, Kláus 14031, Stáli 14050 og Svanur 14068.

Þessi naut eru komin með traustan og sterkan dóm og hafa til að bera kosti sem geta nýst ræktunarstarifnu vel. Hér á eftir verður gerð aðeins nánari grein fyrir kostum þeirra og göllum en nánari upplýsingar er að finna í nautaskrám og á nautaskra.net.

NAUT 2019 - *Reynd naut Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr fyrstu mán. ársins 2019*

Nafn og nr.	Faðir	Móðir, uppruni og móðurfaðir	Mjólk	Fita%	Prótein%	Afurðir	Próteinúthald	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeinkunn	Hæð dætra
Stólpi 11011*	Lykill 02003	Stytta 606, Litla-Ármóti, Flóa Stíll 04041	108	82	94	110	102	108	113	91	94	100	104	91	109	115	**108**	5,5
Skalli 11023* **T**	Gyllir 03007	Góð 255, Steinnýjarstöðum, Skaga Fontur 98027	113	88	97	111	94	93	105	100	107	105	104	100	117	104	**107**	5,2
Bakkus 12001* **N**	Ófeigur 02016	Mæja 727, Auðsholti, Hrunamannahreppi Frami 05034	110	97	103	119	103	109	88	116	105	103	97	115	123	116	**112**	5,4
Pipar 12007*	Gyllir 03007	759, Espihóli, Eyjafirði Flói 02029	101	125	118	111	80	92	101	101	105	110	109	113	99	97	**106**	5,5
Loki 12071	Birtingur 05043	Huppa 356, Bakka, Kjalarnesi Þröstur 00037	106	95	105	115	100	102	90	95	104	114	104	111	93	113	**109**	5,5
Sjarmi 12090 **N**	Koli 06003	Baula 474, Hrepphólum, Hrunamannahr. Laski 00010	118	90	99	122	90	80	116	118	105	109	122	110	110	117	**115**	5,4
Dúett 12097	Birtingur 05043	Dúlla 593, Egilsstaðakoti, Flóa Dúllari 07024	100	113	118	113	87	94	96	101	99	103	104	106	94	109	**106**	5,9
Kakali 13009*	Birtingur 05043	Þrenning 466, Engihlíð, Vopnafirði Skurður 02012	107	103	100	108	95	97	120	108	102	109	105	100	91	112	**106**	5,3
Jörfi 13011 **N**	Birtingur 05043	Gústa 643, Jörfa, Borgarbyggð Skurður 02012	100	115	110	107	106	97	103	103	108	132	109	103	105	119	**109**	5,8
Víkingur 13017*	Birtingur 05043	Duna 390, Syðri-Knarrartungu, Breiðuvík Ingjaldur 04011	118	87	101	118	90	104	101	96	105	103	90	95	105	102	**108**	5,9
Hálfmáni 13022 **N**	Vindill 05028	Gríma 468, Brjánsstöðum, Grímsnesi Laski 00010	114	122	111	114	87	92	96	110	99	109	112	111	119	106	**110**	5,8
Bárður 13027 **N**	Baldi 06010	Klaufa 248, Villingadal, Eyjafirði Laski 00010	104	113	107	106	86	97	99	116	102	118	107	100	131	109	**108**	5,9
Ýmir 13051	Baldi 06010	Slóð 692, Klauf, Eyjafirði Laski 00010	111	98	84	100	85	95	120	121	105	131	111	118	129	110	**109**	5,5
Steri 13057 **T**	Koli 06003	731, Stóru-Mörk, Eyjafjöllum Aðall 02039	115	116	113	120	87	103	103	95	106	99	111	87	100	110	**110**	4,9
Lurkur 13084	Kambur 06022	Ófeig 638, Torfum, Eyjafirði Ófeigur 02016	103	105	104	105	111	110	98	112	101	111	97	112	116	107	**106**	5,5
Brjánn 14002	Vindill 05028	Hekla 250, Brjánsstöðum, Grímsnesi Bambi 08049	116	96	99	110	112	93	89	112	98	101	110	110	123	101	**107**	5,4
Hæll 14008	Kambur 06022	Skýla 474, Hæli 1, Eystrihrepp Hræsingur 98046	105	115	115	105	103	110	100	99	98	128	99	106	102	102	**106**	5,3

Skýringar:
N: Nautsfaðir **T**: Tilkynna nautkálfa * Getur gefið hyrnd afkvæmi
Kynbótaeinkunn = 0,44*afurðir + 0,08*mjaltir + 0,08*frumutala + 0,08*júgur + 0,08*ending + 0,08*spenar + 0,08*frjósemi + 0,08*skap
Afurðir = 0,85*magn mjólkurpróteins + 0,15*prótein%

Bakkus 12001 frá Auðsholti í Hrunamannahreppi (f. Ófeigur 02016, mf. Frami 05034) er með eitt hæsta mat nauta í landinu öllu og hækkar um 1 stig. Dætur hans eru stórar afurðakýr með góðar mjaltir og frábært skap (með alhæstu nautum) en spenar eru grannir og aðeins gleitt settir. Bakkus er nú næsthæstur nauta í heildareinkunn með 113.

Pipar 12007 frá Espihóli í Eyjafirði (f. Gyllir 03007, mf. Flói 02029) er efnahlutfallanaut þar sem dætur hans eru góðar afurðakýr með sérlega há efnahlutföll í mjólk. Pipar stendur nú þriðji hæstur allra nauta fyrir fitu%. Dæturnar státa af góðri byggingu, sterkri júgurgerð, vel settum spenum og góðum mjaltaeiginleikum og skapi. Pipar hækkar um 2 stig og er heildareinkunn nú 109.

Loki 12071 frá Bakka á Kjalarnesi (Birtingur 05043, mf. Þröstur 00037) stendur í stað. Dætur hans eru mjólkurlagnar með ákaflega góða júgur- og spenagerð og góðar mjaltir sem skipar honum í flokk okkar betri nauta. Heildareinkunn 107.

Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunmannahreppi (f. Koli 06003, mf. Laski 00010) lækkar um ein fjögur stig í heildareinkunn vegna vægisbreytinganna en hann geldur fyrir lágt fituhlutfall í mjólk dætra. Eftir sem áður eru dætur Sjarma gríðarmiklar og skapgóðar mjólkurkýr með úrvalsgóða júgurgerð og góðar mjaltir. Sjarmi er á topp 10 í heildareinkunn með 111.

Dúett 12097 frá Egilsstaðakoti í Flóa (f. Birtingur 05043, mf. Dúllari 07024) er einkum afurðanaut þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar með há efnahlutföll í mjólk og góðar mjaltir. Byggingareiginleikar þeirra eru um meðallag án þess að um áberandi galla sé að ræða. Hann hækkar um 1 stig og er með heildareinkunn upp á 107.

Jörfi 13011 frá Jörfa í Borgarbyggð (f. Birtingur 05043, mf. Skurður 02012) er ákaflega gott alhliða naut sem styrkir sína stöðu nú, hækkar

um 3 stig. Dætur hans eru gallalitlar með frábæra júgur- og spenagerð sem auk þess eru ákaflega vel settir. Jörfi er með hæsta mat allra nauta í mati fyrir júgur ásamt tveimur öðrum nautum og meðal tíu hæstu nauta í heildareinkunn með 111.

Hálfmáni 13022 frá Brjánsstöðum í Grímsnesi (f. Vindill 05028, mf. Laski 00010) styrkir sína góðu stöðu, hækkar um 2 stig. Þetta er fyrst og fremst afurðanaut en dætur hans eru miklar mjólkurkýr með há verðefni í mjólk. Mjaltir eru góðar og skapið frábært en bygging er nærri meðallagi án áberandi kosta eða galla. Hálfmáni deilir næstefsta sæti fyrir skap með Bárði 13027 og er með alhæstu nautum í heildareinkunn með 112.

Bárður 13027 frá Villingadal í Eyjafirði (f. Baldi 06010, mf. Laski 00010) bætir í og hækkar um 2 stig. Hér er á ferðinni alhliða naut sem gefur mjólkurlagnar kýr með há efnahlutföll í mjólk, góða júgur- og spenagerð og frábært skap. Fyrir skap er hann nú næstefstur allra nauta ásamt Hálfmána 13022. Heildareinkunn 107.

Ýmir 13051 frá Klauf í Eyjafirði (f. Baldi 06010, mf. Laski 00010) hækkar um 2 stig. Þetta er eitt okkar góðu alhliða nauta þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar og júgur-

hraustar auk þess að skarta frábærri júgur- og spenagerð ásamt úrvalsgóðum mjöltum og skapi. Ýmir er meðal efstu nauta hvað júgurhreysti, júgurgerð og skap varðar. Til galla verður að telja lágt próteinhllutfall í mjólk. Heildareinkunn 110.

Steri 13057 frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum (f. Koli 06003, mf. Aðall 02039) lækkar um 1 stig en heldur samt góðri stöðu. Dætur hans eru mjólkurlagnar með há hlutföll verðefna í mjólk. Hvað aðra eiginleika snertir er Steri meðalnaut og t.d. eru mjaltir undir meðallagi og júgur mættu vera betur borin en dætur eru aðeins lágfættar. Í heildina er Steri öflugt naut með heildareinkunn 110.

Hæll 14008 frá Hæli 1 í Eystrihrepp (f. Kambur 06022, mf. Hræsingur 98046) stendur í stað í heildareinkunn en góð afurðageta dætra þar sem efnahlutföll eru áberandi há ásamt því að júgurgerð er gríðarlega öflug skila honum öflugu mati. Hvað júgurgerð varðar er hannn meðal efstu nauta. Rétt er að hafa í huga að Hæll gefur granna spena. Heildareinkunn 107.



Kláus 14031 frá Villingadal í Eyjafirði (f. Hjarði 06029, mf. Laski 00010) er hálfbróðir Bárðar 13027 að móðurinni til. Kláus hækkar um 3 stig enda sækir hann styrk sinn í gríðarmikla afurðagetu, góða júgur- og spenagerð og gott skap. Kláus er efstur allra nauta fyrir mjólkurmagn og nærri toppnum hvað skapið varðar. Heildareinkunn 110.

Hnykkur 14029 frá Hlöðum í Hörgársveit (f. Lögur 07047, mf. Stígur 97010) kemur nýr í hóp reyndra nauta. Sú ákvörðun byggir á góðu mati hans fyrir afurðagetu, júgurhreysti og júgurgerð. Hafa þarf í huga að Hnykkur gefur granna spena. Fyrir áhugamenn um liti er Hnykkur spennandi en hann var kolgráskjöldóttur og gefur því nokkuð af gráum kúm. Heildareinkunn 107.

Stáli 14050 frá Hlemmiskeiði 2 á Skeiðum (f. Lögur 07047, mf. Reykur 06040) hækkar um 1 stig. Hans kostir liggja gríðarmikilli afurðagetu og góðri júgur- og spenagerð. Fyrir mjólkurmagn deilir hann 3-4 sæti allra nauta. Heildareinkunn 108.

Svanur 14068 frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi (f. Hjarði 06029, mf. Ófeigur 02016) hækkar um heil 4 stig. Svanur er afurðanaut, mikil mjólk með góðum efnahlutföllum og júgurgerðin er stórgóð. Taka þarf tillit til þess að hann gefur mjög netta spena, bæði stutta og granna auk þess sem dætur hans er fremur lágfættar. Hann stendur með mjög góða heildareinkunn upp á 110.

Nautsfeður

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða áfram þeir Jörfi 13011 og Hálfmáni 13022. Nýir í þeim hópi eru Pipar 12007, Ýmir 13051 og Kláus 14031. Hafa verður í huga að nota Ými á kýr með há efnahlutföll í mjólk vegna óhagstæðs mats hans þar að lútandi.

Þessar vikurnar er verið að kaupa nautkálfa undan Bakkusi 12001, Sjarma 12090, Jörfa 13011 og Hálfmána 13022 auk þess sem nokkrir synir Stera 13057 hafa verið keyptir. Sjálfsagt er að tilkynna um syni þessara nauta og nautsmæðra.

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Efstu naut

Eftir breytingar á heildareinkunn hefur orðið breyting á röð efstu nauta. Bambi 08049 trónir á toppnum að nýju með firnagóða einkunn upp á 116. Næstur honum kemur Bakkus 12001 með 113 eftir að hafa styrkt sína stöðu og næstir í röðinni eru Hálfmáni 13022 og hið mikla og farsæla kynbótanaut Birtingur 05043 með 112 í einkunn. Skammt undan eru Baldi 06010, Úlli 10089, Sjarmi 12090 og Jörfi 13011 með 111. Athyglisvert að sjá að Baldi og Úlli hafa styrkt sína stöðu og hið sama á við um Kamb 06022 sem er nú með 110 ásamt þeim Kola 06003, Ými 13051, Stera 13057, Kláusi 14031 og Svan 14068. Á þessari upptalningu má sjá að meðal þeirra nauta sem nú eru í notkun er að finna mörg alöflugustu nautanna.

Að lokum

Með mælidagalíkani fyrir afurðir hefur val nauta tekið breytingum og hægt er að afkvæmadæma nautin fyrr en ella. Þetta skilar okkur hraðari kynbótaframförum en leggur um leið auknar kröfur á okkur sem að nautgriparæktinni stöndum. Útlitsdómur dætra og afurðaupplýsingar þeirra haldast nokkuð í hendur, þ.e. afurðamat kúnna liggur fyrir á svipuðum tíma og nægur fjöldi dætra hefur verið útlitsdæmdur. Einn veigamikill þáttur í afkvæmadómi nautanna er mjaltaathugun en þar hafa illu heilli skil farið versnandi. Sú athugun stendur undir verulegum hluta af mjaltaeinkunn nautanna sem og mati fyrir gæðaröð. Vanti naut tilskilinn fjölda dætra með mjaltaathugun seinkar það dómi hans. Það er því eftir miklu að slægjast og vil ég biðja menn að skila mjaltaathugunum sem allra fyrst og viðhalda þannig því mikla og góða samstarfi sem ræktunarstarf nautgriparæktarinnar byggir alfarið á.

Ætternisleiðréttingar á grunni arfgerðargreininga

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

Í ljós hefur komið að nokkuð er um villur í ætternisskráningu í íslenska kúastofninum, en samhliða vinnu við sýnatöku hefur ætterni viðkomandi gripa verið leiðrétt í gagnagrunninum Huppu.

Í tengslum við verkefnið um erfðamengisúrval fyrir íslenska kúastofninn voru tekin rúmlega 7.500 vefjasýni úr kúm og kvígum á 122 búum víðsvegar um landið veturinn 2017-18. Því til viðbótar voru send sæðissýni úr um 700 nautum til arfgerðargreiningar.

Niðurstöður þessara sýna hafa á undanförnum vikum og mánuðum verið bornar saman við skráð ætterni þessara gripa. Í ljós hefur komið að nokkuð er um villur í ætternisskráningu en samhliða þessari vinnu hefur ætterni viðkomandi gripa verið leiðrétt í gagnagrunninum Huppu.

Við höfum áður sagt frá rangt skráðu ætterni örfárra sæðinganauta en enn hefur ekkert verið upplýst um heildarumfang rangfærslna í heild sinni. Í ljós hefur komið að fjöldi villna er rétt um 430 talsins sem nemur u.þ.b. 5,2%. Það er innan þeirra marka sem reiknað var með en sem dæmi þá eru samsvarandi tölur frá Noregi og Svíþjóð nálægt 3–4%.

Ástæðum þessara villna má einkum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða víxl á kálfum við merkingu, í öðru lagi rangskráningar og í þriðja lagi mistök við sæðingar eða skráningar þeirra. Þessar villur má allar rekja til mannlegra mistaka, nokkuð sem mjög erfitt eða ómögulegt er að komast hjá. Í ljós hefur komið að mikill munur er milli búa þegar kemur að víxli á kálfum við merkingu og er greinilegt að því fyrr sem kálfarnir eru merktir því minni hætta er á slíku. Villur sem stafa af gripavíxli telja um helming allra villna en hafa verður í huga að hver og ein villa er tvítalin, því verði víxl koma alltaf a.m.k. tveir gripir við sögu. Þessum villum má auðveldlega fækka verulega með breyttu verklagi á viðkomandi búum.

Rangskráningar eru um fjórðungur allra villna. Þar er um að ræða villur eins og að gripur er skráður undan sæðinganauti en reynist svo undan heimanauti eða öfugt, móðir hefur haldið við fyrri eða seinni sæðingu eða faðir er skráður nautið sem sætt var með eftir burð. Þá getur verið um það að ræða að móðir hafi fengið við nauti án þess að um það hafi verið vitað. Þarna er oftast hreinlega um mistök að ræða við skráningar og villum sem þessum má auðveldlega fækka með aukinni vandvirkni og nákvæmni við skráningar.

Mistök við sæðingar eða skráningar þeirra eru einnig um fjórðungur villuorsakanna. Þar er um að ræða að frjótæknir gerir mistök við skráningu nautsins, skráir rangt númer eða ruglast á númerum, víxlar kúm við skráningu eða sæðingu, grípur rangt strá (oftast samlitt strá úr öðru nauti) eða tvísæðir hvort með sínu nautinu hvorn sinn daginn. Eðlilega gera frjótæknar mistök eins og aðrir og flestar þessara villna er eitthvað sem búast má við. Hins vegar má með aukinni nákvæmni draga úr fjölda þessara villna.

Í heildina getum við verið mjög sátt við lítið umfang villna. Fjöldi þeirra er innan þeirra marka sem vænta mátti og það góða er að þeim má fækka mikið með örlítilli breytingu á verklagi og aukinni nákvæmni.

LESENDABÁS

Áskorun til sauðfjárbænda og unnenda íslenskrar sauðfjárræktar:

Endurreisum sútunarverksmiðjuna á Sauðárkróki

Fyrir nokkrum árum voru 3 sútunarverksmiðjur, sem sútuðu gærur, starfræktar hér á landi. Það var Skinnaverksmiðjan Iðunn á Akureyri, sem starfrækt var af SÍS, Sútunarverksmiðja Sláturfélags Suðurlands í Reykjavík og Loðskinn hf. á Sauðárkróki.

Gærur voru uppistaðan í hráefni þessara verksmiðja. Allar bjuggu þessar verksmiðjur yfir mikilli þekkingu og voru búnar góðum tækjum. Þekking á þessu sviði var mikil hér á landi; aðeins er eftir hluti af þessari þekkingu. Sú þekking er í verksmiðjunni á Sauðárkróki. Þeirri þekkingu megum við ekki glata. Það verður því að endurreisa sútunarverksmiðjuna á Sauðárkróki. Það er auk þess besta leiðin til að verðmætin glatist ekki. Það mun auk þess gagnast íslenskri sauðfjárrækt, þegar til lengri tíma er litið.

Íslenska gæran er ein allra besta gæra til framleiðslu ákveðinna vara úr skinnum, þar sem hún er létt og að mestu leyti laus við skemmdir á hárramnum, t.d. af völdum skordýra og annara sníkjudýra, sem veldur skemmdum af ýmsu tagi og verðmætarýrnun gærunnar.

Sveinn Hallgrímsson.

Á það má einnig benda að gærur og skinn eru „græn“, koma í stað plastefna, eru náttúruvænar afurðir. Þetta eru efni sem koma alls staðar að notum.

Ég vil því skora á alla fjábændur á Íslandi að taka höndum saman og endurreisa sútunarverksmiðjuna á Sauðárkróki og bjarga þannig verðmætum, viðhalda þekkingu og skapa verðmæti úr íslensku hráefni!

Sveinn Hallgrímsson,
fyrrv. sauðfjárræktarráðunautur og gærumatsformaður

Bændablaðið
Kemur næst út
21. nóvember

Lágþrýsti þvotta- og hreinlætiskerfi
sem veitir einstakt öryggi í matvælaiðnaði og landbúnaði

Óskum Steiná 2 í Svartárdal til hamingju með kvoðukerfið frá System Cleaners

SYSTEM CLEANERS® IÐNVER

IÐNVER · Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík · Sími 517-2220 · idnver@idnver.is

VÉLABÁSINN

FIAT Tipo Easy ódýr og rúmgóður

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Það sem af er ári hef ég mikið verið að prófa vistvæna bíla eins og rafmagns-hybrid og vetnisbíla. Það var kominn tími á að skoða ódýran hefðbundinn bensínbíl sem ætti að henta öllum.

Fyrir valinu var Fiat Tipo frá Ísband í Mosfellsbæ, ódýr, kraftmikill og eyðslugrannur bensínbíll með 5 ára ábyrgð.

Lítil sparneytin bensínvél sem skilar 120 hestöflum

Bíllinn sem prófaður var nefnist Fiat Tipo Easy og er 5 dyra beinskiptur með sex gíra kassa framhjóladrifinn bensínbíll. Ísband pantar mikið af sínum bílum með aukabúnaði sem þeir kalla „Íslandspakka“, en í þeim pakka er m.a. stærri alternator (rafall), öflugri startari, hiti í hliðarspeglum, þokuljós í framstuðara, meira frostþol og ryðvörn fyrir Ísland, sannarlega nauðsynlegur búnaður fyrir íslenskar aðstæður.

Fiat Tipo Easy er með 1,4 lítra bensínvél sem á að skila 120 hestöflum og uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,3 lítrar á hundraðið. Ég var með 6,4 lítra eyðslu samkvæmt aksturstölvu í lok prufuaksturs eftir um 100 km akstur í blönduðum akstri og er langt síðan ég prufukeyrði bíl þar sem ég er svona nálægt uppgefinni eyðslu.

Prufuaksturinn mjög blandaður

Fyrst ók ég bílnum innanbæjar nálægt 20–30 km, og fannst mér þessi litla vél vera glettilega lipur og snögg að ná umferðarhraða úr kyrrstöðu. Að leggja í stæði þá fannst mér hliðarspeglarnir sýna vel aftur fyrir bílinn, en bakkmyndavélin frekar lítil.

Næst var það stuttur malarrúntur um Heiðmörkina, en frá grófum vetrardekkjunum komu smásteinar upp undir bílinn að framanverðu og heyrðist aðeins í þeim, en nánast ekkert frá afturdekkjunum.

Á möl er bíllinn ágætur og tekur fjöðrunin hefðbundnar holur ágætlega, en ef maður er of ákafur í beygjum á möl er bíllinn aðeins laus að aftan.

Næst var það langkeyrslan sem var upp að Hellisheiðarvirkjun og til baka. Á Sandskeiðinu var tekin hávaðamæling inni í bílnum á 90 km hraða og þrátt fyrir að vera á grófum vetrardekkjum mældist hávaðinn inni í bílnum ekki nema á bilinu 70–74 db. Á þessari leið sá ég oft á aksturstölvunni eyðslu upp á 2,5–3,5 lítra á hundraðið þannig að ég mundi halda að þessi bíll sé mjög hagkvæmur í lengri keyrslum.

Útbúnaður, öryggi og þægindi

Verðið á bílnum segir mikið til um aukabúnað og þægindi. Þrátt fyrir lágt verð er mikið af góðum dýrum búnaði í bílnum s.s. stöðugleikastýring, rafknúinn bakstuðningur í bílstjórasæti, rafdrifnar rúður framan og aftan, hiti í framsætum, USB tengi, AUX tengi og á a.m.k. tveim stöðum var 12 volta rafmagnstengi, svo eitthvað sé nefnt.

Fiat Tipo Easy. Myndir / HLJ

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.195 kg
Hæð	1.490 mm
Breidd	1.790 mm
Lengd	4.360 mm



Þrátt fyrir að bíllinn væri á grófum vetrardekkjum heyrðist lítið veghljóð inn í bílinn.

Bíllinn er rúmgóður að innan, fótapláss gott. Farangursrými ágætt (440 lítrar) og varadekk í fullri stærð (sem er að verða ansi fáséð í nýjum bílum).

Eftir margar yfirferðir yfir bílinn var aðeins tvennt sem ég fann til að gefa bílnum mínus og það voru frekar litlir mínusar. Framsætin fannst mér ekkert sérstaklega þægileg og skjárinn fyrir bakkmyndavélina fannst mér vera lítill (sennilega bara vænn í mér þar sem sjónin er byrjuð að gefa sig).

Tvær útgáfur af Fiat Tipo

Fiat Tipo Easy er í boði bæði bensín og dísil. Bensínbíllinn sem prófaður var mengar aðeins meira en dísilbíllinn og eyðir meira, en er ódýrari og kostar ekki nema 3.090.000. Dísilbíllinn er líka 120 hestöfl og með 1,6 l dísilvél. Hann er beinskiptur og uppgefin eyðsla á honum er 3,8 lítrar á hundraðið af dísilolíu í blönduðum akstri og kostar hann 3.490.000.

Afturljósin eru alltaf á þessum, engar áhyggjur af sekt fyrir ljósleysi að aftan.

Með þessum búnaði er það bara einbeittur brotavilji að dæla röngu eldsneyti á bílinn.

Hávaðamælingin var mjög hagstæð á 90 km hraða. Hávaðinn var ekki nema á bilinu 70–74 db.

Þótt hliðarspeglar séu litlir þá sést mjög vel aftur fyrir í þeim.

Það er stöðugt sjaldgæfara að sjá varadekk í fullri stærð í nýjum bílum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Ekki nóg að eiga öryggisbúnað, það þarf líka að nota hann

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Áður í þessum pistlum hef ég nefnt að sennilega er ég með meiri hrakfallabálkum sem til eru og því góður í það að skrifa um forvarnir. Flestir eiga eitthvað sem þeir hafa keypt sér til öryggis samanber öryggisgleraugu, hjálm, sýnileikafatnað og fleira. Ótrúlega oft kemur það fyrir að einhver meiðir sig vegna þess að öryggisbúnaðurinn sem viðkomandi á var ekki notaður.

Einmitt þetta kom fyrir mig síðasta sunnudag í október þegar ég var að leika mér á mótorhjólinu mínu á ís. Ég hafði klætt mig í það þykkar buxur að ég gat ekki verið með hnjáspelkurnar mínar sem eiga að tryggja vörn fyrir liðböndin í kringum hnén.

Starfsfólk Betri skoðunar á Stapahrauni 1 í Hafnarfirði, talið frá vinstri: Hörður, Grétar og Halldóra. Mynd / HLJ

Of seint að grípa um rassinn þegar kúkurinn er dottinn

Fátt finnst mér skemmtilegra en að keyra mótorhjól á ísilögðum vötnum í skemmtilegri beygjubraut og það var ég að gera. Í beygjum á vissum hraða halla ég hjólinu aðeins meira en margir og hef því lítið svigrúm ef eitthvað óvænt gerist. Það óvænta gerðist, hnefastór steinn var úti á svellinu og fór undir framdekkið og ég beint á hausinn, 100 kg hjól og ég önnur 100 kg og þessi samanlagði þungi lagðist allur á vinstra hnéð sem þoldi ekki allan þennan þunga og það teygðist hressilega á liðböndunum. Fyrir vikið gat ég ekki stigið í fótinn í tvo daga og geng enn haltur viku seinna og á erfitt með svefn vegna sársauka.

Það er ekki mikið svigrúm í svona halla ef eitthvað óvænt kemur undir frameða afturdekk. Mynd / Óskar Sigurðson

Hefði ég verið með spelkurnar, sem eru tveir aukahnjáliðir á hvort hné, hefði ekkert komið fyrir mig og ég þyrfti ekki að gretta mig í hverju skrefi. Óásættanleg mistök að nota ekki rándýran öryggisbúnað sem maður á. Notum öryggisbúnaðinn sem við eigum, það er of seint að grípa um rassinn þegar kúkurinn er dottinn.

Skoðun ökutækja misdýr

Fyrir nokkru nefndi ég í þessum pistli í samhengi við skoðun á heilsu að almennt finnist fólki það sjálfsagt að láta skoða bílana sína árlega. Í ár er búið að skoða öll ökutæki heimilisins, en þegar skoðaðir voru greiðslureikningar bíla heimilisins kom í ljós mikill verðmunur á milli skoðunarstöðva, en allir bílar heimilisins eru í sama flokk, sem kallast undir 3.500 kg.

Skoðunarstöðvarnar eru fjórar og með því að fara inn á heimasíðu þeirra þá er þar uppgefin verðskrá hjá þeim öllum. Samkvæmt uppgefinni verðskrá er Frumherji dýrasta skoðunarstöðin með uppgefið verð á bíl undir 3.500 kg 13.660 krónur. Skoðun á bíl sem er 3.500–7.500 kg kostar 14.720 kr. Næstdýrast er að láta Aðalskoðun skoða bíl undir 3.500 kg, en þar kostar það 13.500 og stærri bílarnir 14.295 kr. Þar á eftir er Tékkland, en þar er lægra verðið 11.995 og stærri bílarnir 12.995. Ódýrasta skoðunarstöðin er jafnframt sú nýjasta og er bara á einum stað á höfuðborgarsvæðinu, Betri skoðun. Þar er bara eitt verð á alla bíla að 7.500 kg., eða 11.495 krónur.

Góð heimsókn fyrir lesendur Bændablaðsins í Betri skoðun

Í síðustu viku kom ég við í Betri skoðun á Stapahrauni 1 í Hafnarfirði og spjallaði aðeins við starfsfólkið. Fyrir svörum varð Hörður Harðarson, sem er einn af eigendunum, og sagði hann mér að þau teldu sig ekki þurfa að vera með hærra verð. Aðspurður hvort þeir væru með einhvern afslátt frá þessu verði var svarið að það megi alltaf reyna að semja um hópafslátt og í framhaldi, þegar ég spurði hvort nóg væri að segjast vera lesandi Bændablaðsins var svarið: „Bændablaðið er gott blað og við gerum eitthvað gott fyrir lesendur Bændablaðsins.“

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: HERMANNSCHACHNER (CC0)

118	ARGUR	ÆSIR	ÞJÁLFUN	VÖRU-MERKI	TERTA		LÆRIR	SVARI	YNDIS	HUGUR
MEINLAUS						FJALLSNÖF / TILRÆÐI				
HEGNA										
VÆTA				MAUKIÐ / SLÉTTA						
LEIFAR / SAMSULL							FAG / SKÍNA			
		KÚNST	KVEIF / RÓMVERSK TALA					HÆÐ / TVEIR EINS		ÁTT / GETSPAKUR		
REIÐUR						REYKJA	FÖST STÆRÐ / ÍÞRÓTT				BLUNDA	STRIT
TALA					HRÆÐA / MARGVÍS-LEGAR				BLÁSA / FLÝTIR			
Í RÖÐ			STARFA / SKYNFÆRA					GAGN / ÆVINLEGA				
ÓHREINKA				MÁNUÐUR / VÖRU-FLUTNINGUR			ESPAST / ÁKÆRA					SÁÐJÖRÐ
		ÞAKBRÚN / ÁVÖXTUR				FÉLAGI				TÆRA / RAGN		
GRENNA						SAMTÖK / LYKT			MARR / SÍÐA			
ÓVARÐARI							EINKENNI / UPP-HRÓPUN				SVÖRÐ	KRINGUM
HÖGG					NIÐURLAG				TANN-STÆÐI			
TVEIR			ÞJÁLFA					FRUMEIND				

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

117	ÖRVA	TÆPLEGA	VARKÁRNI	ÁTT		UMFRAM	FUGLA-HLJÓÐ	FUGL	YFIRRÁÐ	SVALL
KJAFTFOR	H	V	A	S	S	Y	R	T	U	R
FLOKKA	R	A	Ð	A	MÓTA / ÞYNGJUR	F	O	R	M	A
GRÓM	E	R	G	KRYDD / SKATTUR	P	I	P	A	R	L
INNMATUR	S	L	Á	T	U	R	HÓLU-FISKUR / SNÁÐA	N	Á	L
	↓	HARLA	ELDUR	EFNI / BERIST TIL	S	A	T	Í	N	SKÍTUR	T	A	Ð	UMHYGGJA
GANGA	L	A	B	B	A	DRAUP	FUGL / ÁMÆLA	U	G	L	A	RUNNI	ÓNEFNDUR	Ö
OFNEYSLA	O	F	Á	T	LJÁ / MÆTTU	L	Á	N	A	SNYRTI-LEGUR / MUNDA	P	E	N	N
FROST-SKEMMD	K	A	L	TAK / AF-KLÆÐIST	H	A	L	D	SKJÓL-LAUS / YNDIS	O	P	I	N	N
GJALD-MIÐILL	K	R	TVÍSTÍGA / ÓSKÖP	H	I	K	A	ÁN / ÁGENGUR	U	T	A	N	ÁÞEKKUR	RÆÐA LEYNILEGA
	A	KÆNU / LAUT	B	Á	T	BENDA Á	S	Ý	N	A	ANGAN / HANDA	I	L	M
HRAÐAÐ	F	L	Ý	T	T	SÓDA / ALDUR	A	T	A	EIN-SÖNGUR	A	R	Í	A
LOKAÐUR	L	Æ	S	T	U	R	INNYFLI / TVEIR	I	Ð	U	R	TVEIR EINS / FRÁ	K	K
HÓTA	Ó	G	N	A	JAFNT	E	I	N	S	KÁSSA	M	A	U	K
TVEIR EINS	Ð	Ð	RISPAN	R	Á	K	I	N	REIKA	V	A	F	R	A

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 21. nóvember
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Hjálmsstaðir 1



Daníel Pálsson er alinn upp á bænum Hjálmsstöðum í Laugardal í Bláskógabyggð og tekur við jörðinni af afabróður sínum.

Þau Ragnhildur Sævarsdóttir flytja að Hjálmsstöðum eftir nám á Hvanneyri árið 2008, gerðu upp gamalt hús og hreiðruðu um sig. Tóku svo við búskapnum af foreldrum Daníels árið 2013 og byggðu nýtt fjós sem tekið var í notkun árið 2015. Daníel er fimmti bóndinn í beinan karllegg sem stundar búskap á Hjálmsstöðum og hefur sama ættin búið þar frá miðri 19. öld.

Býli: Hjálmsstaðir 1.

Staðsett í sveit: í Laugardal, Bláskógabyggð.

Ábúendur: Daníel Pálsson og Ragnhildur Sævarsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við hjónin og börnin okkar þrjú, Kári, 12 ára, Védís, 7 ára og Dagur Steinn, 4 ára.

Stærð jarðar? Tæpir 900 ha. Þar af um 60 ræktaðir.

Gerð bús? Hér er rekið kúabú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Við erum með rúmlega 40 mjólkandi kýr, kvígur og uppeldi sem því fylgja, nokkrir nautgripir aldir til slátrunar og 4 reiðhestar okkur til skemmtunar. Lífræna músagildran Ari stendur sig líka vel. Samtals eru þetta rúmlega 100 gripir.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Farið er í fjós klukkan sex alla morgna. Komið inn rétt áður en skólabíllinn rennur í hlað og séð til þess að allt gangi snurðulaust fyrir sig í þeim efnum. Þeim minnsta er komið á leikskólann og þá taka við gegningar, viðhald, gjafir, þrif og annað þvíumlíkt sem tilheyrir búgerð sem þessari. Eftir að síga fór á seinni hluta kvótaársins hefur færst æ meir í aukana að fara þurfi í aukavinnu á milli mála. Kvöldin enda síðan á mjöltum og svo er farið út í fjós rétt fyrir svefn til að aðgæta beiðsli og bjóða góða nótt.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það sem sumum finnst leiðinlegt finnst öðrum skemmtilegt. Ragnhildi finnst leiðinlegt að gefa kálfum pela, krökkunum finnst það skemmtilegt. Daníel þolir ekki bókhald og kemur þá ekkert nálægt því. Þetta endar með því að öll verk eru unnin af einhverjum sem finnst það bara nokkuð fínt.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Ómögulegt að segja, verð og framboð á kvóta ráða þar miklu.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Grasrótin er öflug og við berum mikla virðingu fyrir þeim sem gefa sig í það erfiða starf að vera í forsvari fyrir bændastéttina.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Sóknarfærin eru víða. Við erum að framleiða frábærar afurðir við síbatnandi aðbúnað dýra og vinnuaðstæður.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Við erum kannski ósköp heimóttarleg en okkur finnst ekkert prinsippmál að flytja eigi út vörur. Það útheimtir gríðarmörg kolefnisspor sem heimurinn allur hefur ekkert efni á, svo eru þetta síbreytilegir markaðir sem eru að gefa misjafnt af sér, hálfgert lotterí. Við viljum styrkja innanlandsmarkaðinn og ekki treysta um of á útflutninginn.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ísskápurinn er annaðhvort hálftómur eða hálffullur, svarið er misjafnt eftir því hver situr fyrir svörum.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Gúllassúpa, grjónagrautur og spælt egg.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar við rákum kýrnar í vetrarfærð þann 4. október 2015 eftir morgunmjaltir frá gamla fjósinu yfir í það nýja. Einnig var mjög eftirminnilegt þegar við stóðum í framkvæmdum við byggingu nýs fjóss og Daníel rétt náði að skola steypuna af stígvélunum og kveðja her manna sem voru að byggja fjósið því við áttum pantaðan tíma í keisara með þann yngsta. Daníel tók svo síðasta símtalið til að staðfesta kaupin á steinbitunum rétt áður en uppskurður hófst.

MATARKRÓKURINN

Smurbrauð og konfekt

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Hið danska *smørrebrød* er brauð, yfirleitt rúgbrauð, sem hefur verið smurt með smjöri og álegg sett á. Gott getur verið að nýta afganga frá steikarmáltíð eða fiskrétti gærdagsins.

Hægt er að gera fljótlega og góða máltíð úr slíku hráefni á mettíma.

Smurbrauð með nautalund (roastbeef), kryddjurtaolíu og steiktum lauk

- 250 g nautalund
- 2 skalotlaukar
- 1 msk. capers
- 1 askja graslaukur
- Extra virgin ólífuolía
- salt og svartur pipar
- (remúlaði)

Aðferð
Snyrtið nautalundina og steikið eftir smekk, gott er líka að nota afganga. Steikið lauk á pönnu eða veltið honum upp úr hveiti og djúpsteikið. Þegar hann er orðinn stökkur setjið hann þá upp á pappír þannig að umfram fita renni af. Saxið graslaukinn og capersið fínt saman í skál. Bætið olíu, salti og pipar saman við og setjið síðan allt ofan á brauðið; fyrst kjötið svo capersinn og laukinn (sumir kjósa remúlaði í stað kryddjurtaolíu) og skreytið með kryddjurtum yfir réttinn.

Smurbrauð með graflax, fennel, eplasalsa og rjómaosti

- Brauð
- rjómaostur

- grafinn lax
- rauðlaukur, smátt saxaður
- epli
- fennel
- ögn ólífuolía
- capers
- svartur pipar
- kryddjurt að eigin vali

Aðferð
Skerið brauðið í sneiðar og setjið rjómaostinn á brauðið.

Sneiðið laxinn þunnt og leggið ofan á rjómaostinn. Setjið rauðlauk og capers í skál með eplum og fennel ásamt ólífuolíunni. Myljið svo svartan pipar ofan á laxinn og eplasalsa og bætið kryddjurt að eigin vali við – til dæmis, dilli, sítrónubát og jafnvel agúrkusneið.

Kransakökukonfekt með ferskum ávöxtum

Auðvelt er að hnoða grófar kúlur og velta upp úr flórsykri eða hnetum og er þá komið konfekt með kaffinu á nokkrum mínútum. Það má einnig setja í frystinn fyrir komandi hátíðir eða sparidaga.

Hvernig á að búa til kransakökukonfekt?

Hægt er að kaupa grunninn kláran en hann fæst í mörgum búðum, til dæmis frá Odense, eða hræra flórsykri og eggjahvítu í kransakökumassa.

Hnoðið deig á bökunarplötu með bökunarpappír fyrir um 16 toppa. Bakið í ofni við 220 gráður í um 6–8 mínútur.

Skreytið með berjum.

Geymist best í loftþéttum umbúðum á köldum stað, en einnig má frysta konfektið eftir baksturinn og skreyta áður en það er borið fram.

Mozartkúlur með ristuðum möndlum

- ½ dl vatn
- 100 g af sykri
- 150 g möndlur
- 200 Original ODENSE marsípan
- 100 g ODENSE núggat
- dökkt súkkulaði, 55%

Hvernig á að búa til Mozartkúlur með ristuðum möndlum? Það er reyndar auðveldast með tilbúnum bragðefnum sem er hrært saman.

Fyrir þá sem vilja prófa að gera þær frá grunni er byrjað á því að sjóða vatn og sykur þar til það kraumar vel, bætið síðan möndlunum við.

Hrærið kröftuglega á pönnunni þar til möndlurnar byrja að karamellsera. Hellið þeim út á bökunarpappír og leyfið þeim að kólna.

Myljið möndlurnar með því að setja þær í poka og „berja“ þær með kökukefli.

Núggatið er skorið í litla ferninga sem samsvarar um fimm grömmum.

Skerið síðan marsípanið í ferninga, sem samsvarar um tíu grömmum hver.

Núggatið er pressað inn í marsipanið og síðan rúllað að kúlunni.

Kúlunum er dýft í dökkt súkkulaði og rúllað upp úr ristuðu möndlunum.

Líka má bara velta hnetunum upp úr deiginu og sleppa súkkulaðinu.

Athugið að Mozartkúlur geymast best í loftþéttum ílátum á köldum stað.

HANNYRÐAHORNIÐ

Jólasveinahúfa

Jólin nálgast og þá hefjast margir handa við að prjóna jólasveinahúfu á börnin. Á garnstudio.com má finna nokkar útgáfur og birtum við hér eina prjónaða úr dásamlega Drops Nepal garninu.

Stærðir: 3/5 (6/9) 10/12 ára

Höfuðmál: ca 50/52 (52/54) 54/56 cm

Garn: Drops Nepal (fæst hjá Handverkskúnst)

- Rauður nr 3620: 150 g í allar stærðir
- Hvítur nr 1101: 50 g í allar stærðir

Prjónar: Sokka- og hringprjónn 40 cm, nr 4,5 og 5 – eða þá stærð sem þarf til að 17 lykkjur og 22 umferðir með sléttu prjóni verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

Garðaprjón (prjónað í hring): *1 umferð slétt og 1 umferð brugðin*, endurtakið frá *-*.

Kantur (húfa með röndóttum kanti): Prjónið *2 umferðir garðaprjón með hvítum, 2 umferðir garðaprjón með rauðum*, prjónið frá *-* alls 4 sinnum, prjónið 2 umferðir garðaprjón með hvítum = 18 umferðir garðaprjón.

Kantur (húfa með hvítum kanti): Prjónið 18 umferðir garðaprjón með hvítum.

Úrtaka (jafnt yfir): Til þess að reikna út hvernig fækka eigi jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 76 lykkjur), deilið þessum lykkjufjölda með fjölda úrtöku sem á að gera (t.d. 4) = 19. Í þessu dæmi þá er lykkjum fækkað með því að prjónaðar eru 18. og 19. hver lykkja slétt saman.

Húfa með röndóttum kanti: Stykkið er prjónað í hring á hringprjóna, skiptið yfir á sokkaprjóna þegar þörf er á. Fitjið upp 76 (78) 84 lykkjur á hringprjón nr 4,5 með hvítum. Prjónið KANT – sjá útskýringu að ofan. Kanturinn mælist 5 cm. Skiptið yfir á hringprjón nr 5 og prjónið með rauðum og sléttu prjóni. Þegar stykkið mælist 13 (13) 15 cm prjónið 1 umferð þar sem fækkað er um 4 (0) 0 lykkjur jafnt yfir. = 72 (78) 84 lykkjur.

Setjið 6 prjónamerki í húfuna án þess að prjóna, með 12 (13) 14 lykkja millibili. Fækkið síðan lykkjum á eftir hverju prjónamerki með því að prjóna 2 lykkjur slétt saman (= fækkað um 6 lykkjur í hverri umferð). Fækkið lykkjum svona með 3½ (3½) 3 cm millibili alls 10 (11) 12 sinnum = 12 lykkjur eftir á prjóni. Prjónið síðan 2 og 2 lykkjur slétt saman. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru og festið vel. Stykkið mælist ca 45 (48) 48 cm.

Dúskur: Gerið einn dúsk ca 5 cm að þvermáli með hvítum lit. Saumið dúskinn niður efst á húfuna eða kaupið loðdúsk (sjá á www.garn.is)

Prjónakveðja,
mæðgurnar í Handverkskúnst
www.garn.is

Létt

8	9		1	4	3		7	6
	7		2		8		9	
		4		7		3		5
		8	9	2	7	1		
7	6						5	2
		1	8	6	5	7		
6		2		8		9		
	4		7		6		2	
1	8		5	9	2		4	3

Miðlungs

	7		9		3	2		
5				1			9	
	2	1	7		8	4		
7	6				5	3		
		9		8		1		
		8	2				4	9
		5	8		7	9	6	
	3			4				2
		2	6		1		5	

Þung

9		4				3		6
7	2			8			5	4
		8	6		3	5		
3								7
		2	7		8	9		
2	6			5			9	8
8		7				4		1

Þyngst

	1	7					8	
3	4							
			6		5	3		
				2				9
		8	4		3	5		
2				9				
		3	9		1			
							1	2
	5					7	4	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Pitsan hans pabba

Rakel Anna er 6 ára Siglfirðingur sem býr í Kópavogi með mömmu sinni, pabba og Axel Inga, litla bróður.

Rakel Önnu finnst gaman í skólanum og að leika með vinum sínum.

Nafn: Rakel Anna Salmannsdóttir.

Aldur: 6 ára.

Stjörnumerki: Vog.

Búseta: Kópavogur.

Skóli: Salaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Skrifa stafina svo ég viti hvað allir stafirnir eru.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Pitsan hans pabba.

Uppáhaldshljómsveit: Ég veit það ekki en uppáhaldslagið mitt er Ljónalagið.

Uppáhaldskvikmynd: Matthildur.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var lítil í leikskólanum og var að róla.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Já, fimleika hjá Gerplu og æfi fótbolta með HK.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Snyrtikona ... að snyrta á einhverjum hárið.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Að fara í kollhnís og hoppa upp með báða fætur og út með lappirnar í fimleikum.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í vetur? Uuu ... að opna jólagjafir. Fara á skíði með mömmu og pabba og ömmu og afa. Leika úti með vinum mínum í snjónum og búa til snjókarl.

Næst » Rakel Anna skorar á Brynjar Snæ, frænda sinn á Grenivík, að svara næst.

LESENDABÁS

Þurfum nýja græna byltingu

Ísland hefur sett sér það takmark að verða kolefnishlutlaust árið 2040. Því eru 20 ár til stefnu að laga landbúnaðinn að þessu markmiði. Það er ljóst að ríkur pólitískur vilji er fyrir því að styrkja landbúnað á Íslandi og ríkur vilji bænda til þess að láta ekki sitt eftir liggja í baráttunni við hamfarahlýnun jarðar. Því þarf að finna leiðir að takmarkinu.

Bændur hafa oft áður tekist á við áskoranir. Nefnum það þegar bændur sömdu um að frysta upphæðir búvörusamninga eftir hrun til að leggja sitt af mörkum í glímu þjóðarinnar við afleiðingar kasínókapítalismans. Af mörgu er að taka en minnumst til dæmis niðurskurðar á fé til að útrýma mæði/visnu og strangar reglur til að ná stjórn á kampýlóbaktersýkingum í alifuglarækt. Þá eru ótaldar glímurnar við náttúruhamfarir sem lifa í sameiginlegri minningu þjóðarinnar frá fyrri öldum. Sú hægfara krísa sem nú er við að fást er í eðli sínu ekki frábrugðin fyrri hremmingum. Það þarf sem áður að skilgreina vandamálið, leita lausna og hrinda þeim í framkvæmd. Bændur hafa séð það svartara. Bændur ætla að leysa þessa áskorun, samanber nýlega búvörusamninga við sauðfjár- og kúabændur.

Tókst að leysa fæðuvandann á 20. öldinni

Heimsendaspár eru ekki nýjar af nálinni. Svartsýni klerkurinn Thomas Malthus hóf þessa tegund bókmennta á ofanveðri átjándu öld með ritgerð sinni um fólksfjölgun og matvælaframleiðslu. Nýlegra dæmi er bók Paul Ehrlich, „The Population Bomb“, árið 1968 þar sem fullyrt var að framleiðni landbúnaðar hefði náð hámarki sínu og fram undan væru hallæri og hungur. Um svipað leyti var græna byltingin að ná hámarki. Niðurstaðan varð sú að þó að mannfjöldinn á jörðinni hafi tvöfaldast frá miðri síðustu öld þá hefur hlutfall þeirra sem eru vannærðir farið úr 30% árið 1970 í 10% í dag.

Þetta er árangur sem náðist með tæknivæðingu landbúnaðar og sérstaklega með kynbótum á nytjaplöntum. Um það bil 40% af mannkyni fær fæðu sína vegna tveggja tæknibyltinga, tilbúins áburðar og hveitiyrkja Normans Borlaugs. Á Íslandi framleiða nú 550 kúabændur helmingi meiri mjólk en 1300 gerðu fyrir 30 árum og með færri kúm í ofanálag. Bú hafa stækkað og allur aðbúnaður búfjár tekið stakkaskiptum til hins betra.

Kári Gautason.

Matvælaframleiðsla heimsins á tuttugustu og fyrstu öldinni þarf að glíma við miklar áskoranir. Fyrst ber að nefna að ef ekkert verður að gert mun útblástur vegna landbúnaðarframleiðslu aukast gríðarlega á næstu áratugum sökum fjölgunar mannkyns og breytinga í neysluháttum. Það þarf að nærri tvöfalda matvælaframleiðslu á næstu 30 árum. Það tókst á 20. öldinni með því að brjóta meira land undir matvælaframleiðslu, með kynbótum, með tilbúnum áburði og svo framvegis.

Á 21. öldinni þarf minna að verða meira

En græna byltingin sem þörf er á núna er háð þeim takmörkunum að hún má ekki nota meira land – því það er einfaldlega af skornum skammti. Þá veldur hamfarahlýnun því að stór landsvæði munu verða ónothæf til matvælaframleiðslu. Það verður að nota minna vatn. Landbúnaður notar nú þegar 70–80% af því ferskvatni sem mannkynið hefur aðgang að og víða er gengið á óendurnýjanlega vatnsgeyma. Það verður að nota minni tilbúinn áburð, en framleiðsla á áburði er stór losandi gróðurhúsalofttegunda auk þeirra umhverfisvandamála sem útskolun áburðarefna getur haft í för með sér.

Ég tel að raunar sé rétt að stefna að því að allur íslenskur landbúnaður sé lífrænn – að því gefnu að vottunin sé byggð á gagnreyndum vísindum.

Breytist aðfanganotkun ekki í landbúnaði samfara því að spurn eftir matvælum eykst í takt við spár, þá mun útblástur gróðurhúsalofttegunda aukast gríðarlega. Samkvæmt nýlegri grein í Nature mun umhverfisfótspor landbúnaðar aukast um 50–90% verði þetta niðurstaðan. Sú niðurstaða er ekki bara óásættanleg, hún er stórhættuleg mannkyninu. Við henni verður að bregðast og ekki seinna en strax.

Umræðan þessi misserin lýtur aðallega að því hvort að mannkynið nái að uppfylla Parísarsamkomulagið, sem er yfirlýsing um að halda hlýnun jarðar innan við tvær gráður. Erfitt er að koma orðum að því hversu geigvænlega slæmar afleiðingar af slíkri hlýnun verða. Landbúnaður á alþjóðavísu þarf að standa sig betur í loftslagsmálum. Um 14% af útblæstri gróðurhúsalofttegunda er úr landbúnaði. Jafnframt er landbúnaður ákaflega viðkvæmur fyrir áhrifunum af hlýnandi jörð. Gríðarlegur fjöldi fólks hefur lifibrauð sitt af landbúnaði, eða um 2,5 milljarðar, langflestur í þróunarlöndum sem er ógnað af hlýnun jarðar.

Íslenskur landbúnaður þrói eigin lausnir

Samkvæmt skýrslu um útblástur gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði er heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði mikil. Bein losun innan býla er metin sem 2,5 milljónir tonna af koldíoxíðígildum. Þar af er losun úr túnum vegna framræsts jarðvegs 1,8 milljónir tonna. Afgangurinn er innyflagerjun búfjár, losun vegna áburðarnotkunar, geymsla búfjáráburðar og eldsneytisnotkun. Mun meiri óvissa er um losun af beitarlandi. Þar er óvissan svo mikil að erfitt er að fullyrða neitt umfram það að hún sé að minnsta kosti ekki engin. Stjórnvöld verða að koma myndarlega að rannsóknum á bæði losun úr framræstum mýrum og beitarlandi til að komast nær sannleikanum. Einnig bindingu eða losun kolefnis í túnum og graslendi.

Íslenskur landbúnaður glímir við annars konar áskoranir heldur en landbúnaður víðast hvar. Hér er mikið landrými og engin hætta á því að Ísland muni nokkru sinni skorta vatn. Hér er notkun á eiturefnum meiri á golfvöllum en í landbúnaði og úskolun á áburði er engin. Undanfarna áratugi hefur verið mikill vöxtur í lífrænum landbúnaði á heimsvísu. Neytendum blöskrar sá kokteill eiturefna sem notaður er við ýmsa framleiðslu og þó að þeim sé talin trú um að þau séu hættulaus þá segja grímur og gúmmíhanskar þeirra sem bera eitrið á jarðarberin sína sögu.

Hérlendis eru fá lífræn bú og er það kannski ekki furða. Bændum finnst það ósennilegt að þeir geti séð fyrir fjölskyldum sínum ef að þeir mega ekki bera áburð á túnin. Þá finnst mörgum það í hæsta máta órökrétt að það megi nota ólífrænan áburð (til að mynda fosfór) ef hann er með lága leysni en stranglega bannað sé að nota áburð með háa leysni – framleiddan úr sama grjótinu, úr sömu námunni. Sérstaklega þegar það liggur ljóst fyrir að íslenskur jarðvegur er alveg sérstaklega vel til þess fallinn að binda fosfór og engin hætta á að hér myndist dauð hafsvæði við ósa Ölfusár vegna ofauðgunar á næringarefnum.

Ég tel að raunar sé rétt að stefna að því að allur íslenskur landbúnaður sé lífrænn – að því gefnu að vottunin sé byggð á gagnreyndum vísindum. Neytendur vilja ekki borða plöntuvarnarefni með morgunkorninu. Það að neytendur hafi áhuga á því að lágmarka vistspor sitt er sóknarfæri fyrir innlendan landbúnað. Það er óþarfi að streitast á móti og benda á að það sé nú ýmsum spurningum ósvarað hvað varðar losun úr framræstum mýrum per hektara. Það sem skiptir máli er hvernig við byrjum? Þeirri spurningu verður reynt að svara í framhaldsgrein.

Kári Gautason

Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi:

Sjóböðin, Haugnesingar og Skagfirðingurinn Evelyn hlutu viðurkenningar

Markaðsstofa Norðurlands veitti þrjár viðurkenningar á uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi, sem var haldin í Hörgársveit og Dalvíkurbyggð nýverið. Hátíðin tókst í alla staði vel. Viðurkenningarnar eru veittar í flokkum sem heita, sproti ársins, fyrirtæki ársins og störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Að þessu sinni var GeoSea á Húsavík valið sproti ársins, fyrirtækin Ektafiskur og Hvalaskoðun á Hauganesi fengu sameiginlega viðurkenningu fyrir fyrirtæki ársins og að lokum var það Skagfirðingurinn Evelyn Ýr Kuhne sem hlaut viðurkenningu fyrir störf í þágu ferðaþjónustu. Þetta kemur fram á vefsíðu Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Sjóböðin á Húsavík eru sproti ársins

Viðurkenningin Sproti ársins er veitt ungu fyrirtæki sem hefur skapað eftirtektarverða nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi og að þessu sinni féll það í skaut GeoSea – Sjóböðin á Húsavík.

Böðin voru formlega opnuð á síðasta ári og sjaldgæft er að sjá nýja afþreyingu slá jafn rækilega í gegn. Upplifunin er enda einstök og allar ljósmyndirnar sem hafa verið teknar af böðunum, frá öllum mögulegum sjónarhornum, sýna það einnig hversu einstök staðsetningin og hönnunin á böðunum er. Í sumar komust böðin á lista fyrir 100 bestu áfangastaði heims hjá tímaritinu Time, sem vakti enn frekar athygli á þessari spennandi nýjung í norðlenskri ferðaþjónustu. Með tilkomu GeoSea styrktist enn frekar sérstaða Norðurlands hvað fjölbreytileika í böðum varðar. Allt vinnur þetta enn frekar að því að styrkja Norðurland sem spennandi áfangastað.

Tvö fyrirtæki eru fyrirtæki ársins

Viðurkenningin Fyrirtæki ársins er veitt fyrirtæki sem er búið að slíta barnsskónum og hefur skapað sér sterka stöðu á markaði. Í ár eru það tvö fyrirtæki sem fá þessa viðurkenningu sameiginlega, það eru Ektafiskur og Hvalaskoðunin á Hauganesi.

Haugnesingar hafa verið öflugir í ferðaþjónustu síðustu ár og á þessu ári hefur verið gefið enn frekar í, með tilkomu heitu pottanna í flæðarmálinu og nýrrar aðstöðu við tjaldsvæðið. Í fyrra fagnaði Hvalaskoðunin 25 ára starfsafmæli, en þetta elsta hvalaskoðunarfyrirtæki landsins gerir út tvo eikarbáta og býður farþegum sínum að kolefnisjafna ferðirnar sínar. Ektafiskur á sér svo enn lengri sögu, en saltfiskverkun þessa fjölskyldufyrirtækis má rekja aftur í fimm ættliði. Ferðamenn geta smakkað á saltfisknum á Baccalá Bar, sem var opnaður fyrir fáeinum árum og hefur notið vinsælda síðan.

Viðurkenningar voru veittar á uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi sem haldin var nýverið en hún fór að þessu sinni fram í Hörgársveit og Dalvíkurbyggð. Hér eru forsvarsmenn markaðsskrifstofunnar og fulltrúar verðlaunahafa með viðurkenningar sínar.

Saman hafa þessi tvö fyrirtæki náð að þróa þjónustu sína þannig að Hauganes er orðinn eftirsóknarverður áfangastaður sem vekur athygli og umtal. Þau byggja á traustum grunni, því samfélagi og umhverfi sem er til staðar á Hauganesi en sinna á sama tíma vel þörfum sinna viðskiptavina. Samvinna fyrirtækjanna er til fyrirmyndar og sýnir vel hvaða árangri er hægt að ná með samstarfi og áherslu á að kynna einn heildarpakka þó að um tvö mismunandi fyrirtæki sé að ræða.

Skagfirðingurinn Evelyn Ýr Kuhne hlaut viðurkenningu

Viðurkenninguna fyrir störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi fær einstaklingur sem hefur haft góð áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi í heild sinni og hefur starfað beint eða óbeint fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Í ár var það Skagfirðingurinn Evelyn Ýr Kuhne sem hlaut þessa viðurkenningu.

Á Lýtingsstöðum hefur Evelyn, ásamt fjölskyldu sinni, byggt fyrirtækið sitt upp í 20 ár og stöðugt unnið að því að bæta þjónustuna við ferðamenn. Hestaferðir og hestasýningar eru hennar aðalsmerki en einnig er boðið upp á gistingu og skoðunarferðir með leiðsögn um torfhesthúsið sem byggt var upp fyrir örfáum árum. Aðstaðan á Lýtingsstöðum hefur verið byggð upp til þess að taka á móti hópum og er meðal annars boðið upp á hljóðleiðsögn. Í torfhesthúsinu, sem byggt var samkvæmt gömlum hefðum, hefur verið komið fyrir búnaði sem sýnir hvernig líf hestamannsins var fyrr á árum og hefur Horses and heritage-pakki hennar, þar sem boðið er upp á fræðslu um þetta, vakið mikla athygli. Evelyn hefur verið öflug í að taka á móti fjölmiðlum og skapað þannig góða athygli á svæðinu. Hún er einnig drífandi fyrir fólk í ferðaþjónustu í sínu nærumhverfi, hefur stutt við samstarf á milli þess og tryggt þátttöku annarra í hinum ýmsu verkefnum. Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði hefur notið góðs af kröftum hennar um árabil og mun væntanlega áfram, enda er Evelyn stöðugt að kynna sér nýjungar og sækja fræðslu sem kemur bæði henni og kollegum til góða. */MÞÞ*

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

Sanddreifari f/ krók
SL-290, 1m, 290 lítra, 89 kg
Verð: 179.000 kr + vsk

Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur

Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk

Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

Tokvam®

U-plógur UT 490.
Hægt að skekkja til hliðar og vængi fram og aftur. 262-490cm
Verð: 2.950.000 kr. + vsk

Fjölplógar VT320, VT380
Vinnslubreiddir frá: 258 til 380 cm. Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Verð frá: 2.000.000 kr + vsk

Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir frá 256 cm
Verð 2.250.000 kr + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Vélhjólaíþróttaklúbburinn óskar eftir landi til að halda þolaksturskeppni. Góðar greiðslur fyrir rétt land. Hafið samband við Pétur í síma 693-3777 eða Einar í síma 896-5202.

Til sölu nýtt sumarhús (heilsárshús) 30,2 fm +7 fm verönd. WC, sturta, eldhús, ísskápur, parket og flísar á gólfi. Ásett 8,2 m. kr. m/vsk. eða tilboð. Uppl. gefur Tómas í síma 698-3730.

Snjóskófla og snjótönn. Upplýsingar í síma 892-5050.

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111, opið frá kl. 13-16.30 -www.brimco.is

Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.

Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.

Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið 13-16.30 - www.brimco.is

Varmamót, stærstu og hraðvirkustu byggingamót á markaðnum. Færri samsetningar, 50% hraðvirkari og læsast saman, bara stoðir til að rétta vegginn af og standast íslenskan staðal. www.aske.is – s. 660-1100.

Gámasliskjur. Eigum fyrirliggjandi galvaniseraðar gámasliskjur. Til afgreiðslu strax. Vír og lykkjur ehf. S. 772-3200 - www.viroglykkjur.is

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu Deutz 4006. Gangfær og í lagi. Þarf að lagfæra útlit. Uppl. í síma 864-2744.

Bátar fyrir sjóstanga- og vatnaveiði. Allt að 40 gerðir í boði. Mjög vandaður búnaður á hagstæðu verði. Framleiðandi: Polyester Yacht í Póllandi. www.polyesteryacht.pl. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is

Úrval af traktorsdekkjum. Búvís, sími 465-1332.

Sveitarfélög/verktakar. Getum skaffað sjálfsogandi dælubúnað fyrir vatn og skolp í mörgum stærðum. Rafdrifinn, traktorsdrifinn eða dísildrifinn búnaður, 80 mm upp í 450 mm. Allur slöngubúnaður og kúplingar. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Úrvals göngubrautir á 69.500 kr. Frí heimsending. Þrektæki, Bíldshöfða 16, s. 661-1902.

KRAFTVÉLAR

Til sölu

Junkkari J-10W
10 tonna sturtuvagn

- Kornvagn með lausum skjólborðum (JL)
- Burðargeta: 10 tonn
- Pallastærð B/L laus skjólborð: 242/415 cm.
- Rúmtak m/skjólborðum: 5.2 rúmmetrar
- Hæð upp á pall: 104 cm.
- Veltiöxull: Já
- Dekkjastærð: 400/60-15,5
- Sporvídd: 185 cm.
- Vökvabremsur: Já
- Eigin þyngd: 2.200 kg.

Verð: 1.290.000.- kr. án vsk.

Junkkari J-13JL
13 tonna sturtuvagn



- Kornvagn með lausum skjólborðum (JL)
- Burðargeta: 13 tonn
- Pallastærð B/L laus skjólborð: 240/465 cm.
- Rúmtak m/skjólborðum: 5.6 rúmmetrar
- Hæð upp á pall: 109 cm.
- Veltiöxull: Já
- Dekkjastærð: 500/50-17
- Sporvídd: 185 cm.
- Vökvabremsur: Já
- Eigin þyngd: 2.140 kg.

Verð: 1.680.000.- kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Furuvellir 15 / 600 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

HUMBAUR

Humbaur kerrur eru frá stærsta kerruframleiðanda Þýskalands, hafa margsannað sig á Íslandi og eru til ýmissa nota.

Gerð 1339
1.300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 435.000 kr. m. vsk og skráningu.

HA253015
2.500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 535.000 kr. m. vsk og skráningu.

HT203116
2.000 kg. Mál: 310x165x30 cm.
Verð: 550.000 kr. m. vsk og skráningu.

HT254118
2.500 kg. Mál: 410x185x35 cm.
Verð: 750.000 kr. m. vsk og skráningu.

Topplausnir
www.topplausnir.is - Sí: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Smáauglýsinga-síminn er:
56 30 300

NUGENT afrúllari. Sýningareintak. Kr. 750.000 +vsk. vallarbraut.is s. 841-1200 & 841-7300.

Massey Ferguson 1540, árg. 2012, 1.804 tímar. Verðhugmynd 3.000.000 kr. án vsk. Driflæsing, 4x4, 2 glussatengi að aftan, 1 að framan, aflúttak framan og aftan. Uppl. í s. 690-0123.

Til sölu Opel Astra árg. 2005. Keyrður 163.000 km. Sumar- og vetrardekk fylgja. Nýjar bremsur og nýr rafgeymir. Uppl. í s. 899-2021, Einar eða harpa95@hotmail.com

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Gjafagrindur með festingu til að færa. Tekur 2-3 rúllur, 18 hausa. Verð 161.000 kr. +vsk. vallarbraut.is – s. 841-1200 & 8417300.

Til sölu Ford F350 árg. 2005. Ekinn 300.000 km. Mikið endurnýjaður. Mjög heillegur bíll. Selst með eða án pallhúss. Tilboð óskast. Uppl. í s. 899-5714.

Benz 2660 til sölu. Ekinn 650.000 km. Árgerð 2010. Frekari uppl. veitir Þórður í s. 893-1255.

Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Til sölu mjög öflug, traktorsdrifin brunndæla. Mikil hrærigeta: 18.000 l/mín. Vinnudýpt allt að 3 m. Dælan er 6 mánaða gömul og lítið notuð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Snjóblásari 240 cm kr. 690.000 +vsk. Trjákurlari, vökvastýrður, kr. 370.000 +vsk. Sveitakassi kr. 110.000 +vsk. Hagasláttuvélar og jarðtætarar á afslætti í nóvember. www.hardskafi.is – s. 896-5486.

Bílalyftur. Tveggja pósta bílalyfta 4,0 tn. rafm.læsingar. Verð kr. 495.000 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.

Stórviðarsög á braut. Aflgjafar: Kohler bensínmótorar eða rafmótorar. Lengd á braut: 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol: 66 cm. Framleiðandi, Timbery í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Kassar með góðri öndun undir kartöflur og grænmeti. Þeir eru niðurfellanlegir og taka þá 1/3 af plássi í hæð. Þeir eru úr PEHD plastefni, gæðavottuðu fyrir matvæli. Stærð: 1,0 m x 1,2 m (utanmál). Hæð innanmál: 0,6 m (fleiri hæðir í boði). Burðargeta 750 kg. Við erum að safna í pöntun sem verður gerð fljótlega. Erum líka að vinna í að finna góða kassa úr timbri. Áhugasamir hafi samband í s. 892-4163 eða hak@hak.is

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 g. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.

Rexton 2002/03, ekinn 97.000 km. 33 t. breyting. Gott ástand og útlit. Verð 1,4 m. kr. eða tilboð. Uppl. í s. 842-0060.

Sand/salt og áburðardreifari. 300 lítra snilldartæki. Verð 163.000 kr. +vsk. vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Dísel rafstöð til sölu, 10 kW. Hefur verið notuð í tvö sumur við fjallaskála. Verð 500.000 kr. +vsk. Upplýsingar í s. 895-9500.

Til sölu Meller vörubílspallur með sturtugrind og tjakk sem var á 4 öxla bíl. Óska eftir tilboði. Frekari upplýsingar í s. 897-8906 Friðbjörn.

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Verð kr. 2.490.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465 1332 - www.buvis.is

Þessi frábæra vinnuvél er nú til sölu. Hydrema 912D. Uppl. í síma 894-0444, Þorsteinn.

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Rafstöðvar með orginal Hondavélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Til sölu er Von sf. 2 sk. 6.710 7,5 brúttótonn aflamarksbátur. Báturinn var mjög mikið endurbyggður árið 2004. Skrokk breytt og endursmíðuð ný vél og gír, nýtt rafmagn. Vél keyrð 3.200 tíma, nýir alternatorar bæði 12 og 24 volt, nýir rafgeymar. 4 dng 6000i færavindur, netaspil, brjóstakall, niðurleggjari, línuspil, línurenna, beitningatrekt, færaspil, síldarhristari, makrílbúnaður. 70 skötuselsnet, 15 síldarnet. Grásleppuleyfi, 90 grásleppunet, baujur, drekar og færi, fjögur 380 lítra kör. Ais talstöð, radar, dýptarmælir, sími, siglingarforrit gengur að 15 mílum. Uppl. í s. 892-1465, Palli.



Trabant árg. 1986 til sölu, hálf uppgerður. Verðhugmynd 400.000 kr. Nánari upplýsingar í síma 861-3391 eftir kl. 18.

Skúffur á þrítengi, sturtanlegar. Verð kr. 84.000 +vsk. vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.

Mercedes Benz Vario 818. 4x4. Árg. 2007. Ekinn 54.000 km. Sturtupallur. Saltkassi. Snjótönn. Verð: 4.700.000 kr. +vsk. Uppl. í s. 892-5050.

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

MMC Sprinter árg. 2012. Ekinn 201.000 km. Beinskiptur. Kassi 4.2 m Dhollandia lyfta. Verð 2.800.000 kr. +vsk. TILBOÐ 2.200.000 kr. +vsk. Benni, s. 846-8400.

Hausttilboð á Palmse PT-190 sturtuvögnum. Burðargeta 15 tonn með rúlluhöldurum. Tilboðsverð kr. 1.990.000 án vsk. Tilboðsverð með upphækkunum kr. 2.090.000 án vsk. Eigum aðeins örfáa vagna eftir. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ertu með góða hugmynd að rannsókna- og þróunarverkefni á sviði hagnýtra rannsókna, þróunar og hvers konar þekkingarsköpunar í landbúnaði? Þá er um að gera að sækja um styrk til FL! Umsóknarfrestur rennur út 13. des. nk. Nánari upplýsingar á www.fl.is/eydublod og þar undir (A-form).



Er að leita að svæði til að stunda andarveiðar við (tjörn/skurði). Tilbúinn að greiða sanngjarnt verð fyrir. Uppl. í síma 770-0325, Jóhann.

Norskar skádælur. 5“ eða 6“ dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 l/mín. Hræristútur sem hægt er að snúa 360°. Skurðarblöð á dæluhjóli. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. hak@hak.is, s. 892-4163.

Þrekhjól með sæti á 45.000 kr. Frí heimsending. Mikið úrval spinning hjóla og hlaupabretta. Þrektæki, Bíldshöfða 16. Uppl. í síma 661-1902.

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.

Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is

BELMAC haugsugur. Margar stærðir og litir. Þykkt á belg 6 mm! Gott verð. vallarbraut.is – s. 841-1200 & 841-7300.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básа og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is – s. 820-8096.

Samlokueiningar 126 fm til sölu. Steinullarkjarni, litur RAL 9010 Lengdir frá 2,40 til 5,50 m. Þykkt 120 mm. Verð: Tilboð. Uppl. í síma 660-8000.

Toyota Land Cruiser 120 GX, árg. 2005, sjálfsk. dísel, ek. 312.000 km. Ástandsskoðun fylgir. Ekkert ryð. Verð. 1.550.000 kr. Uppl. í síma 894-0113 .

Til sölu Bronco, árgerð 1971. Upplýsingar í síma 867-7379.

Er með eldgamlan ryðgaðan International ef einhver hefur áhuga. Læt hann á 20.000 kr. Er á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 698-6328, Sigurbjörg.

Til sölu BMW 735I, skráningardagur 1.10.2004, 4ra dyra, sjálfskiptur. Skoðaður 19.01.2018. Ekinn 161.000 km. Nýir demparar, bremsugormar, rafgeymir og bremsur. Nýleg sumar- og vetrardekk á felgum. Uppl. í s. 893-7174, Guðmundur, Stokkseyri.

Til sölu járnsög 3 fasa, súluborvél 3 fasa, ESAB 180 rafsuðuvél 1 fasa, logsuðutæki, naglabyssa fyrir timbur, gírkassatjakkur og hjólatjakkur. Uppl. í s. 893-3475.

Benz-áhugamenn: Til sölu M Benz 508 árg. ´87. Ekinn aðeins 9.400 km. Er að rífa Benz árg. ´82, ýmislegt nýtilegt úr honum. Uppl. í síma 691-2924, Haukur.

Scania lbs85 árg. 1975. Án ath. Aðalskoðun í fyrra. Vél lítið keyrð frá upptöku. Hentugri ef breyta á fyrir t.d. repjuolíu, biodísil eða aðrar umhverfisvænni blöndur. Tilboð í s. 431-2079 milli kl.17 og 21.

Píanó til sölu. Uppl. í síma 567-4894.

Óska eftir

Vantar Benz 4x4 fólksbíl, eða station. Ástand sæmilegt. Uppl. í síma 891-9900.

Óska eftir 150 kW rafmagnstúpu. Uppl. í síma 618-7877, Marinó.

www.bbl.is

Atvinna

Spænskur 43 ára gamall karlmaður óskar eftir starfi, helst á Suðurlandi. Hann hefur starfsreynslu af kúabúum og öðrum fjölbreyttum störfum. Meðmæli fyrir hendi. Uppl. gegnum netfangið alvaroartigas19@gmail.com eða í s. 848-1894.

Ég er 22 ára stúlkukind sem langar að prufa mig meira áfram í afleysingum. Vön Lely mjaltaþjóni og rörmjaltakerfi, en aðeins komist í tæri við gryfjur. Hafið samband í netfang ragnheidurelin8@gmail.com fyrir meiri upplýsingar.

Einkamál

Innilegar heilla- og hamingjuóskir með nýborinn son, Rögnvaldur á Hrafnabjörgum. Fyrir hönd sveitarinnar, Hreppi.

Kona 70+ óskar eftir að kynnast góðum, traustum og heiðarlegum manni. Uppl. í síma 865-0662.

Gefins

Er með mikið magn af djúpsteikingarolíu gefins. Er í 20 lítra brúsum. Upplýsingar á netfangið svaki63@gmail.com

Húsnæði

Íbúð til leigu í Eyjarfjarðarsveit. 64 fm íbúð til leigu. Íbúðin er 3 lítil herbergi, stofa, baðherbergi með sturtu, eldhús og lítil forstofa. Íbúðin er laus strax. Uppl. í síma 895-1309, netfang: samkomugerdi@icloud.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Nýbyggingar, sökklar, sumarhús, viðhald húsa. Byggingarstjórn, tilboð, tímavinna. Uppl. í síma 893-5374 og gegnum netfangið nybyggd@gmail.com

Úrbeining. Tek að mér að úrbeina, hakka, pakka, laga kjötfars og bjúgu. Get sótt kjötið í SS Selfossi eða Hvolsvelli. Uppl. í síma 868-0544, Smári.

Veffundur um samkomulag um starfsskilyrði nautgriparæktar

Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda munu halda opinn veffund **mánudaginn 11. nóvember kl. 12.00** þar sem fjallað verður um nýgert samkomulag um endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Á fundinum mun forystufólk bænda, sem kom að gerð samkomulagsins, fjalla um þætti þess og kynna helstu breytingar. Bændur geta sent inn spurningar í gegnum Netið sem frummælendur munu leitast við að svara.

Upplýsingar um tengingu inn á fundinn verða settar inn á vef Bændasamtakanna, ***www.bondi.is***, og Facebook-síðu BÍ þegar nær dregur.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út

21. nóvember

VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -

Fjölplógur PUV1600
Breidd 1,6m, með 3P festingu
Verð: 436.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk

PRÓNAR

Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 830.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,0m Verð: 890.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV „HD“
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk

Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 195.000 kr. + vsk

Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 355.000 kr. + vsk

Fjölplógur, SBM festing
VB-3200, 3,2m, 1.155 kg
Verð: 1.470.000 kr. + vsk

VB-3700, 3,7m, 1.205 kg
Verð: 1.590.000 kr. + vsk

Flaghefinn 310-70
3m, +/- 32°, 1692 kg
Verð: 645.000 kr + vsk

Snjóskófla með vængjum
SBM festing.
2,4 - 3,77m. Verð: 749.000 kr. + vsk
3 - 4,54m. Verð: 1.250.000 kr. + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Liebherr R926 SLC
Árg. 2013. 750 mm spyrnur, tvískipt bóma, vökvahraðtengi, 4000 vst. 2 skóflur, góm og tennt.

Yanmar SV18 smágröfur
1,95 tonn. Til á lager.

Yanmar SV26 smágrafa
2,7 tonn. Árg. 2017. 195 vst. Smurkerfi, rótortilt og 4 skóflur.
Verð: 5.270.000 + vsk umboðssala.

Yanmar V8
4,3 tonn. Árg. 2016. 340 vst. Vökvahraðtengi, opnanleg skófla og gaflar.
Verð: 5.000.000 + vsk.

Komatsu PC130
Árg. 2005. 12.000 vst. Rótortilt og tvær skóflur. Ný vökvadæla.
Verð: 5.000.000 + vsk.

Liebherr A918 Compact
17,5 tonn. 2015 árg. 5.500 vst. Rótortilt með gripfingrum og þrjár skóflur. GPS kerfi getur fylgt. Vel útbúin vél.
Verð: 16.500.000 + vsk.



JCB 8030
Árg. 2014. 2600 vst., 4 skóflur þar af ein tiltskófla.

Tsurumi dælur í miklu úrvali.

Weber jarðveggsþjöppur og hopparar til á lager.

Uppl. í síma 660-6051

MERKÚR
www.merkur.is

Rúmlega helmingur landsmanna hefur heimsótt Hrísey

Rúmlega helmingur landsmanna hefur heimsótt Hrísey um ævina og 17% á síðustu fimm árum samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar sem Gallup gerði fyrir Akureyrarstofu. Greint er frá könnuninni á vefsíðu Akureyrarbæjar.

Langalgengasta ástæða þess að fólk hefur ekki heimsótt Hrísey er að hugmyndin um heimsókn hefur ekki kviknað og að fólk hreinlega veit ekki hvað þangað er að sækja. Þetta bendir til þess að full ástæða sé til að auka markaðssetningu Hríseyjar sem gefi um leið gott færi á að efla ferðaþjónstu þar og styrkja búsetu í eyjunni. Mjög fáir nefna að það taki of langan tíma að sigla út í Hrísey eða kosti of mikið, enda tekur sjóferðin rétt um 15 mínútur og kostar aðeins 1.500 kr. báðar leiðir, segir í fréttinni.

Náttúra og gönguleiðir draga fólk helst að

Það sem helst dregur fólk út í Hrísey er náttúran og gönguleiðirnar, eða 24% þeirra sem tóku þátt, hópferðir til dæmis með vinnufélögum voru nefndar í 22% tilvika, kyrrðin í 18% tilvika og heimsókn til ættingja var nefnd af 16% svarenda.

Könnunin er hluti af markaðsátaki Akureyrarstofu sem hefur það að markmiði að auka áhuga Íslendinga á að heimsækja Hrísey. Markaðsátakið nýtur stuðnings frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. */MÞÞ*

Ferðafólk á leið út í Hrísey. Mynd / María Helena Tryggvadóttir

Fjarðabyggð veitir umhverfisviðurkenningar í fjórða sinn

Fjarðabyggð hefur afhent umhverfisviðurkenningar fyrir árið 2019, það var gert við athöfn í Randulfssjóhúsi á Eskifirði. Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri og Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs, sáu um afhendingu viðurkenninganna. Við það tækifæri fóru þau yfir mikilvægi þess að veita verðlaun þeim sem standa sig vel í umhverfismálum, slíkt væri öllum hvatning til góðra verka.

Þetta er í fjórða sinn sem Fjarðabyggð veitir umhverfisviðurkenningu fyrir snyrtilegustu lóð í þéttbýli, dreifbýli og til fyrirtækis. Komin er á hefð hjá umhverfis- og skipulagssviði Fjarðabyggðar að afhenda viðurkenningarnar, við hátíðlega athöfn, á síðasta degi sumars. Ferlið er þó þannig að óskað er eftir tilnefningum til viðurkenningar fyrir snyrtilegustu lóðirnar í byrjun ágúst ár hvert. Dómnefnd vinnur síðan úr tilnefningum.

Í ár bárust alls 15 tilnefningar til verðlaunanna en viðurkenningar hlutu hjónin Friðrika Björnsdóttir og Þorvaldur Einarsson, Fossgötu 6, Eskifirði fyrir snyrtilegustu lóð í þéttbýli. Í umsögn dómnefndar segir að garðurinn sé afar fallegur með fjölbreyttu plöntuvali, ásýnd lóðar er til fyrirmyndar í alla staði. Garðurinn er falin perla.

Viðurkenningu fyrir snyrtilegustu lóð í dreifbýli hlaut Golfklúbbur Byggðarholts á Eskifirði en í umsögn dómnefndar segir að umgjörð vallar sé falleg og stílhrein og húsin fallega uppgerð.

Steinasafn Petru

Viðurkenningu fyrir snyrtilegustu lóð fyrirtækis hlaut Steinasafn Petru á Stöðvarfirði. Umsögn dómnefndar: „Einstaklega fallegt svæði, þar sem öllu er vel við haldið. Metnaður, vinnusemi og snyrtimennska lýsa vel starfseminni," segir í umsögn dómnefndar og að um sé að ræða yndisgarð Fjarðabyggðar. */MÞÞ*

Umhverfisviðurkenningar voru á dögunum veittar í Fjarðabyggð fyrir snyrtilegar lóðir í dreif- og þéttbýli sem og fyrirtækis.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

Kirkjubæjarstofa hlaut menningarverðlaunin

Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri hlaut Menningarverðlaun Suðurlands 2019, sem afhent voru á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á Hótel Geysi á dögunum. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi.

Í umsögn dómnefndar kemur fram að Kirkjubæjarstofa hefur unnið markvisst að eflingu Kirkjubæjarstofu með fjölbreyttum menningarverkefnum sem eru eins ólík og þau eru mörg. Kirkjubæjarstofu hefur auðnast að sinna menningarhluta starfseminnar einstaklega vel þar sem stuðlað er að þátttöku íbúa og gesta, meðal annars með fjölbreyttum sýningum og verkefnum. Mörg þeirra eru nýjungar og má þar nefna verndun menningarminja í formi söfnunar á ljósmyndum, þjóðsögum og örnefnum og skrásetning þeirra og framsetning í formi heimasíðu og bóka er til fyrirmyndar. Kirkjubæjarstofa hefur lagt áherslu á menningu hjá börnum og ungmennum og tengt saman kynslóðir af mismunandi uppruna. Kirkjubæjarstofa hefur einnig staðið að fjölda ráðstefna og málþinga undanfarin ár sem vakið hafa athygli og eftirtekt.

Errósetur á Klaustri

Ólafía Jakobsdóttir er forstöðumaður Kirkjubæjarstofu og hefur verið það frá árinu 2003. Hjá Kirkjubæjarstofu starfa fjórir starfsmenn. Kirkjubæjarstofa hefur ásamt fleirum unnið markvisst að því að koma á fót þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri, nú hefur verið úthlutað fjármagni úr Byggðaáætlun 2018–2024 til hönnunar samtals kr. 67.500.000 á þremur árum.

Þekkingarsetrinu er ætla að vera öflugur vettvangur Kirkjubæjarstofu, Errósetur, sveitarfélagsins Skaftárhrepps og margra aðila sem koma til með að sinna rannsóknum, fræðslu, listsköpun og menningu og stuðla þannig að eflingu búsetu og atvinnulífi á svæðinu. */MHH*

Kirkjubæjarstofa: Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar og varaformaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga afhenti Ólafíu Jakobsdóttur menningarverðlaun Suðurlands á Hótel Geysi, en Ólafía stýrir Kirkjubæjarstofu af miklum myndarskap. Mynd / Guðlaug Ósk Svansdóttir

Þarftu að skreppa í bæinn?
Mjög falleg og notaleg þriggja herbergja fullbúin íbúð í hjarta Hafnarfjarðar. Íbúðin sem er fullbúin húsgögnum er með svefnpláss fyrir allt að sex manns.
Allar upplýsingar inn á booking.com/ Hafnarfjörður og nafn íbúðar Pond apartment eða í s. 695-1095, Gyða - gyda@nyttheimili.is

Ólafur og Kristín með fimm stjörnu viðurkenninguna, ásamt Maríu Brá Finnsdóttir hótelstjóra. Mynd / MHH

Fimm stjörnur á Hótel Grímsborgir

Hótel Grímsborgir í Grímsnes- og Grafningshreppi er nú orðið að fimm stjörnu hóteli eftir að hafa fengið slíka vottun frá Vottunarstofunni Túni og Ferðamálastofu samkvæmt kröfu Vakans, gæða- og umhverfiskerfis ferðaþjónustunnar.

Nýtt hótel við Bláa Lónið er líka nýbúið að fá fimm stjörnur samkvæmt sama kerfi. Ólafur Laufdal og eiginkona hans, Kristín Ketilsdóttir, eiga og reka Hótel Grímsborgir, sem er lúxushótel staðsett á glæsilegum stað í kjarrivöxnu landi við Sogið í Grímsnesi. Hótelið býður upp á gistingu í 68 superior herbergjum, 8 svítum, 5 stúdíóíbúðum og 7 stærri íbúðum með 4 svefnherbergjum hver, sem rúma allt að 8 manns. Herbergin og svíturnar eru með sér svalir og aðgang að heitum pottum. Útlendingar eru um 90% gesta yfir sumartímann en yfir veturinn er hópurinn meira blandaður Íslendingum og útlendingum.

/MHH

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Hann rétti út hönd sína frá himni og greip mig, dró mig upp úr vötnunum djúpu... Hann leiddi mig út á víðlendi, leysti mig úr áþján.

Sálm. 18.17,20

biblian.is

Hin Árlega Villibráða Selaveisla
útselskópur, gæs, lundi, hvalur, lax, lamb & fl.
9. nóvember

Haukahúsinu Ásvöllum Hafnarfirði
Hús opnar kl. 19.00

Heiðursgestur flytur lauflétt gamanmál að venju
Jóhannes eftirherma
Söngur, glens og gaman
Veislustjóri - Tryggvi Gunnarsson Flatey
Ekta Harmonikkuball til kl. 01.00

Hægt er að kaupa miða
hjá Ingibjörgu í síma 895-5808

Miðaverð 7.900 kr.
Allir velkomnir

Veitingahúsið Lauga-ás
Stofnað 1979

Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

ELWIS höfuðljós
Létt ljós fyrir fagmenn og í útiveruna

- Létt höfðuðljós
- Auðvelt að breyta úr lágum geisla í háan
- Hægt að breyta halla
- Breiður geisli
- Mjúkur púði og teygjanleg ól

Verð frá:
kr. 1.992,- til 11.148,-

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð
af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
Maria Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT
OG DRIFSKAFTAEFNI

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

HEITUR POTTUR.IS
KALDUR POTTUR.IS

GÁMATILBOÐ
- Saunatunnur - saunaofnar -
- viðarpottar - viðarkynding -
Verð frá 99.000kr.

S: 416 - 2500
info@heiturpottur.is

EYJALIND
GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeilur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kuplingsdiskur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternatora.* Viftuhjól á vatni 24V. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Bláskógabyggð

Til hamingju með nýjan og glæsilegan leikskóla.

Leikskólinn Álfaborg í Reykholti, Biskupstungum.

HK Verktakar sáu um 2. áfanga verksins, alla innanhússsmíði og frágang lóðar.
Tréborg trésmíðaverkstæði sá um smíði á öllum innréttingum.
Jóhann Helgi & Co sáu um útileiktækin, girðingarnar, gervigrasið og hellulagnirnar.



HK VERKTAKAR hkverktakar@gmail.com

Tréborg

JÓHANN HELGI & Co